

## Grænland ekki til sölu

**UTANRÍKISMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir Grænland ekki vera til sölu en bandalag og vinátta Dana og Bandaríkjamanna muni þó standa óhöggðu.

Stjórnmalámennt í Danmörku lýstu margir undrun sinni í gær eftir að Donald Trump Bandaríkjaforseti aflýsti fyrirhugaðri heimsókn sinni til landsins þar sem hann fékk ekki að ræða sölu á Grænlandi við Mette Frederiksen, forsætisráðherra Danmerkur.



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra.

„Framvinda þessa máls hefur vissulega komið mér á óvart eins og bæði grænlenskum og dönskum stjórnvöldum. Viðbrögð ráðamanna í Danmörku og á Grænlandi tala sínu máli og litlu við það að bæta sem fram hefur komið af þeirra hálfu,“ segir Guðlaugur Þór.

Hann segir engan þurfa að efast um að Grænland sé ekki til sölu. „Bandalag og vinátta Danmerkur og Bandaríkjanna mun að sjálfsögðu standa óhöggðu. Það háttar reyndar þannig til að ég er í vinnuheimsókn á Grænlandi þessa dagana og þar er hvorki hið stórbrotna land né hin kraftmikla grænlenska þjóð til sölu. Um það þarf enginn að efast.“

— þea / sjá síðu 6

## Matarvagnar skekkja stöðu

**VIÐSKIPTI** Þórir Gunnarsson, veitingamaður og eigandi atvinnuhúsnæðis í miðbæ Reykjavíkur, segir stefnu borgaryfirvalda varðandi matarvagna, eða kofana eins og hann kallar þá, skekkja samkeppnisstöðu veitingastaða.

„Kofarnir bera enga skyldu gagnvart neinum og geta farið þegar þeim hentar en þeir eru í beinni samkeppni við veitingastaðina sem eru að þjónusta fólk allt árið,“ segir Þórir.

Verðlagið sé sambærilegt en verð á stöðuleyfi matarvagnanna sé aðeins brot af fasteignagjöldum veitingastaða. — þfh / sjá síðu 8



# Betra (um)hverfi betra líf

Góð hönnun og skipulag getur stuðlað að auknum lífsgæðum. Umhverfið hefur áhrif á líðan okkar og þægileg samskipti við nágranna lífga upp á hversdaginn. Lífslíkur eru hærri í borgum þar sem hreyfing fléttast inn í daglegt líf. ➔ 10



Góðar borgir ættu að virka jafnt fyrir 8 og 80 ára.

### Betolvex B-12

**Betolvex 1 mg cyanocobalamin.**

1 mg (cyanocobalamin) filmuhúðaðar töflur

Betolvex inniheldur 1 mg af cyanocobalamin (B12-vítamini). Betolvex er gefið við B12-vítamínskorti og þegar hættu er á slíkum skorti. Viðhaldsskammtar/ fyrirbyggjandi meðferð: Venjulega 1 tafla á dag. Töflurnar skal helst taka á fastandi maga. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lýsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)**

Actavis

## Telja húsnaði Fossvogsskóla standast kröfur

**REYKJAVÍK** Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur telur að eftir þrífaraðgerðir í kjölfar framkvæmda við Fossvogsskóla standist húsnaði og búnaður allar kröfur um öryggi.

Skólanum var lokað í vor og ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir vegna myglu- og rakaskemmda. Komu þær í ljós eftir ábendingu frá foreldri barns en skómmu áður hafði Heilbrigðiseftirlitið skoðað skólann og ekki gert neinar athugasemdir vegna raka.

Austur- og miðalma skólans voru tilbúnar í skólabyrjun en Vesturálman verður tilbúin um áramót. Húsnaðismál skólans verða leyst með tilfæringum innan skólans og þarf því ekki að kenna í húsnaði KSÍ og Þróttar í Laugardal líkt og í vor.

Mikil reiði var á fundi foreldra með fulltrúum skólans, Reykjavíkurborgar og Verkis í síðustu viku. Var ekki hægt að svara mörgum spurningum foreldra þrátt fyrir að það væri tekið fram í fundarboðinu. Voru þá framkvæmdir til að ráða niðurlögum myglunnar enn ókláraðar, var til dæmis ekki búið að þrifa stóla sem innihéldu svamp.

Í bréfi sem Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, sendi foreldrum í gær segir hann að í kjölfar fundarins hafi hann fundað með fulltrúum Heilbrigðiseftirlitsins sem hafi fullvissað hann um að húsnaði og allur búnaður standist allar öryggiskröfur.

„Allir stólar með tauáklæði hafa verið fjarlægðir úr skólahúsnaðinu. Stólar og annar búnaður með ógleypt yfirborð, þ.m.t. vinyll, hefur verið þrífinn til samræmis við fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits,“ segir í bréfi Helga. Þar að auki þurfi ekki að afskrifa bókasafnskost skólans. — ab




Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

### nettó

**Allt fyrir skólanestið í Nettó!**

## Veður



Norðaustlæg eða breytileg átt 3-10 í dag. Bjart að mestu á vesturhellingi landsins, en stöku skúrir þar síðdegis. Dálítil rigning um landið austanvert. **SJÁ SIÐU 24**

## Skynsemi ráði siglingum

**SJÁVARÚTVEGUR** Í gær rákust tveir smábátar á við Langanes og þurftu björgunarskip að draga þá í land. Vont var í sjó og hvasst.

Aðspurður um hvort strandveiðitímabilið sé of stutt og að smábátamenn þurfi að taka áhættu segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátageigna, að kerfið sé ekki gallalaust en að



Örn Pálsson framkvæmdastjóri Landssambands smábátageigna.

þær breytingar sem gerðar voru fyrir tveimur árum hafi verið jákvæðar og aukid öryggi. Í ágúst hefur verið mikil bræla og smábátasjómenn hafa mátt missa út fjóra daga. „Almennt séð láta menn skynsemina ráða þó kerfið sé ekki gallalaust. Ef veður er slæmt sigla menn nálægt landi,“ segir Örn. „En það getur alltaf myndast pressa.“  
– khg

## Fjárfesta í íslensku vatni

**VÍÐSKIPTI** BlackRock, eitt stærsta eignastýringarfyriretæki Bandaríkjanna, hyggst leggja íslenska drykkjarvöruframleiðandanum Icelandic Glacial til fé sem nemur ríflega 4,4 milljörðum króna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Jóni Ólafssyni, stjórnarformanni Icelandic Glacial.

Icelandic Water Holdings tapaði 18,1 milljón dollara, sem samsvarar um 1,9 milljörðum króna, árið 2016 og jókst tapið um 650 milljónir króna milli ára. Stærsta eign Icelandic Water Holdings er vatnsból sem það metur á ríflega 10 milljarða króna. – ilk

## Verslað fyrir skólann



Skólarnir eru að hefjast og þá þarf að verða sér úti um ýmsa hluti til að láta skólastarfið ganga smurt fyrir sig. Þó svo að sveitarfélög útvegi ritföng þarf samt sem áður að gæta þess að eiga blýant heima að ógleymdum skiptibókunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ  
+PLÚS

## Bæjarráð hafnaði styrkveitingu

**KVIKMYNDIR** Bæjarráð Hornafjarðar hefur hafnað ósk aðstandenda kvikmyndarinnar Hvítur, hvítur dagur um styrk til þess að hægt sé að sýna myndina í sveitarfélaginu. Kvikmyndin var tekin upp í Hornafirði sem er jafnframt heimabær leikstjórans, Hlyns Pálmasonar.

Aðstandendur óskuðu eftir 400 þúsund króna styrk til kaupa á sýningarbúnaði þar sem enginn slikur er til í sveitarfélaginu. Yrði þá hægt að nota hann til kvikmyndasýninga í framtíðinni.

Bæjarráð hafnaði óskinni og vísaði til styrkveitingar hjá atvinnu- og menntamálanefnd og hjá sjóðum Sambands sunnlenskra sveitarfélaga.  
– khg



## Steindi ætlar að koma með titilinn heim

Steindi Jr. er staddur í finnsku borginni Oulu til að taka þátt í heimsmeistarátönu í luftgítar. Með honum í för er Sigríður móðir hans og gera þau ráð fyrir íslenskum sigri. Steindi segir Eurovision fölna miðað við keppnina.

**TÓNLIST** Stífar æfingar voru í gangi þegar Fréttablaðið náði tali af Steindri Þóri Hróari Steinþórssyni. Hann keppir fyrir Íslands hönd í heimsmeistarátönu í luftgítar sem fram fer í finnsku borginni Oulu. Steindri er Íslendingur kunnur sem Steindi Jr. en á mótinu gengur hann undir nafninu Rock Thor Jr.

Steindi segir að listamaðurinn Sjón eigi heildurinn af hinu nýja nafni. Sjón hefur verið ráðgjafi Steinda í ferlinu. Hann var sjálfur frumkvöðull í luftgítar á heimsvisu er hann lék með Sykurmolunum og kallaði sig Johnny Triumph. „Það er alltaf verið að taka hluti af Íslendingum, við fundum Ameríku, við fundum upp kokteilsósuna. Ég ætla að koma með þennan titil heim,“ segir Steindi ákveðinn.

„Ég er mjög peppaður í þetta,“ segir Steindi. „Það má segja að Eurovision fölni í samanburði við þessa keppni. Hingað streyma þúsundir og stórir fjölmiðlar á borð við BBC eru hérna að fjalla um keppnina.“

Á sviðinu mun Steindi „spila“ undir við eitt lag, sem er bræðingur frá rokksvéitum á borð við AC/DC. Hann hefur aðeins eina mínútu til að heilla dómnefndina sem inniheldur meðal annarra Doug Blair, gítarleikara W.A.S.P.

Steindi spilar sjálfur ekki á alvöru gítar en það er ekki skilyrði. „Mig hefur alltaf langað til að verða bestur í einhverju. Ég sá auglýsingu fyrir Íslandsmeistarátönu á Eistnaflugi og ákvað að taka þetta mjög alvarlega og æfði stíft.“

Spurður um hver sé lykillinn að góðri frammistöðu í luftgítar segir Steindi: „Mestu máli skiptir að ná tengingu við áhorfendurna. Síðan skiptir búningurinn máli, líkamleg



Rock Thor Jr. og móðir hans, Sigríður Erna.

Það má segja að Eurovision fölni í samanburði við þessa keppni.

Steindi Jr.

frammistaða og fleira. Við þurfum líka að fylgja reglunum, eins og að mega ekki „týna“ gítarum.“

Með Steinda í för er Sigríður Erna Valgeirsdóttir, móðir hans, og hún er álika spennit og hann. „Ég fór með til að peppa hann og sjá hann vinna keppnina. Ég er stolt af stráknum,“ segir Sigríður. Segir hún mikla stemningu í Oulu og fólk á öllum

aldri þar samankomið. „Ég er ekki eina mamman sem fylgja keppanda, ég hitti eina frá Japan.“

Ríkjandi heimsmeistari er japönsk stúlka að nafni Nanami Nagura, sem gengur undir nafninu Seven Seas. A meðal keppinauta Steinda í ár eru Bandaríkjamáðurinn Nordic Thunder og Frakkinn French Kiss.

Líkt og Hatari gerði í Eurovision vill Steindi reyna að nýta tækifæri til að koma pólitískum skilabodum á framfæri. „Pútín er að lenda í Helsinki í dag. Hann veit að það eru margir Rússar að keppa hérna. Ef hann kemur á keppnina reyni ég að ná tali af honum undir fjögur augu,“ segir Steindi áður en hann heldur aftur til æfinga.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**Hefur þú prófað nýju kjúklingasteikurnar?**

**NÝTT OG SPENNANDI FRÁ HOLTA**

**Hella**  
KJÚKLINGUR

ÍTÖLSK  
KJÚKLINGASTEIK

KÖRESK  
KJÚKLINGASTEIK

+PLÚS



## Skólainnkaupin

Blýantar, skólataska, strokleður, nestisbox, límstifti, sundföt, yddari, vatnsbrúsi. Listinn er langur yfir það sem þarf að eiga þegar skólinn hefst. Sigtryggur Ari, ljósmyndari Fréttablaðsins, kom við í nokkrum ritfangaverslunum í dag. Eins og sjá má á myndunum eru margir að gera sig klára fyrir veturinn.





**NÝTT**  
Húsasmíðjublað  
er komið út



# HÚSASMÍÐJU DAGAR

Heimilið klárt fyrir haustið



Allt að

# 50%

## afsláttur

« 20% • 25%

25% • 35% »

Allt að

# 40%

afsláttur  
af völdum verkfærum



# 25%

## afsláttur

af allri LADY  
málningu



# 25%

## afsláttur

af GROHE og DAMIXA  
blöndunartækjum og LAUFEN  
salernum og handlaugum



damixa™ GROHE LAUFEN

# 20%

## afsláttur

af JOTUN viðarvörn, pallaolíu  
og pallahreinsi



# 25%

## afsláttur

af öllum PHILIPS  
ljósum

Gildir ekki af  
Philips Hue

PHILIPS



# 25%

## afsláttur

af öllu parketi



# 25%

## afsláttur

af öllum GASTROMAX  
búsáhöldum




## HAUSTPLÖNTURNAR ERU KOMNAR!

-28%

Erika/Calluna  
3 stk:

# 1.299 kr

10327400



POTTAPLÖNTU

# ÚTSALAN

ER ENNÁ Í FULLUM GANGI

# 20-50%

AFSLÁTTUR



# Fulltrúi Bankasýslunnar segist hafa „átt við ofurefli að etja“

**VIÐSKIPTI** Þáverandi fulltrúi Bankasýslu ríkisins í stjórn Arion banka segist hafa „átt við ofurefli að etja“ þegar Höskuldur Ólafsson, fyrrverandi bankastjóri, hafi sumarið 2017 farið fram á sex mánuði í viðbót í starfslokagreiðslu.

„Mér fannst það of vel í lagt,“ útskýrir Kirstín Þ. Flygenring, sem var aðalmaður í stjórn bankans 2014 til 2018, en menn hafi „endilega viljað halda“ í Höskuld þar sem Monica Caneman, stjórnarformaður til fjölda ára, var þá nýhætt

og útboð og skráning Arion stóð fyrir dyrum. „Því samþykkti ég þetta með semingi,“ segir Kirstín.

Greint var frá því í Markaðinum í gær að fulltrúi Bankasýslunnar, sem hélt þá utan um 13 prósent hlut í bankanum, hefði ekki gert athugasemdir við þær breytingar sem gerðar voru á ráðningarsamningi Höskuldur. Þær tengdust uppsagnarfresti og samningi um starfslok og þýddu að bankinn þurfti að bókfæra 150 milljóna launakostnað þegar Höskuldur lét af störfum í

apríl á þessu ári. Voru breytingar á ráðningarsamningnum samþykktar af öllum stjórnarmönnum.

Kirstín segir að þegar hún hafi fyrst sest í stjórn bankans 2014 þá hafi Höskuldur þegar verið með starfslokasamning sem nam einum og hálfum ársláunum. „Mér þótti það ærið á þeim tíma enda viðtekið að menn í slíkum stöðum fái eitt ár í starfslokagreiðslur.“ Þá bendir hún á að bankinn hafi verið búinn að innleiða kaupaukakerfi.

„Höskuldur var alltaf mjög harð-

**Höskuldur var alltaf mjög harður í launakröfum.**

Kirstín Flygenring, fyrrverandi stjórnarmaður í Arion banka



ur í launakröfum,“ bætir Kirstín við, og segir hann jafnan hafa verið dyggilega studdan af erlendum stjórnarmönnum bankans. „Mér fannst þessar launakröfur út úr korti og afar slæmar fyrir orðspor bankans.“

Kirstín vekur athygli á því að hún hafi setið hjá við atkvæðagreiðslu í stjórninni árið 2018 þegar Höskuldur hafi viljað fá þrettán, eða jafnvel sautján, prósent launahækkun og „starfslokagreiðslan tengist að sjálf-sögðu launinum beint“. – hae



FRÉTTABLAÐIÐ IS

**1 Fulltrúi Bankasýslunnar: „Samþykkti þetta með semingi“** Þáverandi fulltrúi Bankasýslu ríkisins í stjórn Arion banka segist hafa „átt við ofurefli að etja“.

**2 Sýna örin eftir baráttuna við krabbamein á tiskuljósmyndum** Kraftur, félag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein, stendur fyrir ljósmyndasýningu í Hörpu á Menningarnótt.

**3 Bandaríkjamenn fjárfesta í íslensku vatni fyrir 4,4 milljarða** BlackRock, eitt stærsta eignastýringar fyrirtæki Bandaríkjanna, mun fjármagna íslenska drykkjarvöruframleiðandann Icelandic Glacial.

**4 Ofáætlun tekna bendi til minnkandi hlutdeildar** Greinendur Arion banka telja að Sýn sé áfram að tapa markaðshlutdeild.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)

FRÉTTABLAÐIÐ  
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á [www.frettabladid.is#nyskraning](http://www.frettabladid.is#nyskraning) Það kostar ekkert.

## Vilja láta taka niður steinvegg hvalaskoðunarfyrirtækis

Norðurþing krefst þess að eitt stærsta hvalaskoðunarfyrirtæki landsins taki niður hlaðinn vegg sem umlykur lóð þess við höfnina á Húsavík. Umræddur veggur sé ekki inni á lóð fyrirtækisins og ekki hafi fengist leyfi hjá sveitarfélaginu. Málið kom upp í fyrra og hafa samningaumleitarnir farið út um þufur.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Norðurþing hefur farið fram á það við hvalaskoðunar fyrirtækið Gentle Giants að fjarlægð verði mannvirki sem fyrirtækið nýtir við Hafnarstétt á Húsavík. Ekki hafa fengist tilætluð leyfi að mati sveitarfélagsins fyrir mannvirkinu og er það því kallað óleyfis mannvirki.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings sendi fyrirtækinu Gentle Giants bréf þann 16. ágúst þar sem þess er einfaldlega krafist að fjarlægð verði það mannvirki sem stendur utan lóðar fyrirtækisins við Hafnarstétt 13. Mannvirkið er í raun hlaðinn veggur sem umlykur lóðina, steinveggur sem er utan lóðarmarka.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings, segir málið hafa hafist í ágúst í fyrra þegar hann hafi orðið þess áskynja að framkvæmdir væru hafnar við þennan steinvegg utan lóðarmarka. Var þá farið fram á verkstöðvun og að veggurinn yrði fjarlægður.

„Sú ákvörðun sveitarfélagsins var svo kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Úrskurðarnefndin kvað svo upp í lok síðasta árs sveitarfélaginu í vil,“ segir Gaukur. „Þá fór sveitarfélagið í það að reyna að koma á samkomulagi við fyrirtækið en forsvarsmenn fyrirtækisins hafa ekki viljað ganga að því samkomulagi.“

Því eru skiptar skoðanir á málinu og menn ekki á eitt sáttir um lyktir mála. Ljóst er samkvæmt fundargerðum skipulags- og fram-



Hlaðni steinveggurinn sem um ræðir umlykur lóð hvalaskoðunarfyrirtækisins við Hafnarstétt á Húsavík.

**Fyrirtækið hefur síðan haldið áfram að framkvæma utan lóðarmarka eftir að úrskurður var kveðinn upp, umfram það sem áður var.**

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings

kvæmdaráðs Norðurþings að nú sé mál að linni og umleitarnir um samkomulag ekki í höfn. „Fyrirtækið hefur síðan haldið áfram að framkvæma utan lóðarmarka eftir að úrskurður var kveðinn upp, umfram það sem áður var,“ bætir Gaukur við.

Saga hvalaskoðunar á Húsavík er nokkuð löng og hún er ein af undirstöðum ferðaþjónustu í bænum. Að minnsta kosti fjögur fyrirtæki, misstór að vanda, hafa starfað við

hvalaskoðun á svæðinu í gegnum tíðina og er Gentle Giants eitt það stærsta á landinu og sinnir tugþúsundum gesta ár hvert. Um það bil níu skip eru í notkun hjá fyrirtækinu og eru svokallaði RIB-bátar, hraðskreiðir opnir harðskeljabátar, þeir vinsælustu innan flotans.

Stefán Guðmundsson, forstjóri fyrirtækisins Gentle Giants, vildi ekki veita viðtal vegna málsins þegar Fréttablaðið náði tali af honum. [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)

jeep.is

## ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

### JEEP® GRAND CHEROKEE

FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

- 3.0L V6 DÍSEL
- 250HÖ / 570 NM TOG
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- LOFTPÚÐAFJÓÐRUN
- LÆSING Í AFTURDRIFI (TRAILHAWK OG OVERLAND)

**JEEP® GRAND CHEROKEE KOSTAR FRÁ 9.990.000 KR.**

# Tilboðsbílar á góðu verði



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.  
Bílarinn okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



AFSLÁTTUR  
**400.000 KR.**

Rnr. 391914

**SKODA Octavia Ambition**  
Nýskr. 01/14, ekinn 89 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.990.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**1.590.000 kr.**  
20.483 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
**400.000 KR.**

Rnr. 145884

**NISSAN Pulsar Acenta**  
Nýskr. 03/16, ekinn 95 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 1.690.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**1.290.000 kr.**  
16.690 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
**400.000 KR.**

Rnr. 145864

**SUBARU Outback Premium Eyesight**  
Nýskr. 04/16, ekinn 103 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.690.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**3.290.000 kr.**  
41.976 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
**400.000 KR.**

Rnr. 391905

**SUZUKI SX4**  
Nýskr. 02/17, ekinn 20 þ.km,  
bensín, beinskiptur.  
Verð 3.390.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**2.990.000 kr.**  
38.183 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
**500.000 KR.**

Rnr. 145859

**VW Golf Variant Comfortline**  
Nýskr. 05/17, ekinn 99 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.390.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**1.890.000 kr.**  
24.275 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
**400.000 KR.**

Rnr. 145812

**NISSAN X-Trail Tekna 2wd**  
Nýskr. 08/16, ekinn 31 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.390.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**3.990.000 kr.**  
50.826 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
**400.000 KR.**

Rnr. 145766

**RENAULT Talisman Zen Sport Tourer**  
Nýskr. 02/17, ekinn 58 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.390.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**2.990.000 kr.**  
38.183 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
**500.000 KR.**

Rnr. 430403

**HYUNDAI Santa Fe III Style**  
Nýskr. 05/17, ekinn 91 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.990.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**4.490.000 kr.**  
57.147 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
**600.000 KR.**

Rnr. 153595

**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**  
Nýskr. 07/17, ekinn 60 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.490.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**2.890.000 kr.**  
36.918 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR  
**700.000 KR.**

Rnr. 145543

**RENAULT Kadjar Zen 4wd**  
Nýskr. 06/17, ekinn 70 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 2.990.000 kr.

**TILBOÐ!**  
**2.290.000 kr.**  
29.333 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

✓ **Ástandsskoðun**

✓ **Fjármögnun á staðnum**

✓ **Allt að 80% lán**

🔑 **Lykill**



Rnr. 392058

**NISSAN Juke Acenta 2wd**  
Nýskr. 07/18, ekinn 11 þ.km,  
dísil, beinskiptur.  
Verð 3.290.000 kr.



Rnr. 430570

**HONDA Jazz Elegance**  
Nýskr. 10/17, ekinn 18 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 2.690.000 kr.



Rnr. 121740

**HYUNDAI Tucson Comfort**  
Nýskr. 05/16, ekinn 71 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.550.000 kr.



Rnr. 146160

**SUBARU Forester Lux+**  
Nýskr. 11/18, ekinn 12 þ.km,  
bensín, sjálfskiptur.  
Verð 6.290.000 kr.



Rnr. 110203

**RENAULT Captur Intens**  
Nýskr. 11/15, ekinn 36 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.290.000 kr.

**Opið frá kl. 9-18 alla virka daga  
og laugardaga frá kl. 12-16**

Bíland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík  
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ  
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is  
www.facebook.com/bilaland.is

**bilaland**

# Áhyggjur af Íslendingum í Bretlandi sem ekki hafa sótt um

**UTANRÍKISMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa áhyggjur af því hversu fáir Íslendingar í Bretlandi hafa skilað inn umsóknum um svokallaðan „settled status“ til þess að tryggja dvöl sína þar í landi eftir að Bretar ganga út úr Evrópusambandinu. Þetta var haft eftir Stefáni Hauki Jóhannessyni, sendiherra Íslands í Lundúnum, á vef utanríkisráðuneytisins í gær.

Þar segir að einungis um 200 umsóknir hafi borist til þessa. „Við mælum eindregið með því að

fólk sækji um sem allra fyrst þar sem óvissa ríkir enn um útfærslu á útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Þó að samningar hafi náðst við bresk stjórnvöld um réttindi borgara eftir Brexit þá þurfa allir sem hér dvelja og hyggjast gera svo áfram að hafa réttindi til búsetu, þ.e. settled status eða pre-settled status,“ var haft eftir sendiherra aukinheldur.

Bretland gengur úr Evrópusambandinu þann 31. október næstkomandi, að minnsta kosti ef



Íslendingar ættu að drifa sig í að sækja um. NORDICPHOTOS/AFP

marka má endurtekin loforð Boris Johnson forsætisráðherra um að útgöngudegi verði ekki frestað eins og áður hefur verið gert þegar ríkisstjórn Theresu May tókst ekki að ná samningi sínum um útgöngu í gegnum þingið.

Skilafrestur fyrir fyrrnefndar umsóknir er til ársloka 2020. Sagði Stefán Haukur þó að Íslendingar ættu að sækja um sem fyrst því farið er handvirkt yfir umsóknir og afgreiðslutími gæti lengst þegar nær dregur skilafresti. – þea



MIÐFLOKKURINN

## Miðflokkurinn stendur fyrir opnum fundi um orkupakka 3

Fundurinn verður haldinn í norðursal Hótel Selfoss fimmtudaginn 22. ágúst kl. 20:00.

Erindi flytja:



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Frosti Sigurjónsson

Ingibjörg Sverrisdóttir

Styrmir Gunnarsson

Ögmundur Jónasson

Fyrirkomulagið er pallborðsumræður og leyfðar verða spurningar úr sal.

Þjóðum alla hjartanlega velkomna  
Stjórn Miðflokksfélags Suðurljórdæmis

# KRONAN

## Við auglýsum eftir STYRKTAÐUM UMSÓKNUM

Við veitum styrki til verkefna sem tengjast lýðheilsu barna og/eða hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu samfélagsins.

Ert þú með hugmynd?  
Sendu inn umsókn á

[Kronan.is/styrktarumsokn](http://Kronan.is/styrktarumsokn)

Umsóknarfrestur er til 7. sept. 2019



[www.kronan.is](http://www.kronan.is)



Mette Frederiksen, danski forsætisráðherrann, sagðist svekkt yfir ákvörðun Trumps forseta. NORDICPHOTOS/AFP

# Danir pirraðir eftir að Trump hætti við

Danskir stjórnálmenn lýsa óánægju sinni með að Bandaríkjaforseti hafi hætt við heimsókn sína því að forsætisráðherra Dana vill ekki ræða sölu á Grænlandi. Forsætisráðherrann sagði ákvörðunina svekkjandi og óvænta.

**DANMÖRK** Stjórnálmenn í Danmörku lýstu margir undrun sinni í gær eftir að Donald Trump Bandaríkjaforseti aflýsti fyrirhugaðri heimsókn sinni til landsins. Margrét 2. Danadrottning hafði boðið Trump í heimsókn þann 2. september næstkomandi en í fyrrinótt tilkynnti forsetinn um það á Twitter að ekkert yrði af heimsókninni.

„Danmörk er afar sérstakt land og Danir frábært fólk en vegna ummæla Mette Frederiksen forsætisráðherra, um að hún hefði ekki áhuga á að ræða kaupin á Grænlandi, hef ég frestað fundi okkar sem átti að fara fram eftir tvær vikur. Forsætisráðherrann hefur svarað mikinn kostnað og vinnu fyrir bæði Bandaríkin og Danmörku með hreinskilni sinni. Ég þakka henni fyrir það og hlakka til að funda í framtíðinni,“ tísti Trump.

Grænlandskaupin sem hann nefnir eru hugmynd forsetans um að Bandaríkin myndu kaupa Grænland af Dönum. Þessu hefur Frederiksen hafnað og Kim Kielsen, forsætisráðherra Grænlandinga, einnig. Sá síðarnefndi lagði til í viðtali við Politiken að Grænlandingar ættu kannski frekar að kaupa Bandaríkin.

Frederiksen boðaði til blaðamannafundar í Eigtveds Pakhus í Kaupmannahöfn í gær þar sem hún sagði það bæði svekkjandi og óvænt að Trump hefði hætt við. „Líkt og margir aðrir hlakkaði ég til heimsóknarinnar og við erum búin að

## Undirbúningurinn í vaskinn hjá Dönum

Danska ríkisútvarpið tók saman þær ýmsu ráðstafanir sem þurfti að gera vegna heimsóknarinnar. Líóst er að töluverð vinna var þegar farin af stað við undirbúninginn. Hún er nú til einskis.

Farið var að undirbúa lendingu flugvélar Bandaríkjaforseta á Kastrup og lögreglan hafði þegar kallað til lið hvaðanæva af landinu til þess að tryggja öryggi leiðtogans. Þá átti herinn einnig að leggja til liðsfla til öryggisgæslu sem og þýrlur. Sú vinna var hins vegar ekki nema á undirbúningsstigi og því styttra komin en á Kastrup og hjá dönsku lögreglunni.

leggja mikið í undirbúning,“ sagði Frederiksen. Bætti við að Bandaríkin væru einn mikilvægasti bandamaður Dana og ákvörðunin breytti engu um vilja Dana til samstarfs.

„Við höfum rætt um sölu Grænlands og þessu hefur Kim Kielsen hafnað. Ég er sammála honum,“ sagði Frederiksen enn fremur. Aðspurð um áhrif ákvörðunarinnar á þátttöku danska hersins í aðgerðum við Hormuz-sund nærri Íran sagðist hún ekki halda þau nokkur.

Að sögn Mortens Østergaard, formanns flokksins Radikale Venstre,

sem ver stjórn Frederiksen vantrausti, sýnir ákvörðun Trumps að Danir ættu frekar að lita á Evrópusambandsríki sem sína nánustu bandamenn. „Þessi maður er óútreiknanlegur. Raunveruleikinn er farinn fram úr imyndunaraflinu,“ sagði hann.

Søren Espersen, utanríkismálatalsmaður stjórnarandstöðuflokksins Dansk Folkeparti, var á sama máli. „Þetta er afar, afar sláandi. Sérstaklega þegar við erum að tala um svona nána bandamenn og góða vini.“

Ög Kristian Jensen, þingmaður Venstre og utanríkisráðherra frá 2015 til 2016, var sammála. „Algjör glundroði eftir að Donald Trump aflýsti heimsókninni til Grænlands. Tækifæri til að styrkja samband bandamanna er orðið að utanríkismálakrísu,“ tísti þingmaðurinn.

Samkvæmt greiningu Steffens Gram, utanríkismálablaðamanns danska ríkisútvarpsins DR, má draga þá ályktun af ákvörðun Bandaríkjaforsetans að utanríkismálastefna ríkisstjórnar hans stýrist af geðþótta Trumps. „Þetta snýst um tilfinningaleg viðbrögð. Er hann úr jafnvægi núna, móðgaðist hann? Það felst áhætta í því þegar utanríkismálastefna stórveldis er rekin með þessum hætti,“ sagði Gram og velti upp spurningunni hvort það væri skynsamlegt fyrir Dani að reida sig á Bandaríkin.

thorgnyr@frettabladid.is

HR  
HELENA RUBINSTEIN



NÝ STJARNA

HR  
HELENA RUBINSTEIN  
PRODIGY  
CELLGLOW

DJÚPENDURNÝJANDI SERUM

GEFUR LJÓMA OG OG VINNUR GEGN ÖLDRUNAREINKENNUM

# NÝTT FRÁ HELENA RUBINSTEIN

## ÁRALANGAR RANNSÓKNIR GEFA HÚÐinni BJARTARI FRAMTÍÐ:

Helena Rubinstein hefur enn einu sinni þróað einstakar vörur í samstarfi við fjölda vísindamanna með nýjustu uppgötvunum og tækni. Með hækkandi aldri eða mikilli streitu hægir á frumuendurnýjun og öldrunareinkennum koma fram. Húðin missir þéttleika, fyllingu og ljóma. Fínar línur, hrukkur, brúnir blettir og roði myndast.

Í öllum Prodigy CELLGLOW vörunum eru jurtastofnfrumur úr hinu ofursterka EDELWEISS blómi eða hvíta demantinum úr Svissnesku Ölpunum. Supreme of Edelweiss™ gefur ljóma, þéttari, teygjanlegri og stinnari húð og dregur sjáanlega úr flestum merkjum öldrunar.



### PRODIGY CELLGLOW CLARITY ESSENCE 125 ml

#### SKÍRLEIKI & ÖRVUN.

Inniheldur glycolic acid „exfoliating“, mýkjandi og rakagefandi efni auk C vítamíns sem vinnur gegn sindurefnum og gerir húðlitinn bjartari.

### PRODIGY CELLGLOW KREM 50 ml UPPBYGGJANDI & GEFUR LJÓMA

Inniheldur efni sem örva frumuendurnýjun og kolleganframleiðslu. Mýkja og veita þægindi og næringu með ríkum jurtaolímum.



### PRODIGY CELLGLOW DEEP RENEWING CONCENTRATE – ENDURNÝJANDI & ÞÉTTANDI

Stjörnuvara sem inniheldur hæsta hlutfall virka efnisins Edelweiss. Örvar frumuendurnýjun og þéttir húðina.

### PRODIGY CELLGLOW AUGNKREM

GEFN PROTA & GEFUR LJÓMA  
Augnkrem sem vinnur gegn þrota, baugum og finum línum. Gefur mýkt og ljóma.



Helena Rubinstein fæst í Hagkaup Krínglu, Smáralind, Garðabæ og Akureyri.

**20% afsláttur af öllum  
HELENA RUBINSTEIN vörum  
dagana 22. - 28. ágúst**

**HAGKAUP**

*Meira  
svona  
alla daga*



## MARKAÐURINN

## Ekki rétt gefið í miðbæ Reykjavíkur

Veitingamaður og eigandi atvinnuhúsnaðis í miðbænum segir stefnu borgaryfirvalda skekkja samkeppnisstöðu. Heft aðengi að miðbænum þyngi róðurinn í veitingarekstri.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tfh@frettabladid.is



Paulreyndur veitingamaður og eigandi atvinnuhúsnaðis í miðbænum segir að stefna Reykjavíkurborgar sé til þess fallin að grafa undan veitingarekstri í miðbænum. Samkeppnisstaða veitingahúsa gagnvart matarvögnum sé skökk og heft aðengi að miðbænum þyngi róðurinn.

Markaðurinn birtir í gær ýtarlega umfjöllun um stöðu veitingastaða í miðborg Reykjavíkur. Veitinga- og kaupmenn í borginni voru sammála um að ferlið við að koma á fót fyrirtæki í borginni væri gríðarlega þungt í vöfum. Fyrirtækjagæingdunum bar saman um að samráðsleysi borgarinnar í tengslum við framkvæmdir væri baggi á rekstrinum. Á köflum væri ómögulegt að ná tali af starfsmönnum borgarinnar til þess að fá svör eða úr málum greitt. Þórir Gunnarsson er menntaður



Þórir hefur langa reynslu af veitingarekstri og rak um skeið veitingastað í Téklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

matreiðslumaður og starfaði í veitingageiranum í meira en hálfa öld. Hann er jafnframt einn af eigendum nýbyggingarinnar að Tryggvagötu 13 þar sem jarðhæðin er leigð sushi-veitingastað og kaffihúsi.

„Þegar ég byrjaði fyrst að starfa á veitingahúsi árið 1962 var þumalputtareglan þessi: 25-30 prósent af tekjum fara í laun, 30 prósent í hráefni, síðan er annar kostnaður eins og leiga en þú áttir alltaf 10-12 prósent eftir. Eins og staðan er í dag eru laun og launatengd gjöld komin upp úr öllu valdi. Þegar launahlutfallið er farið yfir 50 prósent þá gengur dæmið ekki upp og staðirnir fara á hausinn,“ segir Þórir.

**Borgaryfirvöld hafa verið að hamast við það að brjóta niður aðengi að miðbænum.**

Þórir Gunnarsson veitingamaður

Í anda þess sem kom fram í máli veitingamanna í umfjöllun Markaðarins í gær segir Þórir að stefna Reykjavíkurborgar sé til þess fallin að grafa undan veitingarekstri í miðbænum. Nefnir hann í því samhengi ójafna samkeppni veitingastaða við matarvagna, eða kofana eins og hann kallar þá.

„Kofarnir bera enga skyldu gagnvart neinum og geta farið þegar þeim hentar en þeir eru í beinni samkeppni við veitingastaðina sem eru að þjónusta fólk allt árið. Til dæmis, þegar matarmarkaður stóð yfir á Geirsgötunni fyrir um 3-4 vikum þá hlupu gestirnir yfir götuna til að nota klósettaðstöðu veitingastaðanna sem eru í byggingunni okkar og fleiri nærliggjandi staða,“ segir Þórir.

„Síðan er verðlagið hjá þeim ekkert lægra en hjá veitingastöðum þrátt fyrir að það sé reginmunur á undirbúningnum, fjárfestingunni og leyfisveitingarferlinu. Það er ekki rétt gefið,“ segir Þórir. Borgin

### Mikill munur á fjárfestingu og gjöldum

Þórir tekur dæmi um þann ólíka veruleika sem veitingastaðir annars vegar og matarvagnar hins vegar búa við. „Ef þú ert með stöðuleysi við Arnarhól þá borgarðu 208 þúsund fyrir árið á meðan fasteignagjöld af þessum tveimur litlu plássum hérna niðri í okkar byggingu eru 5 milljónir á ári. Þessi gjöld greiðir leigjandinn gegnum hærra leiguverð. Auk þess getur kostað tugi milljóna að opna nýjan veitingastað en matarvagnarnir kosta á bilinu 1-2 milljónir króna.“

úthluti stöðuleyfnum fyrir matarvagna sem séu aðeins brot af fasteignagjöldum sem veitingastaðir greiða óbeint til borgarinnar í formi hærra leiguverðs.

Þá segir Þórir að fækkun bílastæða í miðbænum hafi torveldað aðengi fólks að veitingastöðum og þannig þyngist róðurinn enn frekar.

„Borgaryfirvöld hafa verið að hamast við það að brjóta niður aðengi að miðbænum. Borgarlínan er góð og gild í mínum huga en það er ekki hægt að byrja fyrst á því að fjarlægja bílastæði og ætla að bæta aðengindi síðar meir,“ segir Þórir. „Veitingastaðirnir eru að flýja miðbæinn og af göðri ástæðu.“

# Nýr og spennandi Hyundai i20.

Verð frá:  
**2.390.000 kr.**



## Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Nýr i20 er fánlegur með sjálfvirkri neyðarhæmlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkan og lækkan aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Forsala hafin.

# e-tron 50

Alrafmagnaður.



## Forsala hafin á nýjum e-tron 50.

Hinn alrafmagnaði Audi e-tron 50 quattro er fjórhjóladrifinn sportjeppi sem nýtir eingöngu rafmagn sem aflgjafa. Hann er annar í röðinni í nýrri e-tron rafbílalínu Audi, með 328 km. drægni skv. WLTP og er sjö sekúndur í hundraðið. Fjöldi hleðslumöguleika er fyrir hendi og jeppinn nýtir alla nýjustu tækni og aðstoðarkerfi. e-tron 50 er á sérstaklega hagstæðu verði og þú getur gengið frá pöntun strax í dag hjá okkur á Laugavegi 172. Við tökum vel á móti þér.

Audi e-tron 50 quattro.

**Verð frá 7.990.000 kr.**

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is / 590 5000



# Nærir sálina að hitta fólk

Borgarhönnun er límið á milli húsanna og fer fram í almannarýminu þar sem mannlífið er. Það er mikilvægt að hafa litla kjarna í hverfunum þar sem nágrannar mætast. Betri hönnun og skipulag getur stuðlað að betri heilsu og auknum lífsgæðum.

Inga Rún  
Sigurðardóttir  
ingarun@frettabladid.is



**B**orgarhönnun er límið á milli; við erum með skipulag annars vegar og landslagsarkitektúr og arkitektúr hins vegar en borgarhönnun snýst að mestu um bilið á milli húsanna, þar sem samskiptin fara fram úti í almannarýminu. Borgarhönnun er límið á milli allra þessara aðila, skipulagið er í stóru myndinni en við erum bæði að taka yfirsýnina í stefnumótun og öðru en erum líka í smáatriðunum þar sem augað mætir steininum í götunni," segir Edda Ívarsdóttir borgarhönnuður en hún starfar á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

## Bein áhrif á heilsu

Edda nefnir dæmi um spurningar sem hún þarf að svara sem borgarhönnuður: „Hvar eiga almannarými að vera? Hvar vantar græn svæði? Hvar vantar torg? Hvar vantar tengingar inni í hverfunum? Ogsvo ferðu í smáatriðin; hvar vantar bekk? Hvert á útlitið á svæðinu að vera og hvert er efnisvalið og gróðurinn?“

*Hefur umhverfi áhrif á líðan?*

„Já, algjörlega. Ef þú skapar gott borgarumhverfi, þá er það umhverfi þar sem fólk hreyfir sig meira, þannig að þú hefur bein áhrif á heilsu fólks með því hvernig borgin er skipulögð. Það stuðlar að heilsusamlegri lífni ef þú kýst að ganga, hjóla eða taka almenningsamgöngur í staðinn fyrir að fara í bilinn.“

## Eflum hverfin

Hún er hlynnt því að efla hverfin.

„Það er mikilvægt að skapa alla þessa litlu kjarna í hverfunum þannig að hvert hverfi fái sinn eigin brag. Það skapar samfélag sem er mikilvægt fyrir tengslin þannig að þú kynnist nágrönnunum þínum. Það sem drepur niður nágrannastemningu er þegar þú keyrir á bílnum þínum inn í húsið þitt, tekur lyftuna beint upp og rekest ekki á neinn. Það skapar betra líf í borginni ef þú leggur bílnum þínum og gengur einhvern spól að húsinu þínu, eins og inn í gegnum garð," segir hún og útskýrir að þannig skapist samkomustaður á leiðinni þar sem nágrannar geti hist. Hverfisverslun geti líka gegnt sama hlutverki.

„Þannig skapast þessi mannlegu tengsl sem eru svo mikilvæg fyrir sálina. Þetta er vandamál í dag; fólk er á samfélagsmiðlum og finnst það tengt en það vantar þessi mannlegu samskipti þar sem

**Hugarfarið hjá Íslendingum yfirhöfuð er að breytast; við notum almannarýmin á annan hátt en fyrir fimmtán árum.**

Edda Ívarsdóttir,  
borgarhönnuður



þú hittir manneskju augliti til auglits. Það nærir sálina að hitta fólk," segir hún.

## Bæði fyrir börn og gamla

„Þetta snýst líka um að skapa borg sem virkar fyrir börn og gamla," segir hún en bæði 8 ára og 80 ára eiga að komast ferða sinna í borginni. Þá er mikilvægt, segir Edda, að halda ökuhraða niðri og hafa öruggar göngu- og hjólaleiðir.

Betri hönnun og skipulag getur stuðlað að auknum lífsgæðum, segir Edda. Þar er mikilvægt að hafa góðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir. „Aukningin í hjólreiðum í Reykjavík er vegna þess að það er búið að vinna markvisst að betri hjólatengingum.“

Edda segir að almannarými er mikilvægt að hafa góðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir. „Aukningin í hjólreiðum í Reykjavík er vegna þess að það er búið að vinna markvisst að betri hjólatengingum.“ Edda segir að almannarými er mikilvægt að hafa góðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir. „Aukningin í hjólreiðum í Reykjavík er vegna þess að það er búið að vinna markvisst að betri hjólatengingum.“

„Hugarfarið hjá Íslendingum yfirhöfuð er að breytast; við notum almannarýmin á annan hátt en fyrir fimmtán árum. Það er búið að skapa aðstöðu til að nota garðana öðruvísi og Klambatún er gott dæmi um það. Þar eru leikvellir, hægt að spila körfubolta, fara í frísbíggj og strandblak," segir hún en það eru ekki bara börnin sem leika sér heldur líka fullorðin fólk. „Almannarými er fyrir alla, þetta er ekki einkaeign heldur er öllum frjálst að nýta þetta.“

## Er ekki val lengur

*Hvert stefnum við, erum við á réttri leið eða þurfum við að gera meira?*

„Við viljum ekki að fólk noti almannarými og fari að ganga og hjóla meira, bara „af því bara“. Þetta er líka spurning um hvert heimurinn er að stefna eins og varðandi loftslagsbreytingar. Við verðum að breyta hegðun okkar. Þetta er ekki einu sinni val lengur. Ef eitthvað, ættum við að vera röttækari og það þurfa allir að leggja sitt af mörkum," segir hún og hnykkir á því að útkoman verði: „Meiri hreyfing, meiri tengsl og meiri samskipti.“

Notaðu þjónustuna sem er í hverfinu. Það er ekki hægt að kvarta yfir því þegar bakarið/skósmiðurinn/blómabúðin fer á hausinn ef þú verslaðir aldrei þar. Þegar þjónusta í hverfinu er notuð er líka líklegra að þú rekist á nágrannana og eflir tengslin í leiðinni.

*Tíndu rusl nálægt heimili þínu. Það er ólíklegra að fólk hendi rusli þar sem umhverfið er hreint og falllegt. Sóðaskapur laðar að sóða.*

Kannaðu vel hvað er í boði í hverfinu þínu fyrir börn. Reyndu að velja tómstundir innan hverfisins ef hægt er; þannig er hægt að sleppa skutlinu og í leiðinni efla börnin tengslin við krakka í nágrenninu og kynnast umhverfi sinu betur.



## Frá bílastæðum til barnaleikja


Stóri guli hringurinn við Boðatorg, nýja torgið við Tryggvagötu, hefur vakið athygli sem nýtt almannarými í borginni og má sjá börn leika sér þar og fólk dunda sér við að taka skemmtilegar myndir, kjörnar til að vera settar á Instagram. „Hringurinn kemur frá Slippnum," segir Edda og tengist hann því sögu svæðisins. „Við viljum alltaf sýna lög tímans. Við hönnun nýrra borgarrýma er mikilvægt að tengja við staðinn og velta fyrir sér hvað það sé sem geri þennan stað sérstakan og hvort við getum sýnt hvernig hann hefur þróast í stað þess að umturna öllu þannig að þetta gæti verið hvar sem er.“

Hún segir útkomuna þannig verða dýrmætari fyrir íbúana. Það sé mikilvægt að gleyma ekki fortíðinni þegar við horfum til framtíðar.

Gamla steinbryggjan er líka nýtt svæði í miðbænum sem verið er að klára um þessar mundir. Þar er hægt að sitja á trébekkjum í skjóli fyrir norðanáttinni. Þetta er annað dæmi um að sagan fléttast inn í borgarumhverfið. „Í veðri eins og á Íslandi er mikilvægt að hugsa um það sem hægt er að kalla „mikróklímat“, finna sólríka staðinn og skapa skjól, þá er fólk líklegra til að staldra við," segir Edda.

Miðbakkinn hefur líka tekið stakkaskiptum í sumar en þar sem var áður bílastæði er núna staður þar sem hægt er að sækja heim matarvagna, staldra við á bekk með nesti, spila körfubolta, hjóla á hjólabraut eða nota rampa til að leika sér á hjólabrettum og hjólum. Þar er líka hægt að tengjast hátalara og spila tónlist. „Sá sem er með símann og tengist við hátalarann gerir svæðið að sínu með því að spila sína eigin tónlist.“

Hún segir einmitt mikilvægt að allir aldurs hópar finni eitthvað fyrir sig. „Við þurfum að skapa rými sem hentar öllum aldurs hópum. Borgin þarf að hafa eitthvað fyrir alla. Unglingar þurfa að hafa eitthvað fyrir sig og það þarf að vera eitthvað fyrir bæði stelpur og stráka.“



# BÍLALEIGUBÍLARNIR KOMNIR Í SÖLU

YFIRFARNIR AF UMBOÐI • LÁG VERÐ • GÓÐAR FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR



## Peugeot Partner Tepee Outdoor

Nýskráður 8/2016, ekinn 44 þús.km.,  
dísel, beinskiptur.

**Verð kr. 1.990.000**

Afborgun krónur 25.318 á mánuði\*



## Peugeot 5008 Style 7 manna

Nýskráður 6/2016, ekinn 77 þús.km.,  
dísel, sjálfskiptur.

**Verð kr. 2.390.000**

Afborgun krónur 30.375 á mánuði\*



## Peugeot 108 Active

Nýskráður 3/2016, ekinn 76 þús.km.,  
bensín, beinskiptur.

**Sértílbod kr. 790.000**

Allt að 100% fjármögnun í boði



## Honda Jazz Trend

Nýskráður 7/2017, ekinn 30 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðju-  
ábyrgð. Ásett verð kr. 2.090.000

**Sértílbod kr. 1.790.000**

Afborgun krónur 22.789 á mánuði\*



## Honda HR-V Comfort

Nýskráður 11/2016, ekinn 86 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 2.390.000**

Afborgun krónur 30.375 á mánuði\*



## Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 6/2017, ekinn 84 þús.km.,  
dísel, sjálfskiptur 9 girar. Er í verk-  
smiðjuábyrgð.

**Verð kr. 3.990.000**



## Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 5/2017, ekinn 69 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 3.790.000**

Afborgun krónur 48.075 á mánuði\*



## Honda Civic Station Lifestyle

Nýskráður 3/2017, ekinn 26 þús.km.,  
dísel, beinskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 2.890.000**

Afborgun krónur 36.696 á mánuði\*



## Honda Civic Station

Nýskráður 8/2016, ekinn 35 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 2.390.000**

Afborgun krónur 30.375 á mánuði\*



## Honda Civic Elegance 5 dyra

Nýskráður 3/2018, ekinn 14 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 3.190.000**

Afborgun krónur 40.489 á mánuði\*



## Honda Civic 5 dyra

Nýskráður 10/2017, ekinn 29 þús.km.,  
bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 2.490.000**

Afborgun krónur 31.639 á mánuði\*



## Honda Civic Sedan

Nýskráður 10/2017, ekinn 13 þús.km.,  
bensín, beinskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.

**Verð kr. 2.990.000**

Afborgun krónur 37.961 á mánuði\*

LÍTID EKNIR OG VIRKILEGA VEL  
MEÐ FARNIR BÍLALEIGUBÍLAR  
SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI

## Opnunartími

Mánudaga - föstudaga  
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga  
milli kl. 12:00 og 16:00

Opið allan sólarhringinn  
á notadir.bernhard.is



NOTAÐIR BÍLAR

Bílaáskjalarnum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Lausnin er að breyta borgunum



Dæmi eru um að fólk lifi 20 árum lengur í borgum þar sem almenn-ingur gengur og hjólar meira en í bíla-miðuðum borgum. Lykilatriði er að auðvelda fólki að velja heilsusamlega.

Langlifi á þeim svæðum þar sem fólk er langlífast í heiminum stafar af því að umhverfið styður við góða heilsu. Þetta leiða rannsóknir Dans Buettn-er í ljós, en hann hefur einbeitt sér síðustu 15 ár að því að skoða það sem kallast „blá svæði“. Það eru þau svæði þar sem fólk lifir hvað lengst og er heilbrigðast; Okinawa í Japan, Sardinia á Ítalíu, Nicoya á Kosta Ríka, Ikaria á Grikklandi og Loma Linda í Kaliforníu í Bandaríkjunum.

Á öllum fimm bláu svæðunum er líkamleg virkni hluti af daglegu lífi fólks í staðinn fyrir að fólk stundi markvisst líkamsrækt. Á þeim gengur fólk mikið í sínu dag-lega lífi en þarf ekki að fara ferða sinna í bíl.

Enn fremur er ekki óalgengt að íbúar rækta matjurtir í garðinum sínum.

Tak mörkuð gögn liggja fyrir um hreyfingu Íslendinga í árána rás og því er erfitt að segja til um hvernig þróunin hefur verið á síðustu árum og áratugum. Saman-burður hefur einnig reynst erfiður þar sem mælitækin hafa verið að breytast og sömuleiðis viðmið um æskilega hreyfingu. Kannanir benda þó til að meirihluti full-orðinna hreyfi sig ekki í samræmi við ráðleggingar um hreyfingu og ýmsar vísbendingar eru um að kyrrseta hafi aukist í daglegu

lífi landsmanna, samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis.

Samkvæmt rannsóknnum í Bandaríkjunum segjast 73 prósent þurfa að hreyfa sig meira og yfir 60 prósent lýsa sjálfum sér sem kyrrsetufólki. Venjulegar ráðleggingar eru að segja fólki að byrja að stunda líkamsrækt hvort sem það er á eigin vegum eða í líkamsræktarstöð, samkvæmt Buettn-er. Hann segir að einstaklingsráðleggingar eins og þessar breyti ekki stóru myndinni; erfitt sé að fá 330 milljónir Bandaríkjamanna, þar sem stór hluti viðurkennir að vera kyrrsetufólk, til að taka upp líkamsrækt. Hann telur að lausnin sé fólgin í því að breyta borgunum, sem fólk býr í. Borgir hafi verið hannaðar fyrir bíla síðustu áratugi og fólk keyri meira og gangi minna en áður. Helmingur bandarískra barna gekk í skólann árið 1970 en nú er það hlutfall 10 prósent.

Sums staðar í Bandaríkjunum er verið að gera vel eins og í Boulder í Colorado, San Luis Obispo í Kaliforníu og Portland í Oregon, svo einhverjar borgir séu nefndar. Buettn-er segir að fólk sé heilbrigðara í þessum borgum og lífslíkur séu 20 árum meiri en í borgum á borð við Tallahassee í Flórída, sem er sláandi tala.

Buettn-er hefur unnið með tugum bandarískra borga að því að gera þær betri fyrir gangandi og hjólandi og í flestum tilfellum hefur BMI-stuðull fólks lækkað og dregið úr offitu í kjölfarið. Lykillinn er að láta heilbrigða valið vera auðveldasta valkostinn fyrir fólk.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á [bluezones.com](http://bluezones.com).

Þú skalt endilega ganga eða hjóla með barnið þitt í leikskólann en flestir búa svo vel að hafa skóla í nágrenninu. Það skapar öruggara umhverfi og góðar ferðavenjur þegar barnið byrjar í skóla og er vant því að ganga eða hjóla. Þetta er líka heilsusamlega fyrir bæði foreldra og börn.

## Dagur nágranna

Margt gott er ættað frá Frakklandi eins og fransbrauð og kampavín en líka „dagur nágranna“, eða „la Fête des Voisins“ en Frakkar hafa haldið upp á hann síðustu tvo áratugi. Síðurinn hefur breiðst út og nú taka yfir 50 lönd þátt. Nágrannadeginum var fyrst fagnað í París á vormánuðum 1999 og nú styrkja nágrannar böndin í lok maí árlega. Alls tóku yfir 30 milljónir manna þátt í síðasta nágrannadegi þann 25. maí, þar af 10 milljónir í Frakklandi. Alls tóku 1.390 ráðhús og húsfélög þátt í viðburðinum í Frakklandi þannig að fólk fær ákveðinn stuðning til að halda gleðskap. Til dæmis er hægt að fá boðskort og plaköt til að láta fólk vita af viðburðinum en það fer algjörlega eftir einstaklingnum hvar og hvernig veislan fer fram.

Frakkar og aðrir Evrópubúar eru vanari en Íslendingar að nota almannarými og garða við fjölbýlishús til að gleðjast saman en það er ekkert því til fyrirstöðu að góðir grannar geri það sama hér. Tilgangurinn er ekki síst að rjúfa einangrun fólks og styrkja félagsleg tengsl.

Næsti nágrannadagur verður föstudaginn 29. maí árið 2020 og honum gætu íslenskir nágrannar fagnað með því að brjóta fransbrauð (með spennandi ostum og áleggi) og drekka kampavín með. Nú eða bara með því að grilla pylsur og drekka gos í sameiginlega garðinum við blokkina eða á næsta torgi eða leikvelli.

Gróðursettu blóm til dæmis í ker við útidyrnar og hugsaðu vel um nærumhverfið. Ef allir gera það kemur skemmtilegur bæjarbragur og það hefur hvetjandi áhrif á aðra að sjá nágranna hlúa að umhverfinu.

Farðu í göngutúra og kynstu hverfinu þínu betur. Notaðu almannarýmin í hverfinu og gerðu þau að þínum. Skipuleggðu nágrannagrill eða lautarferð.

## Hreyfing lykill að heilsu

Það þarf ekki að vefjast fyrir neinum að hollt mataræði og reglubundin hreyfing eru megin-stoðirnar í því að lifa heilbrigðu lífi. Það mætti bæta við andlegri vellíðan til að kóróna það sem þarf til að vera með allt á hreinu. Allt eru þetta atriði sem skipta verulegu máli og virka svo einföld og sjálf-sögð, en þeir sem eru eldri en tvævetur vita að það er alls ekki raunin. Það er stöðugt verið að segja okkur hvað er hollt og hvað ekki, sérstaklega er verið að ginna fólk með skyndilausnum og sannfæra það um að með þessum eða hinum matarkúrnum eða æfingakerfinu muni allt breytast til hins betra.

Þá má ekki gleyma því að þeir hinir sömu og hafa

lífað tímana tvenna hafa heyrt slíkar ráðleggingar breytast í tímans rás. Einu sinni mátti ekki borða fitu, núna eiga allir að neyta smjör, feitmetis og rjóma. Sykur er hið alræmda hvíta eitruð þess að allar hveitivörur eru komnar á bannlista. Ekki má borða nema ákveðnar tegundir af ávöxtum samkvæmt sumum, þá helst ekki drekka ávaxtasafa nema í hófi og allra síst mjólk. Allt eru þetta ákveðnar öfgar og þó vissulega sé það vel þekkt að ákveðnir einstaklingar geti verið með öþol eða jafnvel ofnæmi fyrir ákveðnum tegundum fæðu, þá liggur í augum uppi að ekki er hægt að ætlast til þess að allir séu eins og geti nýtt sér sömu leiðbeiningar.

Hið sama gildir um hreyfinguna, þar höfum við fengið ýmis ráð í gegnum tíðina, sum byggja á rannsóknnum, önnur meira á sölumennsku og hefur fólki verið talin trú um það að nýjasta æðið hverju sinni sé hið eina sanna. Á að þjálfari í hámarkspúl eða bara 80 prósentum af honum? Er

best að brenna eingöngu, á að leggja áherslu á vöðvaþjálfun eða teygjur? Er skynsamlegt að þjálfari jafnvægið eða eitthvað annað og þannig mætti telja áfram. Eru einhver tæki betri en önnur, þarf ég einkaþjálfara og líkamsræktarstöð eða get ég gert þetta sjálf/ur? Svarið við öllum þessum spurningum er einfalt, sitt lítið af hverju! Umhverfið skiptir líka verulegu máli fyrir þá iðkun og lífslíkur eru tengdar við það að geta nýtt sér þessi atriði. Það er því ekki bara á ábyrgð einstaklingsins heldur heildarinnar að skapa þær kringumstæður.

Þegar maður, í öllu stressinu sem daglegt líf flestra samanstendur af, er farinn að ofhuga hlutina og taka um of mark á þeim ráðleggingum sem eru þarna úti auk þeirrar staðalímýndar sem allir verða að passa inn í þá er það ávísun á vandræði. Kvíði og spennan getur magnast upp, mikil samkeppni ríkir um það að líta sem best út og helst vera með sem flest járn í eldinum í einu. Það skilar sér oft í áhyggjum

og svefnleysi sem svo eykur álagið á einstaklinginn, fylgikvillarnir eru fyrst og fremst vanlíðan sem er í raun andstæðan við það sem flestir eru að leita að.

Ég er talsmaður jafnvægis og tel það í raun vera grundvallaratriði í öllum þeim þáttum sem að ofan eru taldir. Við getum ekki haft hugann stöðugt við það sem við erum að láta ofan í okkur, enginn endist á kúr. Hið sama gildir um hreyfingu, hún verður að henta hverjum og einum og skapa ánægju, það er eina leiðin til að endast og að hún verði reglubundin. Streitulosun og tímastjórnun auk samveru við fjölskyldu og vini mun skila mestum árangri og skila andlegri vellíðan í samhengi við mataræðið og hreyfinguna. Þess utan er skynsamlegt að láta fylgjast með áhættuþáttum sínum miðað við aldur og kyn.


Teitur Guðmundsson læknir



# FRÓÐLEIKUR, GAGN & GAMAN!

1.


Metsölulisti  
Eymundsson




Sapiens  
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-  
Verð áður: 4.499.-




Til í að vera til  
VILDARVERÐ: 3.199.-  
Verð: 3.999.-



Annabelle  
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-  
Verð áður: 3.999.-



Blóðbönd  
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-  
Verð áður: 3.999.-




Feilspor  
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-  
Verð áður: 3.999.-



Risastóri krókóðillinn  
TILBOÐSVERÐ: 2.399.-  
Verð áður: 2.999.-



Sláurtíð  
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-  
Verð áður: 3.999.-



Verstu börn í heimi 3  
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-  
Verð áður: 3.999.-



Sú sem varð að deyja  
VILDARVERÐ: 3.399.-  
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Krossmóa 4  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 26. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# SUMARÚTSALA

## LÝKUR NÚNA UM

25%  
AFSLÁTTUR



Deka Projekt 10 innimálning,  
9 lítrar (stofn A)

**5.393**

Áður kr. 7.190

25%  
AFSLÁTTUR



DEKAPRO útimálning, 10 lítrar

**6.743**

Áður kr. 8.990

30%  
AFSLÁTTUR



Landora tréolja  
Col-51903 3 lítrar

**1.743**

Áður kr. 2.490

gærðslanga með  
tengjum

**2.093**

Áður kr. 2.790

25%  
AFSLÁTTUR



Malarhrifa

**2.236**

Áður kr. 2.795

25%  
AFSLÁTTUR



Deka Pro þakmálning rauð 10 lítrar

**7.493**

Áður kr. 9.990



Gráðukúttisagir

210 mm 1400W **15.192** Áður kr. 18.990  
254 mm 1600W **23.996** Áður kr. 29.995  
305 mm 1600W **36.392** Áður kr. 45.490

20%  
AFSLÁTTUR

15%  
AFSLÁTTUR

Drive-HM-140 1600W -  
14cm hræripinni  
2 hraðar

**19.542**

Áður kr. 22.990

20%  
AFSLÁTTUR



Rafmagnshitablasari  
2Kw 1 fasa

**5.592** kr.

Áður 6.990 kr.

20%  
AFSLÁTTUR



Drive Bílskurs  
vatns/ryksuga  
1200W 20lit

**7.996** kr.

Áður 9.995 kr.

Meistar  
upptínslutól  
/plokkari

**1.352**

Áður kr. 1.690

20%  
AFSLÁTTUR



LuTool fjölnota sög  
/hjakkæki/juðari. 300W.

**4.893**

Áður kr. 6.990

30%  
AFSLÁTTUR

20%  
AFSLÁTTUR

20%  
AFSLÁTTUR



Kapalkefli 3FG1,  
5 10 mtr

**2.312**

Áður kr. 2.890

LuTool handsög fyrir stein, við  
og járn. Hægt að tengja við ryksugu,  
hægt að fá með sagmáti. 600W.

**11.192**

Áður kr. 13.990

15 metrar **2.952** Áður kr. 3.690  
25 metrar **4.392** Áður kr. 5.490  
50 metrar **7.992** Áður kr. 9.990



Lokað slönguhjól  
20m 1/2"

**8.977**

Áður kr. 11.995

Creative  
Superseal

5 lítrar **8.993**

Áður kr. 11.990

25L **19.793** kr.

Áður kr. 26.390

25%  
AFSLÁTTUR

DEKA SÍLAN vatnsfæla 5 lítrar

**7.032**

Áður kr. 8.790

20%  
AFSLÁTTUR

PRETUL úðadæla  
5 l. Trup 24685

**2.312**

Áður kr. 2.890

20%  
AFSLÁTTUR



Truper sleggja  
m. fiberskafti 3,6kg

**2.872**

Áður kr. 3.590

20%  
AFSLÁTTUR

Steypugljái  
á stéttina  
- þessi sem  
endist



**MARGAR STÆRÐIR**

Takkamotta  
610x810cm

**1.795** kr.

Áður 3.590 kr.

50%  
AFSLÁTTUR



Bio Kleen  
Pallahreinsir

1 líter **672**

Áður kr. 895

5L **2.243** kr. Áður kr. 2.990

25%  
AFSLÁTTUR

Bíla & gluggaþvottakústur,  
gegn um rennandi  
116>180cm, hraðtengi  
með lokun

**2.018**

Áður kr. 2.690

Sterkir Cibon  
strákústar

45cm **907** Áður kr. 1.395

60cm **1.232** Áður kr. 1.895

35%  
AFSLÁTTUR

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		



netgíró

# Í MÚRBÚÐINI HELGINA!



**20%  
AFSLÁTTUR**

Áltrappa 3 þrep  
**3.592**  
Áður kr. 4.490



**20%  
AFSLÁTTUR**

LLA-308  
PRO álstigi 3x8 þrep  
2,27-5,05 m  
**16.712**  
Áður kr. 20.890

**20%  
AFSLÁTTUR**



25 stk. 110 lítra ruslapokar **796**  
Áður kr. 995  
Einnig 200 lítra 10 stk. kr. **716** (65my)  
Áður kr. 895



**30%  
AFSLÁTTUR**

**31.430**  
Áður kr. 44.900

**MOWER CJ18**  
BS 3,5hp Briggs&Stratton  
mótor, rúmtak 125 CC,  
skurðarvidd 46cm/18".  
Safnpoki að aftan 60 L,  
skurðhæð og staða 25-  
80mm/10

**20%  
AFSLÁTTUR**

Skolvaskur  
vegghengdur  
1mm 55x45x21cm  
**10.392**  
Áður 12.990 kr.



**Kaliber**  
PREMIUM GRILL

**27.885**  
Áður kr. 42.900

**Kaliber  
Black II  
gasgrill**  
3 brennarar (9kW).  
Grillflötur 60x42cm

**35%  
AFSLÁTTUR**



**35%  
AFSLÁTTUR**

**37.635**  
Áður kr. 57.900

**Kaliber  
Silver  
gasgrill**  
4 brennarar, (12kW)  
Grillflötur 62x41cm



**MIKID ÚRVAL  
AF PARKETI OG  
FLISUM MED  
20-30%  
AFSLÆTTI**

**Flisar**  
Gólf- og veggflisar  
verð frá 950 kr./m<sup>2</sup>

**Harðparket**  
8mm verð frá 1.183 kr/m<sup>2</sup> (AC4)  
12mm verð frá 1.868 kr/m<sup>2</sup> (AC5)

**Wineo Vínilparket**  
Verð frá 4.392 kr/m<sup>2</sup>

**CERAVID**



**20%  
AFSLÁTTUR**

**Þýsk  
gæði**

CERAVID SETT WC - kassi,  
hnappur og hæglokandi seta.  
Þýsk gæðavara  
**31.112**  
Áður kr. 38.890

**30%  
AFSLÁTTUR**

Guoren 1L Hitastýrt  
baðtæki standard  
**11.893** kr.  
Áður 16.990 kr.

**20%  
AFSLÁTTUR**

Guoren-BO Hitastýrt  
baðtæki með niðurstút  
**10.392** kr.  
Áður 12.990 kr.



Riga salerni með setu  
m/ vegg- eða gólfstút  
**19.192**  
Áður kr. 23.990

**20%  
AFSLÁTTUR**



**20%  
AFSLÁTTUR**

**BoZZ sturtuklefi**  
ferkantaður m/stöng,  
blöndunartækjum og  
brúsu  
80x80x200 **43.992**  
Áður kr. 54.990  
90x90x200 **47.992**  
Áður kr. 59.990

**BoZZ sturtuklefi**  
rúnaður m/stöng,  
blöndunartækjum  
og brúsu  
80x80x200 **43.992**  
Áður kr. 54.990  
90x90x200 **47.992**  
Áður kr. 59.990

**20%  
AFSLÁTTUR**



Fyrirvari um prentvillur. Tilboðin gilda í öllum verslunum  
Múrbúðarinnar til 24. ágúst eða meðan birgðir endast.

**MÚRBÚÐIN**

Gott verð fyrir alla, alltaf!





Horft til suðurs af Oki. Til vinstri sést í aðra dyngju og stóra bróður Oks, sjálfan Skjaldbreið. MYNDIR/ÓMB

# Ok verður Blávatn

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Ok er með skemmtilegri örnefnum íslenskum en nafnið hefur löngum valdið kátinu og heilabrotum, ekki sist hjá erlendum flugmönnum sem reka augun í örstutt nafnið á kortum þegar þeir fljúga yfir þennan fallega skjöld. Þetta er 1.198 m há dyngja með gígskál efst líkt og stóri bróðir Skjaldbreiður og Trölladyngja. Efst var áður jökull sem sást víða að en í dag prýðir toppinn aðeins snjóskafl sem ekki nær einu sinni að þekja gígbarmana. Úr lofti minnir því Ok á smásjármynd af hvítu blóðkorni eða spældu eggi með sprunginni rauðu.

Undanfarið hefur Ok verið í kastljósi heimspressunnar því um síðustu helgi var reistur þar minnisvarði um hinn horfna jökul. Á koparskildi skammt frá toppnum má lesa fleygt ávarp Andra Snæs rithöfundar til komandi kynslóða. Þótt nokkur ár séu síðan Ok fékk dánarvottorð sem jökull þá eru skilaboðin af Oki til heimsbyggðarinnar mikilvæg og skýr: Jöklarnir eru stöðugt að hörfa og sumir þeirra þegar horfnir – og það af okkar völdum. Nú er það á okkar ábyrgð að snúa þróuninni við, og það fyrr en síðar, þannig að komandi kynslóðir fái einnig notið þessara konunga íslenskrar náttúru, jöfra sem jafnframt eru hitamælar á hlýnun jarðar.

Óhætt er að mæla með göngu á Ok þótt ekki sé lengur hægt að skilgreina hana sem jöklagöngu. Auðveldast er að hefja för úr Kaldadal sem er gömul þjóðleið milli Þingvalla og Húsafells. Þar sem vegurinn liggur hæst er varða og þaðan er 2 klst. þægilegur gangur á toppinn. Við toppinn bíður minningarskjöldurinn ferðalanga en síðsumars og á haustin má þar einnig sjá fagurlega blátt gígvatn, þar sem áður var jökulis. Þetta er eitt yngsta stöðuvatn landsins sem uppgötvaðist fyrst 2007 og fékk nafnið Blávatn, og ku vera tæplega 5 m djúpt. Frábært útsýni er af Oki en í góðu veðri sést til alla leið til Snæfellsjökuls en útsýni í hina áttina til Langjökuls, Þórisjökuls, Prestshnjúks, Skjaldbreiðs og Fanntóffells er enn betra. Önnur og aðeins lengri gönguleið á Ok liggur úr Húsafelli og er ekki síður skemmtileg en leiðin af Kaldadal.



Fókus á hjarta landsins



Hópur fólks á Oki um síðastliðna helgi þegar minningarskjöldurinn var afhjúpaður.



Á toppi Oks er gígvatnið Blávatn sem að þessu sinni var að mestu hulið ís.



bauhaus.is

# BAUHAUS®

Pú finnur nú Damixa blöndunartæki og Scanbad baðinnréttingar með 25% afslætti!



**SCANBAD**  
BY DANSANI

*Er ekki kominn tími til að endurnýja baðherbergið?*



**18.995.-**  
~~24.995.-~~

**Niagara sturtusett**  
Tilboð gildir frá fimmtudegi 22. til sunnudags 25. ágúst.

**damixa™**

**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – [upplýsingar@bauhaus.is](mailto:upplýsingar@bauhaus.is) – [www.bauhaus.is](http://www.bauhaus.is)



# LÍFIÐ

FIMMTUDAGUR 22. ÁGÚST 2019

Tíska



Það er vöxtur í sölu á notuðum snyrtivörum í Japan. Þeim getur fylgt óþrifnaður, en margir ungir Japanir eru tilbúnir að setta sig við það til að spara pening og fá aðgang að finustu merkjunum. ➔4



Þær Eva Gunnarsdóttir og Puriður Ottesen í Bóel eru báðar hugfangnar af flottum og vel skipulögðum töskum Mandarina Duck. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

LÍFIÐ ER Á  
FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lífið á frettabladid.is  
fjallar um fólk, tísku,  
menningu, heilsu  
og margt fleira.



# Mandarina Duck slær í gegn á Íslandi

Ítalska hönnunarfyrirtækið Mandarina Duck hefur vakið heimsathygli fyrir fallega og framúrstefnulega töskuhönnun. Töskur frá Mandarina Duck fást nú í Bóel á Skólavörðustíg og hafa móttökurnar hér á landi verið framúrskarandi. ➔2



Geggjuð ferðataska í ekta Mandarin Duck-gulu passar í handfarangurinn og setur skemmtilegan svip á ferðalagið.



Glæsileg „cross-over“ taska úr leðri frá Mandarin Duck fæst brún, brons og í svörtu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

#### Framhald af forsiðu →

**P**uríður Ottesen, eigandi Bóel, hefur mikið dálæti á Mandarin Duck og er einstaklega ánægð með samstarfið við þetta frábæra, ítalska merki.

„Ég hef keypt frá þeim bæði handtöskur og ferðatöskur og er yfir mig ánægð með töskukostinn. Þær eru mjög smart og skipulagið inni í þeim er frábært, sem skiptir máli. Ég er mikið á ferð og flugi og þá skiptir miklu að ferðataskan endist og hjólabúnaðurinn virki vel. Það er ekkert leiðinlegra en að skakklappast með handnýta tösku með vondum hjólabúnaði á ferðalögum,“ segir Þuríður hin ánægðasta með einstaka hönnun Mandarin Duck.

„Svo spillir ekki fyrir hversu gaman það er að vera með öðruvísi flotta tösku, sérstaklega þegar beðið er eftir farangri á flugvelli,“ segir Þuríður kát.

#### Snjallar og smart lausnir

Mandarin Duck hóf starfsemi sína á Ítalíu árið 1977.

„Fókusinn var strax settur á að hanna sætar, litríkar og smart töskur sem eru líka endingargóður förunautur á lífsins leið. Sérkenni Mandarin Duck er oft skærgulur litur en úrvalið samanstendur af glæsilegri pallettu af fallegum litatönnum,“ útskýrir Þuríður um ómótstæðilegar töskur Mandarin Duck sem hlotið hafa fjölda hönnunarverðlauna fyrir töskuhönnun sem er hugvitssamleg og geymir snjallarlausnir sem koma þægilega á óvart.

„Hjá Mandarin Duck er hugsað fyrir öllu. Þetta eru einstakar töskur fyrir konur sem gera kröfur í dagsins önn, eru forvitnar um lífið, jákvæðar og mikið á ferðinni,“ segir Þuríður sem býður upp á handtöskur úr tauí og leðri, bakpoka og ferðatöskur frá Mandarin Duck.

„Léttu handtöskurnar frá Mandarin Duck eru langvinsælastar. Þær eru úr niðsterku efni, hentugar á ferðalögum og ákaflega smart svona dags daglega,“ segir Þuríður innan um glæsilegt úrvalið í Bóel.

„Við vildum svo gjarnan hafa miklu meira úrval að bjóða en plássleysi hamlar okkur núna. Vinna við heimasíðu Bóel er í fullum gangi og þar verður úrvalið enn ríkulegra og hægt að panta sér töskur og aðrar vörur Bóel heima í stofu. Við mælum líka með að fólk fylgi okkur á Facebook undir Bóel og á Instagram undir boeliland,“ segir Þuríður.



MD handtaska eða bakpoki; allt eftir tilefni, aðstæðum og smekk.



Vinsælustu töskurnar eru MD20 úr niðsterku tauí. Fleiri stærðir og litir.



Tvær töskur í einni: Mandarin Duck-bakpoki og handtaska er góð í vinnuna og á ferðalögum. Fæst bæði úr tauí og leðri.

Bóel er á Skólavörðustíg 22.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:**  
Torg ehf  
**Ábyrgðarmaður:**  
Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,



NÝ HAUSTVARA

# ÚTSÖLULOK

Fimmtudagur 10-18, Föstudagur 10-18, Laugardagur 10-16

## Verðdæmi

MOS MOSH gallabuxur	<del>verð 16.980</del> <b>Verð nú 5.094</b>
LEBEK frakki	<del>verð 19.980</del> <b>Verð nú 3.996</b>
BITTE KAI RAND stakur jakki	<del>verð 29.980</del> <b>Verð nú 8.994</b>
Apanage kjóll	<del>verð 22.980</del> <b>Verð nú 4.596</b>
LEBEK bolur	<del>verð 6.980</del> <b>Verð nú 2.094</b>

**70-  
80%**  
afsláttur

*hjá*  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjáhrafnhildi.is](http://hjáhrafnhildi.is)

# Notaðar snyrtivörur seljast vel í Japan

Það er vöxtur í sölu á notuðum snyrtivörum í Japan. Þeim getur fylgt óþrífnaður, en margir ungir Japanir eru tilbúnir að sætta sig við það til að spara pening og fá aðgang að finustu merkjunum.

Oddur Freyr  
Þorsteinsson  
oddurfreyr@frettabladid.is



Japan er þekkt fyrir hreinlæti og þar er lögð mikil áhersla á að fólk, sérstaklega ungar konur, sé alltaf snyrtilegt og vel-lyktandi. Það kemur því ekki á óvart að snyrtivöruíðnaðurinn í

Japan sé mjög stór, en samkvæmt Euromonitor International eyða Japanir meira en nokkur önnur þjóð í snyrtivörur miðað við íbúafjölda. En samkvæmt umfjöllun á vefsíðu The Business of Fashion er líka mikill vöxtur í sölu á notuðum förðunarvörum í Japan, sem skýtur skökku við í landi hreinlætis, af því að notaður farði er oft mengaður af bakteríum.



## NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style tiskuhús

mystyle f

Holtasmára 1  
201 Kópavogur  
(Hjartaverndarhúsið)  
Sími 571 5464



Japan er þekkt fyrir hreinlæti og það er sérstaklega mikill þrýstingur á ungar konur að vera snyrtilegar og lykta vel. Japanir eyða líka meiri peningum en nokkur önnur þjóð í snyrtivörur miðað við íbúafjölda. NORDICPHOTOS/GETTY

### Breytt menning

Það selst mikið af alls kyns notuðum vörum í Japan og sala þeirra er að aukast. Það gilda aðrar reglur um förðunarvörur þegar kemur að hreinlæti en flest annað, en eftirspurnin eftir merkjavörum er gríðarleg á sama tíma og ungir Japanir hafa almennt ekki mikið á milli handanna. Þetta unga fólk er að skapa vöxtinn í sölu á notuðum snyrtivörum.

Þetta fyrirbrigði gefur ágætis innsýn inn í menningu Japana, sem eru í senn hrifnir af finustu merkjunum og sífellt sparsamari. Margir Japanir eru stoltir af því að kaupa, nota og eiga ekki mikið og finnst það þægilegt. Á sama tíma eyðir þetta fólk peningunum sínum í gæði sem þeim finnst það skipta máli. Svo skemmir ekki fyrir að notaðar vörur eru umhverfisvænni. Menningin í Japan er líka að breytast, það er aukin áhersla á að deila hlutum og minni áhersla á öfgakennt hreinlæti.

Japanir eru heldur ekki einir um að kaupa notaðar snyrtivörur. Þetta er líka stundað í Bandaríkjunum og Litháen, á Reddit og í sérstökum snjallforritum sem eru notuð til að selja notaðar vörur.

### Tilgangurinn helgar meðalið

Það getur verið mjög sóðalegt að deila farða, því bakteríur geta tekið sér bólfestu í notuðum vörum. En sumir ungir Japanir eru tilbúnir að horfa fram hjá því til að fá ódyrt aðgengi að dýrri merkjavöru. Kaupendur notaðra snyrtivara vanda líka kaupin auðvitað vel og skoða hversu oft varan hefur verið notuð, hvenær hún á að renna út og annað slíkt. Seljendur eru líka meðvitaðir um kröfur kaupenda og það ríkir mikið traust og tillitssemi milli kaupenda og seljenda. Þar sem þessar vörur eru seldar eru líka yfirleitt reglur um að þeim sé lýst vel og þær séu ekki útrunnar.

Sumir sjá notaðan farða bara sem tækifæri til að prófa dýrar snyrtivörur frá þekktum merkjum, því slíkar vörur fara sjaldan á útsölu en eru vinsæl stöðutákn. Ef þeim líkar varan fara þau svo og kaupa hana nýja. Aðrir vilja nota notaðar snyrtivörur sem leikmuni



Það geta verið skaðlegar bakteríur í notuðum snyrtivörum en sumir ungir Japanir eru tilbúnir að sætta sig við það til að fá ódýrar merkjavörur.



Í dag eiga margir ungir Japanir mjög erfitt með að finna stöðuga og vel borgaða vinnu og þurfa því að spara þegar kemur að snyrtivörum.

» Eftirspurnin eftir merkjavörum er gríðarleg á sama tíma og ungir Japanir hafa almennt ekki mikið á milli handanna.

fyrir myndir sem þau birta á samfélagsmiðlum.

En það eru margir einfaldlega að reyna að spara. Ungt fólk í Japan er almennt ekki vel efnað, það er erfitt að finna stöðuga og vel borgaða vinnu og það sér ekki fram á bjartari tíma. Þannig að þetta fólk hefur ekki efni á dýrum snyrtivörum, en vill þær samt, því vörurnar gleðja. Þau vilja reyna að njóta lífsins en um leið draga úr óþarfa eyðslu, svo þau geti fjárfest í upplifunum. Þess vegna freistar það margra að ná sér í ódýrar snyrtivörur.

## Ný buxnasending

frá

2B  
DESIGNED BY 2-BIZ



Kr. 15.900.-



Kr. 15.900.-  
- sídd 78 cm

Kr. 12.900.-

Str. 36-48

Litir: svart, dökkbláttog galla

Ríta

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



Við erum á Facebook

# SHIMANO®

TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi

# RolfPRIMA


# TRI

TRI VERSLUN  
TRI VERKSTÆÐI  
TRI VEFVERSLUN

FULCRUM

# ÚTSALA!

- ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR -



CUBE STEREO



CUBE ATTAIN



CUBE AIM "27.5"

CUBE RAFMAGNSHJÓL



ParkTool

ParkTool

CUBE FJALLAHJÓL



DT SWISS



DT SWISS

TRI VERSLUN

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík  
Sími: 571 8111 Netfang: info@tri.is

SPORTVER Akureyri

Vaskur Egilsstaðir

Verzlunin er opin:  
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00  
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00





Jóhanna Sigríður og Íris Hrund vilja aukið úrval af tiskufatnaði í stórum stærðum.

# Tiskuföt eru fyrir allar konur

Þær Íris Hrund og Jóhanna Sigríður opnuðu nýlega tiskuverslunina Voxen fyrir konur sem nota stærri stærðir en fást í almennum tiskuver-slunum.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is



Íris segir að ástæða þess að þær ákváðu að hefja þennan verslunarrekstur sé að þeim hafi þótt

vanta meira úrval af tiskufatnaði fyrir stærri konur.

„Við höfum báðar þurft að nota föt í þeim stærðum sem við erum að selja og þekkjum því á eigin skinni hversu erfitt getur verið að finna falleg föt sem passa okkur,“ segir Íris.

Hún talar um að þeim hafi sérstaklega þótt vanta úrval af merkjavörum.

„Merkjavörur eru mikið í tisku og auðvitað vilja konur sem nota stærri stærðir líka geta keypt sér merkjavöru,“ segir Íris.

„Við vissum að erlendis væru merki eins og Nike, Levi's og Speedo að búa til plus-size línur og okkur langaði að geta boðið íslenskum konum upp á þessi merki.“

Erlendis er mun meira úrval af fötum í stórum stærðum að sögn Írisar en hún segir þó að úrvalið á Íslandi sé að batna. „Það eru komnar nokkrar búðir sem sérhæfa sig í stærri tiskufatnaði og við finnum það á okkar viðskipta-



Merkjavörur eru í tisku og stærri konur vilja geta keypt falleg tiskuföt í sniðum sem klæða þær vel rétt eins og aðrar konur. NORDICPHOTOS/GETTY

vinum að þeim finnst gott að hafa meira úrval og geta farið í nokkrar búðir og valið úr.“

Íris segir að þegar fötin eru hönnuð út frá þörfum kvenna í

stærri stærðum verði þau mun klæðilegri og passi betur en þegar snið sem eru hönnuð á grennri konur eru einfaldlega stækkuð. „Áður fyrr voru föt í stærri

stærðum oft frekar sniðlaus og stundum þurftu konur að kaupa sér föt í karladeildinni í Hagkaup til að finna eitthvað sem passaði. En karlaföt eru hönnuð á karlmenn og því nokkuð ljóst að sniðin henta síður vaxtarlagi kvenna.“

Að sögn Írisar þýðir oftast ekki að hafa nákvæmlega sömu snið í öllum stærðum og stækka þau bara. „Þá geta fötin verið of víð yfir axlirnar og upphandleggi en þröng yfir brjóstin sem dæmi. Nú er algengara að aðlaga sniðin betur að stærri líkðum og hugsa þau ekki út frá minnstu stærðinni. Það getur borgað sig fyrir konur sem nota kannski stærð L eða XL í þessum venjulegu búðum að koma frekar í sérverslun með stærri föt sem býður upp á betri snið fyrir þær.“

Íris segir að þetta brenni á þeim Jóhönnu og þær telji gott að það séu komnar fleiri búðir fyrir þennan hóp. Því auðvitað vilja allir geta fundið sér falleg föt óháð stærð.

EKKI  
MISSA  
AF ÞESSU!

ÚTSALA Á HJÓLUM OG HJÓLAVÖRUM

25-45%  
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

FAXAFENI 7 · SÍMI 5 200 200 · GAP.IS

GAP

# Netverslun

FIMMTUDAGUR 22. ÁGÚST 2019


Kynningar: Heimkaup, Penninn Eymundsson, Pósturinn




Þeir sem prófa að kaupa mat á netinu fara aldrei til baka! FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Bylting í sölu matvöru á netinu!

Heimkaup.is hóf sölu á matvöru á síðasta ári og gríðarlegur vöxtur er í sölunni að sögn Jóhanns Hólm Kárasonar vörustjóra. Nýjungar eins og það að geta séð síðasta söludag vörunnar, valið þyngd á kjötvörum og að öll fjölskyldan geti deilt sömu innkaupakörfunni hafa slegið í gegn! ➔2



Þú sérð síðasta sölundag vörunnar á síðunni.



Ein karfa fyrir alla fjölskylduna. Sá fjölskyldumeðlimur sem uppgötvar að eitthvað vantar smellir því einfaldlega í körfuna á nokkrum sekúndum.

**Framhald af forsiðu →****Nýjungar Heimkaup.is slá í gegn hjá neytendum****Öll fjölskyldan getur notað sömu körfuna**

Viðskiptavinir Heimkaup.is geta deilt körfu með öllum í fjölskyldunni. Jóhann segir það einfalda matarinnkaupin til muna þegar hver og einn getur bætt í körfuna þegar eitthvað klárast. „Þetta er hinn nýi innkaupalisti fjölskyldunnar, fólk er alltaf með símann við höndina og sá fjölskyldumeðlimur sem sér að eitthvað vantar smellir því einfaldlega í körfuna á nokkrum sekúndum. Þá er allt á sínum stað þegar gengið er frá kaupum.“

**Síðasti sölundagur alltaf sjáanlegur á síðunni**

Viðskiptavinir Heimkaup.is sjá síðasta sölundag á öllum matvörum, rétt eins og þegar valið er úr hillum í hefðbundinni verslun. Þeir geta valið þyngd á t.d. kjötvörum og fengið nákvæmlega það magn sem þá vantar. Þetta er mjög mikilvægt þegar verið er að kaupa vörur eins og lambalæri eða súpukjöt þar sem þyngdin getur hlaupið á heilu og hálfu kílóunum. „Við erum líka mjög ströng varðandi afhendingu á grænmeti og ávöxtum og sendum aðeins ferskt og fallett. Ávextir sem standast ekki ströngustu kröfur fara í kæli í þjónustuverinu og fást þar gefins.“

**Minni matarsóun – afsláttur af vörum sem nálgast síðasta sölundag**

Hvað vöruverð varðar segir Jóhann að Heimkaup.is keppi við hina

**Við komum samdægurs, innan tveggja tíma**

stórmarkaðina og stefni að því að vera alltaf ódýrastir á netinu. „Það er ómurllegt að henda mat,“ segir hann. „Vörur sem nálgast síðasta sölundag fara sjálfkrafa á afslátt, allt að 50%. Alla daga mánaðarins er hægt að fá ferskvörur með afslætti og í kringum 20. hvers mánaðar fer töluvert af þurrvörum á afslátt þar sem síðasti sölundagur þeirra er um mánaðamót. Vörur sem renna út hjá okkur eru settar fram í þjónustuverið og þeir sem eiga leið hjá geta gripið með sér friar matvörur. Engin matarsóun!“

**Fjölskyldan getur sparað sér margar klukkustundir á mánuði**

„Tímasparnaður hleypur á mörgum klukkustundum á mánuði,“ segir Jóhann. „Þegar þú hefur pantað einu sinni á Heimkaup.is tekur næsta skipti enga stund, þér er strax boðið að panta það sama og síðast, en ætli við séum ekki flest þannig að við notum sömu matvörurnar aftur og aftur á heimilinu.“ Jóhann hvetur fólk hins vegar til að kynna sér úrvalið. „Við erum með mikið af vörum sem engir aðrir bjóða þar sem við flytjum beint inn frá erlendum birgjum og erum því með mikið af nýjungum.“

**Fri heimsending heim eða í Orkuna**

„Ég held ég geti fullyrt að þeir sem prófa að kaupa í matinn á netinu halda því áfram, þægindin eru svo mikil. Þú getur lokið við helgarinnkaupin áður en þú

**Þeir sem prófa að kaupa mat á netinu fara aldrei til baka!**

ferð úr vinnunni og við komum samdægurs innan tveggja tíma. Einnig getur fólk valið að fá vörurnar afhentar í box á Orkunni við Dalveg eða við Kringluna. Fólk rennir þá við á leiðinni heim úr vinnu – það tekur 1-2 mínútur að stoppa og ná í pokana sína. Þú sérð tímasparnaðinn í því.“

**Heimkaup.is sendir einnig út á landsbyggðina**

Frá upphafi hefur Heimkaup.is lagt mikla áherslu á að þjóna öllu landinu á sömu kjörum. Heim-sending er frí ef pantað er fyrir 5.900 kr. eða meira og gildir þá einu hvort þú býrð í Kópavogi eða á Egilsstöðum. Eitt gildir fyrir alla. „Við getum eðli málsins samkvæmt þó ekki sent kæli- eða frystivöru út á landsbyggðina, en allar aðrar matvörur, ekkert mál.“

**Umhverfisvænn kostur**

Það er umhverfisvænna þegar einn bílstjóri keyrir matvörur heim til 20 fjölskyldna í einum rúnti. Þau sem eru í billausum lífsstíl og eldri borgarar eru mjög dugleg að nýta þjónustuna að sögn Jóhanns. „Það er gríðarlegur vöxtur í netverslun á matvöru. Þeir sem prófa að kaupa mat á netinu fara aldrei til baka!“

**Vörur sem nálgast síðasta sölundag fara sjálfkrafa á afslátt, allt að 50%.**

Fólk getur valið að fá vörurnar afhentar í box hjá Orkunni við Dalveg eða við Kringluna.



Karólína Porter og Ásta María Karlsdóttir segja bæði einstaklinga og fyrirtæki nýta sér netverslun Pennans.

Það getur verið hægara sagt en gert að skreppa frá í amstri hversdagsins. Því er kjörið fyrir önnum kafið fólk að virða fyrir sér úrvalið í netverslun Pennans. Verslunin er einstaklega aðgengileg og sparar notendum bæði tíma og fyrirhöfn. „Netverslun Pennans er með einstaklega breitt vöruúrval, allt frá smárrí rekstrarvöru á borð við bréfa klemmur og strokleður, yfir í eitt stærsta úrval landsins af íslenskum og erlendum bókum fyrir alla aldurshópa auk heildstæðra skrifstofulausna, húsgagna og fallegrar hönnunarvöru,“ segir Ásta María Karlsdóttir, sölustjóri fyrirtækjasíðs Pennans.

#### Breytilegt eftir árstíðum

Ásta segir kauphegðun viðskiptavina breytast samhliða tíma árs. „Vöruflokkar okkar eru misvinsælir eftir árstímum,“ segir Ásta. „Til dæmis eru skrifstofuvörur og -húsgögn vinsælli í ársbyrjun og við skólasetningar, á meðan sala á gjafavöru eykst gjarnan um fermingar, við útskriftir og í brúðkaupsvertið sumarsins og svo eru bækurnar auðvitað sívinsælar um jólin,“ segir Ásta. Hún segir Pennann Eymundsson vel í stakk búinn til þess að sinna þörfum viðskiptavina óháð tilefni. „Vöruúrval okkar gerir okkur kleift að koma til móts við eftirspurn viðskiptavina okkar, burtséð frá því hvert tilefnið er,“ segir Ásta.

#### Spennandi nýjungar

Ásta segir mikið lagt upp úr því að bjóða upp á nýjar og vandaðar vörur í takt við síbreytilegan heim. „Við erum alltaf að leita að nýjum og spennandi vörum fyrir okkar viðskiptavini,“ segir Ásta. „Nýlega bættust „Skittle Bottle“, umhverfisvænu hita- og kælibrúsarnir frá Lund London, við úrvalið okkar. Þeir hafa verið mjög vinsælir,“ segir hún. Þá séu þau einnig nýfarin að bjóða upp á fallega og handhæga ferðahátalara frá Gingko. „Nýju, nettu og stílreinu Bluetooth-ferðahátalar-

# Notendavæn netverslun Pennans Eymundsson

Það er líf og fjör í Pennanum Eymundsson allt árið um kring. Hvort sem það er skólasetningin á haustin, aðdragandi jólanna, útskriftirnar á vorin, brúðkaupin á sumrin eða öll afmælin, þá er alltaf hægt að stóla á Pennann.

“Vöruúrval okkar gerir okkur kleift að koma til móts við eftirspurn viðskiptavina okkar, burtséð frá því hvert tilefnið er.

#### Ásta María Karlsdóttir

arnir frá Gingko eru nú fánlegir hjá okkur,“ segir Ásta.

Aðrar nýjungar sem Ásta nefnir eru gæðavörur frá Hugo Boss. „Það allra nýjasta hjá okkur eru minnisbækur, ráðstefnumöppur og pennar frá Hugo Boss,“ segir Ásta. Hægt er að virða fyrir sér úrvalið og festa kaup á vörum í netverslun Pennans „Þetta er vonduð og falleg vara sem að sjálfsgöðu er hægt er að panta í vefverslun okkar,“ segir hún.

#### Sérniðin þjónusta að þörfum viðskiptavina

Viðskiptavinirnir eru í fyrirrúmi að sögn Ástu Maríu sem segir alla nálgun við þá miðast út frá þægindum. „Leitin á vefnum gerir þér kleift að finna allt sem þig

langar með því að slá inn upphafsstafrina í vöruheiti, lýsingu, vörunúmeri eða öðru sem þér dettur í hug,“ segir hún. „Hægt er að ganga frá kaupum á öllum vörum sem Penninn Eymundsson og Penninn Húsgögn hafa upp á að bjóða á einum og sama vefnum. Viðskiptavinir geta ýmist sótt pantanirnar í þá verslun sem hentar þeim best eða fengið pakkann sendan heim að dyrum,“ segir Ásta. Þá henti þjónustan bæði einstaklingum og fyrirtækjum. „Þetta eru fyrirtæki jafnt sem einstaklingar að nýta sér,“ bætir Ásta við.

#### Fljótlegt og skilvirkt

Fyrirtæki sem nýta sér vefverslun Pennans geta á auðveldan hátt haldið utan um pöntunarsögu sína. „Þannig er til dæmis einfalt að endurtaka síðustu kaup ef sá sem sér venjulega um að panta er frá vinnu og óvissa ríkir um hvers konar skrifstofugögn eru jafnan keypt,“ segir Ásta. Allar upplýsingar séu innan handar. „Fyrirtækin sjá svo kjör sín á öllum vörum og einfalt er að leita í vefversluninni eftir vörulýsingum og finna þannig hvað hentar hverjum og einum best.“

#### Sívaxandi vettvangur

Ásta María segir þau sjá fram á gríðarlegan vöxt á næstu árum, sérstaklega þar sem tilfærsla á

verslun frá hefðbundnum búðum, yfir í stafrænar lausnir, hefur verið að vaxa í stökkum á heimsvísu. „Þá skiptir ekki máli hvort titið er til Bandaríkjanna, Norðurlanda eða Evrópu,“ segir Ásta. Hún segir að greina megi verulega aukningu í netverslun í Bandaríkjunum á síðastliðnum áratug. „Bara í Bandaríkjunum hefur netsala vaxið úr 5,1% af heildarviðskiptum yfir í 14,3% á áratug á sama tíma og vöxtur verslunar hefur verið að meðaltali um 3,4% á ári. Netverslun hefur hins vegar aukist að umfangi um 15% á ári á síðustu tíu árum,“ segir Ásta.

#### Vörurnar frá Vitra sívinsælar

Karólína Porter, verslunarstjóri húsgagnaverslunar Pennans, segir vissar vörur alltaf njóta vinsælda. Hún nefnir sérstaklega vörurnar frá Vitra og segir húsgögn og gjafavörur frá þeim hafa verið afar vinsælar um árabíl. „Einna vinsælast í vefversluninni eru klassísku hönnunarvörurnar frá Vitra,“ segir Karólína.

Hún segir vörurnar frá Vitra henta við hvaða tilefni sem er. „Við erum með allt frá lítilli gjafavöru og upp í stærri húsgögn eins og Lounge Chair og Eames eldhústólana,“ segir hún. Þá segir hún að hinn sígildi Eames House Bird og Hang it all snagarnir njóti stöðugra vinsælda, enda einstaklega falleg

og vonduð vara með mikið notagildi, nú fánleg í mörgum litum, þar á meðal svörtum, og úr eik. Þá vekur Karólína sérstaka athygli á því að Eames House Bird, fuglinn fagri, er á tilboði út ágúst.

#### Hagstæð kjör og tilboð

Karólína segir enn fremur eitt helsta markmið hjá Pennanum Húsgögn vera að bjóða upp á samkeppnishæf verð á öllum vörum frá Vitra. Hún segir ánægjulegt að geta gert viðskiptavinum sem eiga erfitt með að komast frá kleift að festa kaup á þessum vonduðu hönnunarvörum. „Það er mjög gaman að geta boðið slíka gæðavöru fyrir fólk sem jafnvel kemst ekki í verslun okkar að Skeifunni 10,“ segir hún.

Karólína nefnir að salan sé mjög þétt og jöfn yfir árið enda bæði fyrirtæki og einstaklingar sem versla í netverslun. Hún mælir með því að fólk fylgist vel með því sem er um að vera í netversluninni. „Vert er að fylgjast með mánaðartilboðum okkar á heimasíðunni en þar er að finna ný tilboð í hverjum mánuði á húsgögnum og gjafavöru í hæsta gæðaflokki,“ útskýrir Karólína. Þá bætir hún við að slagorð húsgagnadeildar Pennans sé einfaldlega „Farðu vel með þig.“

Sjá nánar á [www.penninn.is](http://www.penninn.is).

# Kaupa meira á góðum síðum

Ef fólk er óöruggt með netverslunina sem það er að skoða á vefnum kaupir það síður þótt það langi í vöruna. Gott útlit á netverslun skiptir gríðarmiklu máli. Einnig þarf síðan að vera símavæn.

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Samkvæmt sænskri rannsókn kaupir fólk dýrari vörur ef netsíðan er glæsileg. Netsíðan getur þannig virkað eins og sálfræði á fólk. Dýrari merkjavörur eru frekar keyptar frá netverslun í eigin landi en frá útlöndum, að því er rannsóknin sýnir. Óöryggi er ástæða þess að fólk veðjar fremur á verslun í heimalandi. Margir vilja þekkja til seljandans.

Góðar upplýsingar á netsíðunni geta þó aukið sölu á erlendum síðum. Sömuleiðis ef einfalt er að nota síðuna. Netsala innanlands í Svíþjóð hefur aukist mikið á síðustu árum. Miklar rannsóknir hafa verið gerðar þar í landi á rafrænni verslun. Notendavæn netverslun virðist draga að sér mun fleiri kaupendur á netinu en þær sem eru flóknar. Sumir veigra sér við að versla við netverslun í fjarlægum landi þótt varan sé mun ódýrari en í heimalandinu. Vantraust á seljandanum er ein aðalorsök þess, fólk er hrætt við að gefa upp kreditkortanúmer ef það þekkir ekki verslunina.



Norðurlandabúar virðast versla mikið við nágrannalönd á netinu.

## Netsala vinsæl

Í könnun sem norski Pósturinn gerði kom fram að 85% Norðmanna höfðu einhvern tíma verslað á netinu. Vinsælustu netverslanir hjá Norðmönnum

eru í Bretlandi, Bandaríkjunum og Kína. Norðmenn þurfa að greiða tolla og skatta af vörum sem keyptar eru í gegnum erlendar vefsíður ekkert síður en Íslendingar. Norðmenn eru einmitt hvattir til að kynna sér skatta og tolla af vörum áður en þær eru keyptar frá útlöndum. Þótt varan sé ódýr verð-

ur hún það kannski ekki þegar hún kemur yfir landamærin. Þá er bent á lakari viðskiptahætti og réttindi neytenda. Ef um heimamarkað er að ræða eru réttindin þau sömu og þegar farið er í verslunina. Reglur geta verið aðrar í öðrum löndum. Það getur til dæmis verið erfitt að skila vöru til Kína en skilaréttur er

Netið kemur í góðar þarfir þegar skoða á ferðalag til annarra landa. En einnig er gaman að skoða ýmsar vörur sem boðnar eru í netverslunum.

á öllum vörum í heimalandinu. Margar innlendar netverslanir bjóða upp á að sækja vöru í verslun. Það sparar sendingarkostnað. Aðrar bjóða upp á heimsendingu á vörum án kostnaðar. Norðmenn vara við sjóræningjaverslunum á netinu. Ekki er víst að varan skili sér til kaupanda en kaupandinn verður mörgum krónum fátækari. Samkvæmt norska viðskiptavefnum E24 í Noregi eyða Norðmenn um 45 þúsund krónum í netkaup hvern mánuð að meðaltali. Stærsti kaupendahópurinn er á aldrinum 25-44 ára. Karlmennt eyða stærri fjárhæðum en konur á netinu. Samkvæmt miðlinum eru sumir karlar „Mr. Big Spender“, sérstaklega þeir sem búa úti á landi í meðalstórum bæjum. Sá karlaður kaupir fatnað, skó og fylgihluti á netinu auk flugferða og hótela. Bæði kynin nota farsímamann til að kaupa á netinu. Er bent á að stjórnendur fyrirtækja verði að athuga að gera heimasíður sínar aðgengilegar fyrir síma. Rafræn verslun mun aukast á næstu árum eftir því sem traffíkin eykst. Umtalsverð aukning hefur verið í netsölu alls staðar í heiminum á undanförunum árum og er alltaf að verða meiri.

# Beint úr netverslun í dreifikerfi Póstsins

Pósturinn er að gefa töluvert í í þjónustu við íslenskar netverslanir og viðskiptavinum þeirra. Fyrir rekstraraðila netverslana hér á landi hefur Pósturinn hannað einfaldar veflausnir sem sniðnar eru að þörfum þeirra.

Póststöð er skráningarkerfi fyrir fyrirtæki sem auðveldar skráningu, merkingu og umsýslu sendinga. „Á síðustu mánuðum hefur Pósturinn hannað smáforrit sem beintengir netverslanir við Póststöðina í gegnum Shopify-kerfið. Með þessari lausn fara allar pantanir úr netverslun beint í Póststöðina, engin milliskref, heldur beint inn í dreifikerfi Póstsins og til neytenda,“ segir Elvar Bjarki Helgason, forstöðumaður söludeildar hjá Póstinum. „Netverslunin getur þá stjórnað

því og sérsníðið hvaða þjónusta kemur fram á vefsíðu söluadila þegar lokið er við pöntun. Sama lausn fyrir netverslanir sem notast við WooCommerce-kerfið er væntanleg von bráðar og fyrir stærri netverslanir sem notast ekki við stöðluð netverslanakerfi eins og Shopify eða WooCommerce bjóðum við upp sérstaka vefþjónustugátt,“ bætir Elvar Bjarki við og heldur áfram: „Sá möguleiki býður rekstraraðilum netverslana að forrita á móti okkar þjónustu, hanna og birta eftir sínu höfði þá þjónustu sem hann vill bjóða upp á. Þegar kemur að síðasta leggnum eða svokallaðri „last mile“ þá skipta afhendingarkostir miklu máli. Við hvetjum rekstraraðila íslenskra netverslana til að hafa samband við söluráðgjafa okkar í síma 580 1000 fyrir frekari kynningu og upplýsingar,“ segir Elvar Bjarki.

## Póstbox opin alla daga, allt árið

„Við hjá Póstinum erum sífellt að leitast við að mæta auknum kröfum viðskiptavina þegar kemur að afhendingu sendinga. Minn Póstur er þitt eigið svæði á vefnum og í appinu þar sem þú velur það þjónustusnið og afhendingarmáta sem hentar þér best. Þú einfaldlega skráir þig þig á minnpostur.is og leyfir okkur að sjá um allt fyrir þig,“ segir Sigmar Sigfússon, stafrænn sérfræðingur hjá Póstinum.

„Markmið okkar er að koma með lausnir sem auðvelda viðskiptavinum lífið, hvort sem um er ræða sendendur eða móttakendur. Eins og staðan er í dag geta viðskipta-

Póstbox einfaldar þér lífið!



Póstboxin eru frábær nýjung og þægileg þegar sækja þarf sendingar.

Markmiðið er að koma með lausnir sem auðvelda fólki lífið, hvort sem um er ræða sendendur eða móttakendur.

vinir valið um þrjár mismunandi leiðir til að fá sendingar afhentar, hægt er að fá afhent á pósthúsi að eigin vali, fá sendingu heim að dyrum eða fá sendingu í Póstbox,“ upplýsir Sigmar. „Póstbox Póstsins eru mjög spennandi afhendingarleið en um er að ræða sjálfsafgreiðslukassa sem eru staðsettir á átta stöðum á höfuðborgarsvæðinu þar sem viðskiptavinir geta nálgast sendingarnar sínar þegar þeim hentar en kassarnir eru aðgengilegir allan sólarhringinn og það tekur örskamma stund að sækja pakka. Það kostar ekkert aukalega að fá sendingu í Póstbox og öll samskipti eru auk þess rafræn sem gerir það að verkum að þú ert með þjónustuna við höndina, hvort sem það er í snjallsímanum eða tölvunni. Þegar sótt er í Póstbox er annar augljós kostur að geta áframsent SMS eða tölvupóststilkynningar til vina eða vandamanna til þess að sækja fyrir þig sendinguna ef þú kemst ekki sjálfur í Póstboxið.“

Allar nánari upplýsingar um afhendingarval og Póstbox eru aðgengilegar á heimasíðu Póstsins, postur.is

# 14 STÖÐUM UM LAND ALLT

Þú getur nú pantað matvöru í gegnum vefverslun Nettó og sótt á 14 stöðum um land allt



**VERSLAÐU  
Á NETTO.IS**  
**FLJÓTLEGT - EINFALT - ÞÆGILEGT**

# Perla design

www.perladesign.is



Persónuleg hengi fyrir verðlaunapeninga

## Upplögð afmælis- eða jólagjöf

Einnig til persónuleg fatahengi, jólakúlur, diska-skreytingar, kökutoppar o.m.fl. Geymið auglýsinguna.

Sími: 8942176

Perla design er á facebook



Breki Karlsson er hagfræðingur að mennt og formaður Neytendasamtakanna. Hann hefur ekki áhyggjur af þróun verslunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kauphegðunin breytist hratt

Formaður Neytendasamtakanna segir vanta rannsóknir á netverslun Íslendinga og vill stórefla neytendarannsóknir. Mikill fjöldi mála kemur á borð samtakanna vegna þjónustukaupa á netinu. Ný Evrópureglugerð mikil búbot fyrir þann sífelld stækkandi hóp sem kys að versla á netinu.

Ólöf

Skaftadóttir

olof@frettabladid.is



**B**reki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir erfitt að spá um framtíð verslunar. „Ég er hagfræðingur og hagfræðingur er tamt að segja á morgun af hverju spáin sem þeir gerðu í gær, sé röng í dag. Það er erfitt að spá um hvað framtíðin ber í skauti sér. En víst er að kauphegðun er að breytast mjög mikið og mjög hratt,“ segir hann og segir vísbendingar um miklar breytingar í nágrenni okkar.

„Þess vegna myndi ég vilja stórefla neytendarannsóknir á Íslandi svo við getum betur gert okkur grein fyrir þróuninni og brugðist við henni,“ segir Breki.

## Hefðbundin verslun á undanhaldi?

Viða í stórborgum erlendis eru hefðbundin verslunarymi á undanhaldi. Ekki þarf annað en að ganga um götur í London eða New York til að sjá auð verslunarymi á áður eftirsóttum götum. Leiguverð á atvinnuhúsnæði fer hækkandi víðar en í Reykjavík. „Ég hef satt að segja ekki stórkostlegar áhyggjur af þessu. Ég trúir því að þetta muni allt finna sér farveg og rýmin fyllist á ný.“

Mikilvægt sé þó að borgaryfirvöld séu meðvitund um þróunina. „Borgarumhverfið tekur sífelldum breytingum. Það er til dæmis magnað að sjá gamlar myndir af mjólkurbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur. Með breytti tækni og lögum hurfu þær allar og rýmin þar sem þær voru fengu annað hlutverk. Skipulag borga tekur þannig breytingum og verður á hverjum tíma að taka mið af breytingum í þjóðfélaginu.“

Breki segir eigendur hefðbundinna verslana ekki eiga að óttast aukningu í netverslun. „Þeir geta brugðist við á margan hátt. Til dæmis má nefna að áhugi á hægari lífsstíl og verslun og framleiðslu í heimabyggð er að stórukast. En



Hefðbundin verslun er að taka stórfelldum breytingum. Það setur svip á borgir heimsins. Visbendingar eru um miklar breytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

aftur, ef við hefðum betri neytendarannsóknir gætu verslunar-eigendur einnig tekið betri ákvarðanir um hvernig sé best að bregðast við breyttum háttum.“

## Ný reglugerð eflir neytendur

Hingað til eru mörg dæmi þekkt um að neytendur hafi ekki getað fengið vöru eða þjónustu keypta á netinu nema að vera búsettir í því landi þar sem netverslunin er starfrækt eða að seljandi hafi ákveðið að selja eingöngu til ákveðinna landa. Þegar ný EES-tilskipun tekur gildi, sem samþykkt var í desember 2018, verður slíkt óheimilt. Breki segir þetta munu hafa mikil og jákvæð áhrif á neytendur.

„Reglugerðin snýr raunar að afnámi óréttmætra landfræðilegra hindrana og annars konar mismununar á grundvelli þjóðernis viðskiptavina, búsetu eða staðsetningu starfsstöðvar á EES-svæðinu. Þetta þýðir að vefverslunum er bannað að mismuna neytendum á grunni þjóðernis eða búsetu. Seljendum er því ekki lengur heimilt að neita því að selja vörur eða þjónustu vegna þess að kaupandi býr í öðru landi eða notar erlent greiðslukort,“ segir

Breki. „Seljanda er þó ekki skylt að annast sendingu vöru. Því gæti komið til þess að kaupandi þurfi að annast sendinguna sjálfur.“

## Mörg mál á borði samtakanna

Mikill fjöldi mála kemur á borð samtakanna vegna þjónustukaupa á netinu. „Yfirleitt eru það mál sem varða ferðaskrifstofur og kaup á flugferðum. Þá leita margir til samtakanna til að leita upplýsinga um stöðu sína gagnvart vefverslunum sem telja sig eingöngu vera milligönguadila. Ef vara reynist gölluð vísa þeir yfirleitt til þriðja aðila, sem á að vera söluadilinn. Oft reynist þá erfitt að ná til þessa þriðja aðila. Réttarstaðan í slíkum málum er stundum umdeild, en Neytendasamtökin telja að sá aðili sem annast sölu sé í flestum tilvikum ábyrgur fyrir seldri vöru,“ útskýrir Breki en bætir við að neytendur hafi í raun ríkari rétt, kaupi þeir vöru eða þjónustu á netinu, en ef þeir kaupa á fastri starfsstöð seljanda.

„Þannig hafa neytendur 14 daga til að falla frá samningi án þess að þurfa að gefa upp ástæðu. Þann rétt hafa þeir ekki ef þeir kaupa vöru eða þjónustu í verslun.“

**TRI VERSLUN**  
WWW.TRI.IS

# Nýjar vörur vikulega á curvy.is

Stærðir 14-28 eða 42-56

komdu við í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu  
við Grensásveg eða pantaðu í  
netverslun [www.curvy.is](http://www.curvy.is)

SENDUM FRÍTT  
HVERT Á LAND  
SEM ER!



Úlpa  
**13.990 kr**  
Stærðir 14-28



Peysa  
**5.990 kr**  
Stærðir 14-28



Kjóll  
**8.990 kr**  
Stærðir 14-28



Spari leggings  
**5.590 kr**  
Stærðir 14-28



Kjóll  
**8.990 kr**  
Stærðir 14-28




Túnika  
**6.990 kr**  
Stærðir 14-28

Curvy 

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | [www.curvy.is](http://www.curvy.is)





Það borgar sig að vera vel vakandi og fara varlega í netverslunum.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Að forðast fölsuð föt í netverslun

**S**tundum eru fötin sem berast í pósti ekki eins og þau sem við pöntuðum, eða héldum að við værum að panta. Hér er nokkur góð ráð af vefsíðu News-Anyway til að koma auga á falsanir í netverslunum.

**Ofgott til að vera satt:** Ef þú finnur ódýra flík frá merki sem er venjulega dýrt eru góðar líkur á að það sé fölsuð vara. Stóru merkin lækka verðið aldrei mikið, jafnvel á útsölum.

**Ótraustvekjandi seljandi:** Það er gott að kynna sér umsagnir sem netverslunin hefur fengið frá notendum áður en maður pantar frá nýrri búð sem maður veit lítið um. Yfirleitt er auðvelt að finna þær með leit á Google.

**Ósamræmi í myndum:** Flest stór merki birta myndir af vörum á vef sínum, jafnvel þótt þar sé ekki vefverslun. Það er því yfirleitt auðvelt að bera þær myndir saman við myndir af vörum í vefverslunum. Vondar eða óskýrar myndir eru góð vísbending um fölsun. Það sama gildir ef það er ekki hægt að finna vöruna á heimasíðu merkisins.

**Gagnrýnin hugsun:** Það er líka alltaf gott að hugsa einfaldlega um hvort það sé líklegt að einhver óþekkt síða sé að selja þekkt merkjavöru á lægra verði en allir aðrir. Það borgar sig að skoða allt með gagnrýnu auga og leita að göllum, annars gætu þeir komið manni leiðinlega á óvart.



Danir nota símann mikið í sumarfríinu þótt þeir séu í útlöndum.

## Í símanum í fríinu

**N**etnotkun Dana í útlöndum hefur aldrei verið meiri en í sumar. Danir notuðu netið 33% meira í gegnum símann í þeim löndum sem þeir ferðast mest til en í fyrra. Þetta sýna tölur frá dönsku símafyrirtæki sem mældi notkun í 27.-33. viku sumars.

Tölurnar þykja sýna að Danir taka venjulega farsímanotkun með sér í sumarfríið. Símann inniheldur að sjálfsögðu ótrúlega mikið af nauðsynlegum upplýsingum sem fólk er vant að hafa við höndina.

Þá þykir sýnt að netsamband er víða svo aðgengilegt, til dæmis á hótélum, að fólk hikar ekki við að streyma kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og YouTube-myndböndum. Gagnanotkun Dana var mæld í 64 löndum, þar með talið í gegnum 3LikeHome sem er símkort sem notað er í löndum utan Evrópu en kostnaðurinn er þá sá sami og í Danmörku. Frá árinu 2016 er sama farsímagjald í mörgum löndum Evrópu, að minnsta kosti þeim sem eru í EB eða EFTA. Fólk varar sig kannski ekki á að símanotkun í öðrum löndum getur verið mjög dýr, til dæmis í Tyrklandi þangað sem margir fara í frí.

# Fatakaup án vonbrigða

**M**eð tilkomu netverslana er hægt að versla við næstum hvaða fataverslun heimsins sem er heiman úr stofu. Þó þarf að fara varlega þegar kemur að stærðum enda er fátt meira svekkjandi en að fá draumaflíkina heim og hún passar ekki. Hér eru heilræði við fatakaup á netinu:

• Stærðir eru mismunandi eftir framleiðendum og því ekki

óhætt að kaupa sömu stærð og þú varst í síðast eða telur þig vera í. Því er mikilvægt að hafa öll mál rétt og bera þau saman við stærðartöflur hverrar verslunar fyrir sig. Taktu nákvæmt mál af mjöðmum, mitti og brjóstkaða til að spara þér vonbrigðin þegar flíkin reynist of litil vegna þess að þú valdir eftir fatanúmerinu.

• Ef þú ferð oft í sömu fataverslun á netinu er gott að hafa við

höndina lista yfir stærðir sem þú hefur áður keypt hjá þeim söluaðila.

- Flestar netverslanir leyfa komm-entakerfi fyrir viðskiptavinum sína. Það getur verið gagnlegt að lesa það sem öðrum fannst um flíkina sem þú ert spá í að kaupa; stærðina, efnið og fleira.
- Lestu vel skilmála verslunarinnar um skilafrest til að geta skilað og skipt í tæka tíð.



Það eykur enn á kauggleðina ef flíkin úr netversluninni passar.

# ELLINGSEN.IS

THE NORTH FACE

# AIR.is

# SKÓR.is




OPÍÐ ALLAN SÓLARHRINGINN



3 VERSLANIR 1 KARFA



Vöruval úr 14 búðum



AFHENDINGARSTADIR 4



SENDUM HVERT Á LAND SEM ER



ENDURGREIÐSLUFRESTUR 14 DAGAR

# HOKA ONE ONE

- SVÍFÐU YFIR JÖRÐINA!



## HÁMARKS DEMPUN - NÝ UPPLIFUN Í HLAUPASKÓM!



Sky Toa  
Göngu/Hlaupaskór  
verð: kr. 24.990.-



Carbon X  
Mikil dempun  
verð: kr. 28.990.-



Rincon  
Meta Rocker tækni  
verð: kr. 19.990.-



Clifton 6  
Tvöfaldur miðsólí  
verð: kr. 23.990.-



Speedgoat 3  
Utanvegaskór  
verð: kr. 23.990.-

 **FIT & RUN  
EXPO**

Verðum með bás á Fit & Run sýningunni í Laugardalshöll dagana 22. og 23. ágúst. Mikið úrval af hlaupaskóm og hlaupavörum. Frábær tilboð af eldri gerðum.

- VERIÐ VELKOMIN! -

# asics



Nimbus 21  
Hlutlaus styrking  
verð: kr. 28.990.-



Kayano 25  
Hlutlaus styrking  
verð: kr. 28.990.-



Fujitrabucco  
Utanvegaskór  
verð: kr. 24.990.-



Quantum  
Gelpúði allan hringinn  
verð: kr. 26.990.-



Nimbus 21  
Hlutlaus styrking  
verð: kr. 28.990.-

# SPORTÍS

MÖRKIN 6 - 108 RVK - S: 520-1000 - SPORTIS.IS 



ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR FRÁ

**no secret**

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verzlunin Belladonna

**belladonna**



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



BACK TO BUSINESS

**comma,**

SMÁRALIND

**HLAÐVARPIÐ**

á **frettabladid.is**

hlustaðu þegar þér hentar



**(••) Lifum lengur**

FRETTABLAÐIÐ.IS

# Á sýru í síðkjólum á rauða dreglinum

Skaparar South Park, þeir Trey Parker og Matt Stone, hlífa engum í listsköpun sinni, hvorki sjálfum sér né öðrum, og kom það skýrt fram á rauða dreglinum árið 2000.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir  
hjordiserna@frettabladid.is



**F**rá því að þeir Parker og Stone komu fram á sjónarsviðið fyrir rúmum tuttugu árum hafa þeir verið einhverjir áhrifamestu og beittustu samfélagsgagnrýnendur okkar tíma. Þá hafa þeir einnig slegið í gegn í kvikmynd- og leikhúsbansanum og má þar nefna hinn margverðlaunaða söngleik Book of Mormon en hann hefur verið sýndur úti um allan heim um árabil.

Þegar þeim félögum, sem eitt sinn var lýst sem hötuðustu mönnum í Hollywood, var boðið á Óskarsverðlaunahátíðina árið 2000, var ljóst að allt gæti gerst. Fáa hefur þó eflaust grunað hvað væri í vændum.

## Hugdjarfir og hæfileikaríkir

Árið 2000 fengu þeir tilnefningu fyrir lag ársins en það var lagið „Blame Canada“ (eða „Áfellingumst Kanada“) úr mynd þeirra South Park: Bigger, Better, Uncut. Þeir Parker og Stone gefa ekki mikið fyrir uppstrílaða uppgerðina sem einkennir heim stórstjarnanna og var Óskarsverðlaunahátíðin engin undantekning. Þeim fannst engin undantekning. Þeim fannst engin undantekning. Þeim fannst engin undantekning. Þeim fannst engin undantekning.

Upphaflega voru þeir að velta fyrir sér að klæðast andabúningum en töldu að það gæti orðið til þess að þeim yrði vísað frá. Ef þeir væru klæddir síðkjólum, aftur á móti, þá væri býsna erfitt fyrir skipuleggjendur að færa sannfærandi rök fyrir því hvers vegna þeir mættu ekki klæðast kjólum, líkt og flestir kvenkyns gestir hátíðarinnar.

En það var ekki nóg. Þegar stóra stundin nálgadist urðu þeir tvístigandi. Það var þá sem þeir tóku ákvörðun um að innbyrða smá sýru. Klukkutíma síðar fylltust þeir nýfengnum eldmóði og sögðu síðar í viðtali að á þeim tímamarki hefði ekki neitt annað komið til greina en að klæðast kjólum.

## Kvöldið töfrum líkast

Félagarnir tóku meðvitaða ákvörðun um að minnst ekki á kjólana sem þeir klæddust en eins og flestir vita þá er mikið lagt upp úr klæðnaði gesta hátíðarinnar. Þegar þeir voru itrekað spurðir út í kjólana svöruðu þeir einfaldlega aftur og aftur „þetta kvöld er töfrum líkast“ eða „it's such a magical night“ eins og það útleggst á ensku.

## Innblásnir af umtöluðum kjólum þekkra leikkvanna

Síðkjólarnir sem þeir klæddust voru að þeirra sögn innblásnir af eftirminnilegum og umtöluðum kjólum sem þær Jennifer Lopez og leikkonan Gwyneth Paltrow klæddust á verðlaunahátíðum skömmu áður. Jennifer Lopez klæddist grænum kjól frá Versace á Grammy-hátíðinni og Gwyneth Paltrow klæddist bleikum kjól frá Ralph Lauren þegar hún tók við Óskarsverðlaununum fyrir leik



Trey Parker og Matt Stone sögðu að kvöldið væri töfrum líkast.

„Það versta við að koma niður af sýru á Óskarnum er þegar þú áttar þig á að þú ert ennþá á Óskarnum.“

sinn í kvikmyndinni Shakespeare in Love árið áður.

## Að „Charlie Sheen-a“

Þeir Parker og Stone mættu í sófann til spjallþáttastjórnandans Davids Letterman árið 2011 til að ræða söngleikinn The Book of Mormon. Þegar Letterman spurði þá út í þetta eftirminnilega atvik þá sögðu þeir félagar að þeir hefðu einfaldlega verið að „Charlie Sheen“-a og voru þeir þá að vísa til leikarans og vandræðapésans Charlie Sheen sem var á þessum tíma fastagestur á síðum slúðurblaðanna. „Jæja, þannig að þið farið svona á hátíðina, og hvað svo?“ spurði Letterman. „Þú tapar


fyrir Phil Collins.“ svaraði Parker og bætti við: „Þá finnst þér þú ekki svo svalur.“

Í spjallþætti Lettermans tóku þeir þó ekki fram hvaða fíkniefna þeir hefðu neytt og því voru uppi getgátur um það að þeir hefðu verið á kókaíni, enda fátt jafn lýsandi fyrir Charlie Sheen. Þeir sögðust þá tilneyddir til þess að leiðrétta þann misskilning og tóku þeir því fram skömmu síðar að efnið sem um ræddi hefði verið sýra en ekki kókaín.

## Caine sáttur en ekki Estefan

Aðrir gestir hátíðarinnar tóku misvel í uppátækið. Þannig var Michael Caine ánægður með þá á meðan Glóriu Estefan þótti ekki mikið til þeirra koma. „Sumir voru í sjöunda himni þegar við mættum á Óskarinn í þessum kjólum. Michael Caine var til dæmis mjög spennur. En ég man að Gloria Estefan var virkilega pirruð,“ sagði Stone.

Parker lýsti svo þessari upplifun síðar á skoplegan hátt. „Það versta við að koma niður af sýru á Óskarnum er þegar þú áttar þig á að þú ert ennþá á Óskarnum,“ útskýrði hann.



# HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettablaðið.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á [frettabladid.is](https://frettabladid.is)



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook og Instagram

FRETTABLAÐID.IS

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú lítr í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 228.000,-

**SUZUKI**  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is

## Bílar til sölu



Honda Civic árg. 2013, ek. 86.500 km. Mjög vel meðfarinn. Diesel og beinskíptur, Negld vetrardekk fylgja. Uppl. í s: 860-2266.

## Bílar óskast

### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

## Fjór hjól



**ZFORCE 1000**  
Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur, hátt og lágt drif m/ læsingu, traktosskráður.

**Kr. 2.949.900,-**



Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

## Þjónusta

## Hreingerningar

### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Hellulagnir, lóðastandsetning, skjólveggir og pallasmiði. Jónas Freyr Harðarson garðyrkjufraeðingur s: 697-8588.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald

**FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**  
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Keypt & Selt

## Til sölu



Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

### STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opíð mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.



visir þú að...  
Ófberðisumir tölvalerkir  
hafa áhrif á börn.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

### Geymsluhúsnæði

#### GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Stýrimann vantar í 2 vikur í afleysingar á MB Friðrik Sigurðsson Á.R.17. Uppl. hjá skipstjóra í síma 694-8908.

**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**  
gjofsemgefur.is  
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

Betri Bílakaup Eirhöfða 13 Sími : 511 2777

## BETRIBILAKAUP.IS

Flutt á nýjan stað með flott og stórt plan. Vantar allar gerðir af bílum á skrá og á staðinn. Það er frítt að skrá bílinn hjá okkur og það kostar heldur ekkert að láta hann standa hjá okkur. Erum með myndefirlit á planinu.

**FJÓRÐUNGS afsláttur af sölulaunum af öllum seldum bílum af planinu í ágúst OG september!**

Betri Bílakaup 511 2777



Vantar þig starfsfólk?

**HAGVANGUR**  
hagvangur.is



### Honda Jazz Comfort

Nýskráður 8/2018, ekinn 5 þús.km., bensín, sjálfskíptur.

Verð kr. 2.690.000

Afborgun kr. 34.168 á mánuði



### Honda CR-V Executive

Nýskráður 2/2015, ekinn 63 þús.km., bensín, sjálfskíptur.

Ásett kr. 3.690.000  
Tilboð kr. 3.290.000

Afborgun kr. 41.753 á mánuði



### Honda Jazz Dynamic

Nýskráður 6/2019, ekinn 1 þús.km., bensín, sjálfskíptur, sýningarbíll frá umboðinu.

Verð kr. 2.990.000

Afborgun kr. 43.018 á mánuði



### Ford Grand C-Max Titanium

Nýskráður 5/2018, ekinn 34 þús.km., bensín, sjálfskíptur.

Verð kr. 3.390.000

Afborgun kr. 43.018 á mánuði



### Honda CR-V Executive Hybrid

Nýskráður 4/2019, ekinn 4 þús.km., bensín, sjálfskíptur.

Tilboðsverð kr. 6.290.000

Afborgun kr. 79.682 á mánuði



**NOTAÐIR BÍLAR**

Bilakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is



OPIÐ HÚS: Fimmtudaginn 22.ágúst frá kl. 16-18

NÝTT  
Í SÖLU

# VINASTRÆTI 10-12 & 2-4

VEL SKIPULAGÐAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í GARÐABÆ

ÞG Verk kynnir nýjar og glæsilegar fasteignir til sölu í Urriðaholti í Garðabæ. Urriðaholt er fyrsta hverfið hér á landi til að hljóta vistvottun samkvæmt vottunarkerfi BREEAM Communities. Byggingarnar eru efst á hæðinni og eru margar íbúðanna með frábært útsýni.



**ÞG VERK**  
WWW.TGVERK.IS

Framúrskarandi  
fyrirtæki

- ✓ Sýningaríbúð er íbúð 204 í Vinastræti 2-4
- ✓ 36 glæsilegar íbúðir samanlagt í lyftuhúsnæði
- ✓ Innangengt í bílastæðahús
- ✓ Vel hannaðar 2-4 herbergja íbúðir frá 58-126 fm
- ✓ Glæsilegar innréttingar og tæki

[www.tgverk.is/fasteignavefur](http://www.tgverk.is/fasteignavefur)



Breiðavík 89  
112 Reykjavík



Glæsilegt 320 fm einbýlishús á tveimur hæðum auk bílskúrs. Aukaíbúð er á neðri hæð hússins sem er með séringangi. Frábært útsýni er úr húsinu sem er klætt með Zinki og Sedrusvið. 3-4 svefnherbergi. Stórar stofur með mikilli lofthæð og frábæru útsýni. Stofur með arni og útgengt á verönd. Glæsileg eign í nágrenni við skóla og íþróttir – Korpúlfsstaðagolfvöllur er í 300 metra fjarlægð. Húsið getur verið til afhendingar fljótlega.



Nánari upplýsingar veitir:  
Pröstur Þórhallsson, löggr. fasteignasali  
throstur@miklaborg.is sími: 897 0634

Verð: **129,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **569 7000** Lág múla 4 [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)  
**MIKLABORG** Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggitir fasteignasalar  
- með þér alla leið -

# Atvinnuauðglýsingar | Job.is

## Veghönnun

capacent

Vegagerðin leitar að byggingarverkfræðingi eða byggingartæknifræðingi til starfa á hönnunardeild sem hefur áhuga á að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni allt frá frumstigum hönnunar til framkvæmda.

Upplýsingar og umsókn á [capacent.is/s/14199](http://capacent.is/s/14199)

## Sérfræðingur í jarðtækni

capacent

Vegagerðin leitar að sérfræðingi á sviði jarðtækni til starfa á hönnunardeild. Viðkomandi þarf að hafa áhuga og reynslu af að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á sviði jarðtæknilegra rannsókna og burðarþolshönnunar vega.

Upplýsingar og umsókn á [capacent.com/s/14198](http://capacent.com/s/14198)

## Framkvæmdastjóri fjármála- og mannauðssviðs

capacent

Ölgerðin leitar að öflugum leiðtoga til að stýra fjármála- og mannauðssviði samstæðunnar sem samanstendur af fasteignafélagi, heildversluninni Danól ásamt móðurfélagi.

Upplýsingar og umsókn á [capacent.is](http://capacent.is)

## SÉRFRÆÐINGUR Á KJARASVIÐI



Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu óskar eftir að ráða sérfræðing á kjarasviði. Leitað er að öflugum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á kjara- og réttindamálum launafólks.

Upplýsingar veitir:  
Inga Steinunn Arnardóttir  
[inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)

Umsóknir óskast fylltar út á:  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).  
Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst nk.

## FRAMKVÆMDASTJÓRI NÝS ÞJÓNUSTUSVIÐS




Við leitum að framkvæmdastjóra til að leiða öflugt starf á nýju Þjónustusviði Vegagerðarinnar. Starfsstöðin er í Reykjavík. Starfið heyrir beint undir forstjóra og framkvæmdastjórinn tekur sæti í yfirstjórn Vegagerðarinnar.

Upplýsingar veita:  
Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs  
[katrin@hagvangur.is](mailto:katrin@hagvangur.is)  
Bergþóra Þorkeldsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar  
[bergthora.thorkeldsdottir@vegagerdin.is](mailto:bergthora.thorkeldsdottir@vegagerdin.is)  
Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir, mannauðsstjóri Vegagerðarinnar,  
[sigurbjorg.helgadottir@vegagerdin.is](mailto:sigurbjorg.helgadottir@vegagerdin.is)  
eða í síma 522 1000.

Umsóknir óskast fylltar út á:  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).  
Umsóknarfrestur er til og með 2. september nk.

## FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Þú finnur draumastarfið á  
**Job.is**

## Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is) 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, [vip@frettabladid.is](mailto:vip@frettabladid.is) 512 5426

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.


Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða  
[www.reisum.is](http://www.reisum.is)

**viftur.is**

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

**íshúsið**

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Göngubraut: 69.500,-

Hámarks þyngd notanda: 110 kg.  
8 prógröm.  
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.  
Hámarks hraði 14 km/klst.  
Stærð brautar: 42x115 sm.  
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.  
Bíldshöfða 16, Rvk.



## Geymsluskúrar / gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

## ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞAÐ ER ÞÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 512 5407 | [thjonusta@365.is](mailto:thjonusta@365.is)

## Snyrti & Nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plockun
- Tilboð 9.500,-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.  
Tímamantanir í s. 789 3031 • [snyrtiognuddstofansmart@gmail.com](mailto:snyrtiognuddstofansmart@gmail.com)  
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is) [gudruninga@frettabladid.is](mailto:gudruninga@frettabladid.is)

# Milli feigs og ófeigs

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

**S**tokkhólmi – Nú er hún tekin að skýrast myndin af bandarískum stjórnárum í aðdraganda forsetakosninganna 2020. Þetta skiptir máli. Trump forseti er óvinsælasti forseti landsins frá því Gallup hóf slíkar mælingar 1945. Meðal þrettán Bandaríkjaforseta frá Harry Truman til Donalds Trump er Trump hinn eini sem hefur aldrei notið stuðnings meiri hluta kjósenda eftir bráðum þriggja ára setu í Hvíta húsinu. Hann er hinn fyrsti sinnar tegundar. Bandarískir sagnfræðingar og stjórnmálafræðingar telja hann verstan allra 44ra forseta Bandaríkjanna frá öndverðu. Nýjar rannsóknir benda til að kjör hans 2016 megi skýra ekki bara með vönbrigðum margra kjósenda vegna staðnaðra lífskjara og ótímabærra dauðsfalla í dreifbýli heldur einnig með gamalgrónum fordómum gegn blökkumönnum og nýbyggjum, fordómum sem forsetinn hefur yft upp og haldið áfram að kynda undir.

## Styrkur Bandaríkjanna

Margt bendir þó til þess, m.a. margar skoðanakannanir, að Trump forseti muni að ári þurfa að lúta í lægra haldi fyrir frambjóðanda demókrata hver sem hann verður eða hún. Það sem hefur breytt er að æ fleiri sjá í gegnum forsetann og upphlaup hans og snúa því baki við honum auk þess sem nú virðist niðursveifla í bandarísku efnahagslífi vera í aðsigi líkt og víða annars staðar. Niðursveifla með auknu atvinnuleysi í aðdraganda kosninga bitnar jafnan á sitjandi forseta. Við bætist að forsetinn hefur ekki bara sætt óvenjuharkalegri fordæmingu andstæðinga sinna og fjölmiðla heldur eru nú einnig í gangi um 30 opinberar rannsóknir á meintum lögbrotum hans og manna hans af hálfu Bandaríkjaþings og saksóknara. Sumir nánir samstarfsmenn forsetans hafa þegar hlotið fangelsisdóma fyrir efnahagsbrot og aðra glæpi og sitja inni.

Þarna birtist styrkur Bandaríkjanna sem réttarríkis. Háir og lágir eru yfirleitt jafnir fyrir bandarískum lögum í þeim skilningi að dómara, forsetar, ríkisstjórar, saksóknarar og þingmenn eru íðulega dregnir fyrir dóm ef þeir brjóta lög. Fv. ríkisstjóri Illinois Rod Blagojevich aflánar nú t.d. 14 ára fangelsisdóm. Með þessu er þó ekki sagt að bandarískt réttarfar fari aldrei í manngreinaralit, öðru nær, því blökkumenn eru enn beittir margs kyns rangindum þótt þeir hafi nú í meira en hálfa öld staðið jafnfætis hvítum fyrir lögum. Og aðeins örfáir brotlegir bankamenn voru ákærðir og dæmdir eftir 2008 enda höfðu bankarnir fyllt fjárhirzlar beggja stjórnmálaflokka.

Þegar öllu er á botninn hvolft hvílir bandarískt stjórnarfar á skilvirkri þrískiptingu valds, öflugum fjölmiðlum og jafnræði hárra og lágra fyrir lögum. Þetta dugði til að koma Richard Nixon út úr Hvíta húsinu 1974. Fari svo að Trump fari með sigur af hólmi 2020 mun reyna aftur á innri styrk bandaríks stjórnarfars líkt og 1974.

## Heim til þín, Ísland

Vikur nú sögunni heim til Íslands þar sem hvorki skilvirkri þrískiptingu valds né jafnræði fyrir lögum er til að dreifa þótt fjölmiðlum hafi vaxið ásmegin. Hér skilur milli feigs og ófeigs. Framkvæmdarvaldið hefur bæði Alþingi og skipan dómara í hendi sinni sem fyrr og þverskallast við að staðfesta nýju

stjórnarskrána sem er einmitt ætlað að tryggja m.a. betra jafnvægi og skarpari skil milli valdþáttanna þriggja.

Mikið virðist einnig vanta upp á jafnræði fyrir lögum. Hæstaréttardómara hafa sakað hver annan um lögbrot án þess að Alþingi eða önnur yfirvöld hafi látið málið til sín taka. Alþingi samþykkti 2012 að láta rannsaka einkavæðingu bankanna en lét þó ekki af rannsókninni verða enda höfðu bankarnir fyllt fjárhirzlar

þriggja stjórnmálaflokka fyrir hrun. Hinn fjórði, svo við höldum okkur bara við fjórflokkinn, sagði ekki múkk.

## Banki eða þvottavél?

Seðlabankinn hefur tekið að sér að rannsaka sjálfur meint misferli innan bankans. Eftir að meint brot voru fyrnd birti bankinn loksins skýrslu um Kaupþingslánið án þess að nefna að þriðjungur lánsfjárins var lagður samdægurs inn á reikning

á Tortólu 6. október 2008. Skýrslan bætti engu við það sem vitað var löngu fyrr, öðru nær. Fyrir skömmu birti bankinn svo aðra skýrslu um innflutning gjaldeyris til landsins eftir hrun. Skýrslan staðfestir að bankinn leit undan frekar en að spyrja um uppruna fjárins svo sem honum bar. Bankinn neitar enn að birta nöfn þeirra sem fluttu féð heim. Fjölmiðlar hafa upplýst að meira en þriðjungur fjárins kom frá Lúxemborg og Sviss. Bankaráðsmenn þurfa

að upplýsa hvort og þá hvernig þeir ræktu lagaskyldu sína til að fylgjast með að bankinn færi að lögum.

## Ekkert lært, engu gleymt

Nær allir flokkar á Alþingi, bankarnir og stórfyrirtækin virðast staðráðin í að ríghalda í sukkið sem setti landið á hliðina 2008. Þau hafa að því er virðist ekkert lært og engu gleymt. Að því hlýtur að koma að fólkið í landinu taki sér tak og setji þeim stólinn fyrir dyrnar.

**50.000 Afsláttur**  
MEDAN BIRGÐIR ENDAST

**LEGION Y530**  
Leikjafartölva, i5, 16GB minni og leikjaskjökort  
**149.990**  
VERÐ ÁÐUR 199.990

ALLT AÐ

**60 ÞÚSUND**

AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM

**20.000 Afsláttur**  
MEDAN BIRGÐIR ENDAST

**LENOVO**  
Yoga 530 með i5 og 256GB SSD disk  
**119.990**  
VERÐ ÁÐUR 139.990

**MÖGNUN**

**OPNUNAR**

**TILBOÐ**

**MEDAN BIRGÐIR ENDAST**

**50% Afsláttur**  
AF YFIR 1000 VÖRUM

**VEISLA ALLA VIKUNA**  
Fjöldi opnunartilboða og ljúffengur Lurkur frá Emmessís í boði!

**50% Afsláttur**  
MEDAN BIRGÐIR ENDAST

**LENOVO**  
Yoga C N23 með snertiskjá  
**24.995**  
VERÐ ÁÐUR 49.990

**NÝ VERSLUN**  
Í MÖRKINI 3 REYKJAVÍK OG UNDIRHLÍÐ 2 AKUREYRI

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900





Andri Lucas Guðjohnsen, leikmaður Real Madrid, er í hópnum sem kemur saman til æfinga í Safamýri í september. NORDICPHOTOS/GETTY

## Stór spurning og mörg svör

Þorvaldur Örylgsson, landsliðsþjálfari U-19 ára landsliðs Íslands, valdi í gær hóp til æfinga í september. Hann segir ekkert eitt rétt svar til við spurningunni hvort leikmenn fari of snemma í atvinnumennsku.

**FÓTBOLTI** Þorvaldur Örylgsson, landsliðsþjálfari U19 karla, hefur valið hóp sem tekur þátt í landsliðsæfingum dagana 2.-6. september á Framvelli. Þorvaldur valdi 26 stráka en þetta er liður í undirbúningi liðsins fyrir undankeppni EM 2020 13.-19. nóvember þar sem Ísland leikur í riðli með heimamönnum Belgum, Albaníu, og Grikklandi. Þrettán leikmenn eru atvinnumenn, þar á meðal Andri Lucas Guðjohnsen frá Real Madrid en restin spilar hér heima, meðal annars ungstirni Pepsi Max deildarinnar, Valgeir Valgeirsson.

Einn spilar í C-deildinni með Vestra, Þórður Gunnar Hafþórsson, en hann er kominn með 60 leiki í meistaraflokki þrátt fyrir að vera aðeins 18 ára. Nýlegar fréttir af íslenskum atvinnumönnum sem fóru ungir út til að láta drauminn rætast sýna að þeir eru flestir staddir í varaliðum eða jafnvel bara fastir í unglingsliðum.

Þorvaldur segir að ekkert eitt rétt svar sé við þeirri spurningu hvort leikmenn eigi að fara út í atvinnumennsku til að æfa með unglings- og varaliðum eða vera hér á Íslandi og spila fótbolta í meistaraflokki. „Þetta er spurning sem við erum endalaust að velta fyrir okkur og búinir að gera það í mörg ár. Frá mínum bæjardrym séð þá finnst mér að ef strákar hafa tækifæri til að fara utan í góða klúbba sé erfitt að standa í vegi fyrir því. Við höfum séð það heppnast með betri leikmenn okkar og þá er það betra til lengri tíma en það er ekki algilt að það sé rétta aðferðin.

Ég bendi stundum á að fólk fer í mennta- eða háskóla og það gengur ekki alltaf upp þá braut sem viðkomandi fetar fyrst. Menn geta líka verið óheppnir í ákvörðunartöku. Ég held samt að þegar ungur drengur fær tækifæri til að fara utan, hvort sem það er í unglingsliðið eða b-lið þá er erfitt að standa í vegi fyrir honum. Stefna flestra er yfirleitt að ná langt í fótboltanum.

Miðað við fjöldann sem er að fara

### 🔗 Hópurinn

**Róbert Orri Þorkelsson**  
Afturelding

**Andri Fannar Baldursson**  
Bologna

**Karl Friðleifur Gunnarsson**  
Breiðablik

**Kristall Máni Ingason**  
FC København

**Hákon Haraldsson**  
FC København

**Danijel Dejan Djuric**  
FC Midtjylland

**Sigurjón Daði Harðarson**  
Fjölnir

**Jóhann Árni Gunnarsson**  
Fjölnir

**Arnór Ingi Kristinsson**  
Fylkir

**Hákon Rafn Valdimarsson**  
Grótta

**Orri Hrafn Kjartansson**  
Heerenveen

**Valgeir Valgeirsson**  
HK

**Jón Gísli Eyland Gíslason**  
ÍA

út að spila þá eru alltaf einhverjir sem koma heim, út af mismunandi hlutum. Að sama skapi eru margir sem ná að búa til góðan feril. Við erum ekki búnir að finna lausn á þessari gátu en það eru drengir að fara utan og leitast við að verða atvinnumenn og verða betri og við reynum að styðja þá eins vel og við getum.“

### Íslenska leiðin

Þorvaldur og Davíð Snorri Jónsson aðstoðarlandsliðsþjálfari völdu þrjá árganga til að koma saman á þessar æfingar sem er ekki algengt. Þeir eru fæddir 2003, 11 eru fæddir 2002 og afgangurinn er á elsta og síðasta

**Ísak Bergmann Jóhannesson**  
IFK Norrköping

**Oliver Stefánsson**  
IFK Norrköping

**Davíð Snær Jóhannsson**  
Keflavík

**Vuk Óskar Dimitrijevic**  
Leiknir R.

**Atli Barkason**  
Norwich City

**Ísak Snær Þorvaldsson**  
Norwich City

**Teitur Magnússon**  
OB Odense

**Jökull Andrésson**  
Reading

**Andri Lucas Guðjohnsen**  
Real Madrid

**Mikael Egill Ellertsson**  
SPAL

**Sölvi Snær Guðbjargarson**  
Stjarnan

**Valgeir Lundal Friðriksson**  
Valur

**Þórður Gunnar Hafþórsson**  
Vestri

**Ef strákar hafa tækifæri til að fara utan í góða klúbba þá er erfitt að standa í vegi fyrir því.**

Þorvaldur Örylgsson, landsliðsþjálfari U19



árinu í U19, fæddir 2001. Þó nokkrir hafa fengið hlutverk í sínum liðum í Pepsi Max deildinni og nokkrir eru í stórum hlutverkum í sínum liðum í Inkasso. Þá er Ísak Bergmann kominn í aðallið Norrköping í Svíþjóð. „Yfirleitt erlendis er bara einn árgangur þar sem valið er úr stórum hópi stráka. Við erum aðeins öðruvísi og blöndum tveimur saman en okkur langaði að fá þarna inn alla þessa árganga saman í góða æfingaviku og teljum okkur heppna að fá bestu strákana á þessu aldursbili saman til æfinga. Það eru tveir landsliðsgluggar fram að mótinu í Belgíu og við vildum nota septembergluggann í æfingar.“

Liðið hefur síðustu tvö ár farið í þessum septemberglugga til Wales og Albaníu til að spila en fer þess í stað til Finnlands í næsta glugga og leikur þar æfingaleiki við heimamenn og Svía. „Við ákváðum að prófa þetta svona. Ég er þakklátur sambandinu fyrir að leyfa það því við teljum að við verðum betur undirbúnir fyrir komandi verkefni.“

### Fylgjast vel með

Þorvaldur er með 13 atvinnumenn í hópnum og því edlilegt að spyrja hvort hann nái að fylgjast jafn mikið með þeim og hann vildi. „Við höfum ekki farið eins oft út og við viljum, það segir sig sjálft. En við höfum farið þegar við getum. Við erum í góðu sambandi við félögin og strákana sjálfa. Strákar fæddir 2002 hafa verið með mörg verkefni á síðasta ári og við þekkjum þá orðið ansi vel. Það væri ósk okkar að sjá meira en við sjáum leiki í gegnum nútímataekni.“

Að sama skapi erum við að horfa á eins marga leiki og við komumst yfir hér heima. Þetta eru um 120-130 leikir sem við erum að horfa á hér heima frá meistaraflokki og niður í þriðja flokk. Við reynum að vera eins mikið á tánum og mögulegt er. Fylgjast með og fá upplýsingar. Við Davíð Snorri náum að mínu mati að fylgjast vel með.“

[benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is)

## Óskabyrjun hjá Ísaki í gær

**FÓTBOLTI** Ísak Bergmann Jóhannesson hélt upp á fyrsta leik sinn fyrir Norrköping í Svíþjóð með marki í gær þegar þessi ungi miðjumaður skoraði eitt mark Norrköping í 6-1 sigri á Timra.

Skagamaðurinn, sem varð 16 ára fyrr á þessu ári, er á fyrsta ári sínu hjá sænska félaginu eftir að Norrköping keypti Ísak og frænda hans, Oliver Stefánsson, í vetur. Ísak ferðaðist með liðinu á dögnum í Evrópuleik og var í fyrsta sinn í byrjunarliðinu í gær gegn Timra sem leikur í 4. deild sænsku deildakeppninnar.

Ísak var ekki lengi að þakka traustið því hann skoraði þriðja mark Norrköping í uppbótartíma í fyrri hálfleik og lék allan leikinn fyrir Norrköping sem komst áfram í næstu umferð með sigrinum. – kpt



Martin var stigahæstur í íslenska liðinu í Sviss. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

## EM-draumur úr sögunni eftir stórtap í Sviss


**KÖRFUBOLTI** Ísland mun ekki senda lið til leiks í lokakeppni EuroBasket þriðju keppnina í röð eftir 24 stiga tap gegn Sviss í gær sem gerði út um vonir Íslands. Íslenska liðið átti slakan dag á báðum endum vallarins og var vörn Íslands eins og smjör fyrir svissneskan hníf í Montreux í gær. Nú er ljóst að íslenska liðið leikur ekki keppnisleik í tvö ár eða allt þar til að undankeppni HM 2023 hefst.

Staða íslenska liðsins var afar vænleg fyrir leikinn í gær, eftir 26 stiga sigur á Portúgal á dögnum mátti Ísland tapa með níttán stigum en samt fara áfram á næsta stig undankeppninnar. Það virtist ekki skipta máli í byrjun leiks því Ísland byrjaði leikinn af krafti og var með frumkvæðið allan fyrsta leikhlutann.

Eftir það hrundi spilamennska liðsins eins og spilaborg og gekk Sviss á lagið. Slök vítanýting Sviss hélt Íslandi inni í leiknum lengi vel en með öflugum spretti í upphafi fjórða leikhluta náði Sviss 23 stiga mun og náði Ísland aldrei að brúa það bil.

Ísland virtist engin svör eiga við sóknarleik Sviss í gær og þegar skotin geiguðu voru leikmenn Sviss duglegir að taka sóknarfraköst og fengu með því fleiri sóknarfæri. Á sama tíma var sóknarleikur Íslands ragur og náðu Svisslendingar að knýja Íslendinga í erfið skot trekk í trekk sem skóp sigurinn. – kpt

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# Ítalskir dagar

Gæðavörur á góðu verði í Bónus

## Ólífuolían frá Himneskt

Þessi sérvalda olía er unnin eftir aldagömlum hefðum við bestu mögulegu aðstæður í Montalbano í Toskana héraði á Ítalíu



**879** kr./500 ml

Himneskt Jómfrúar Ólífuolía Kaldpressuð, lífræn, 500 ml

**100%**  
Tómatar



**169** kr./425 g

Himneskt Maukaðir tómatar  
Himneskt Tómatpassata  
Ítalskir, lífrænir tómatar, 425 g

**SAMA VERÐ  
UM LAND ALLT**



**139** kr./500 g

pastaZARA  
Farfalle, 500 g



**139** kr./500 g

pastaZARA  
Pastaskrúfur, 500 g

# BÓNUS

**EKKERT  
BRUÐL**



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00  
Smáratorg og Skeifan: Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 25. ágúst eða meðan birgðir endast.

# TÍMAMÓT



Ástkær móðir, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Margrét Ingunn Ólafsdóttir**

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann  
19.08.19.  
Útförin verður tilkynnt síðar.

Jónas I. Ketilsson  
Egbert Ketilsson  
Haraldur Á. Bjarnason  
Hrafn A. Ágústsson  
Ólafur Á. Haraldsson  
Silja Unnarsdóttir  
Margrét I. Jónasdóttir  
Davið G. Jónasson  
Katría M. Jónasdóttir

Sigríður H. Helgadóttir

Joy C. Ágústsson  
Lísa Einarsdóttir  
Valdímur Ómarsson  
Michel Hinders  
Ann Peters

barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Íða Sigurðardóttir**

frá Hamraendum í Stafholtstungum,

lést á Landspítalanum  
mánudaginn 19. ágúst.

Ólöf Hildur Jónsdóttir  
Björn Jónsson  
Anna Guðrún Jónsdóttir  
Sesselja Þórunn Jónsdóttir

Katrín Sveinsdóttir  
Birgir Skúlason  
Ólafur Hilmarsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, systir og amma,

**Þóra Ólafsdóttir**

lést á gjörgæsludeild Landspítala við  
Hringbraut þann 15. ágúst.  
Útförin fer fram frá Akraneskirku  
þriðjudaginn 27. ágúst kl. 11.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem  
vilja minnst hennar er bent á að styrkja lungnarannsóknir  
á Íslandi, Háskóli Íslands kt. 600169-2039,  
banki 137-26-018240, skýring greiðslu er 1233992.

Aad Groeneweg

Ólafur Þór Jóelsson  
Jón Pétur Jóelsson  
Harold Groeneweg  
Íris Anna Groeneweg  
Helga Jóna Ólafsdóttir  
Edda Ólafsdóttir

Margrét Sif Hákonardóttir

Bodil Groeneweg  
Þórarinn R. Pálmarsson  
Ásgeir Friðsteinsson

og barnabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Sigurðsson**

fyrirum bóndi Brúnastöðum,

lést í faðmi fjölskyldunnar  
miðvikudaginn 14. ágúst.  
Útförin fer fram frá Mælifellskirku  
laugardaginn 24. ágúst kl. 14.00.

Sigurlaug, Böðvar Fjölur,  
Atli Norðmann, Iðunn María, Ylfa Rún,  
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Þórarinn ætlar í hálf maraþon eftir morgundaginn og halda þeim vana að hlaupa langt einu sinni á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Þróaði blekkingaraðferð fyrir maraþonhlaupara

Þórarinn Eldjárn rithöfundur stendur á sjötugu og gefur út bók í dag með sjötíu ljóðum í tilefni þess og stefnir svo á maraþonhlaup eftir tvo daga. Hann minnst bernskuafmæla á Tjörn í Svarfaðardal þar sem splæst var kakói á krakkaskarann.

Það stemmir, ég er sjötugur," segir Þórarinn Eldjárn, rithöfundur og skáld, hressilega, spurður út í merkisafmælið sem hann á í dag. Hann kveðst verða í bænum. „Kona mín og synir eru búin að skipuleggja einhvern fagnað sem verður bara í lok mánaðarins og ég veit ekki mikið um. Það verður ekkert um að vera í dag nema hvað ég gef út bók sem heitir Til í að vera til. Það er ljóðabók, eða kannski frekar vísnaðver, og það verður útgáfuhóf í Eymundsson í Austurstræti klukkan fimm, þangað eru allir velkomnir.“ Um nýlegar yrkingar er að ræða, að sögn skáldsins. „Þetta eru stökur og limrur og svona stuttar hugleiðingar á bundnu formi ýmiss konar, sjötíu stykki í tilefni dagsins.“

Þann 24. ágúst, á Menningarnótt, ætlar Þórarinn að hlaupa hálf maraþon í nítjándu skipti. „Það er fastur síður hjá mér að hlaupa svona langt einu sinni á ári," segir hann og kveðst hafa þróað sérstaka blekkingaraðferð til að ná því markmiði. „Ég get alltaf hlaupið tíu kílómetra vandræðalaust, það veit ég. Þegar



**Kona mín og synir eru búin að skipuleggja einhvern fagnað sem verður bara í lok mánaðarins og ég veit ekki mikið um. Það verður ekkert um að vera í dag nema hvað ég gef út bók sem heitir Til í að vera til.**

síðan kemur að þessu Reykjavíkumaraþoni þá bara hleyp ég ósköp einfaldlega tíu kílómetra og segi við sjálfan mig fyrst: „Þetta er ekkert mál, þú veist að þú getur þetta alltaf.“ Þegar ég er búinn með þann sprett þá bara segi ég þetta aftur: „Þú veist þú getur alltaf hlaupið tíu kílómetra.“ Svo hleyp ég tíu kílómetra í viðbót og þá er einungis einn eftir til að ná hálfu maraþoni. Þetta svinvirkar!“

Þórarinn segist hafa verið svo heppinn bæði þegar hann varð fimmtugur og sextugur að Reykjavíkumaraþonið hafi

þorið upp á afmælisdaginn. „Núna tókst mér einhvern veginn ekki að miða nógu vel, svo það er eftir tvo daga," segir hann og kveðst hlaupa til styrktar minningar-sjóði sonar síns, Kristjáns Eldjárns gítarleikara. Það er sjóður sem verðlaunar frábæra músikanta á hverju ári.

Þórarinn átti heima í Þjóðminjasafninu á uppvaxtarárum sínum og síðar á Bessastöðum, inntur eftir afmælum hans þar svarar hann: „Flest bernskuafmæli sem ég man eftir voru meðan ég var í sveit á Tjörn í Svarfaðardal. Þá var splæst kakói á allan krakkaskarann og afmælisbarnið fékk góðar gjafir. Minni viðhöfn var ef ég var staddur í bænum, enda allir skólafélagar og vinir staddir víðsfjarri út um allar trissur.

Í grennd við Tjörn á Þórarinn bústað með fjölskyldu sinni, hann nefnist Gullbringa. Spurður hvort hann hafi dvalið þar mikið í sumar svarar hann: „Já, við höfum pendlað dálítið á milli. Það er ýmsum erindum og skyldum að sinna hér syðra, bæði í sambandi við útgáfu og fjölskyldu, passa barnabörn og vaka yfir öllu.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Leyfðu okkur  
að aðstoða þig!



GARÐHEIMAR

540 3320 • [gardheimar.is](http://gardheimar.is)  
[blomabud@gardheimar.is](mailto:blomabud@gardheimar.is)



Ástkær sambýliskona, móðir,  
tengdamóðir og amma,

**Hrafnhildur Jóhannsdóttir**

Öldugötu 51, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans,  
Kópavogi, föstudaginn 16. ágúst.

Hún verður jarðsett frá Fossvogskirkju,  
þriðjudaginn 27. ágúst klukkan 15.00.

Valgarður Gunnarsson

Pétur Hrafn Árnason

Gunnar Steinn Valgarðsson

Margrét Friða Pétursdóttir

Hólmfríður D. Jónsdóttir

Bergþóra Friðriksdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Guðný S. Arnbergsdóttir**

kaupmaður

frá Borgarfirði eystri,

Þrúðvangi 2,

Hafnarfirði,

lést í faðmi dætra sinna og systur 9. ágúst.

Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 26. ágúst kl. 13.00.

Stefanía, Lilja, Íris, Ragnhildur, Ingveldur, Dennis, Kristinn,  
barnabörn og barnabarnabörn.

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA



**99 kr**

**NÝMJÓLK - LÉTTMJÓLK**

1L

VENJULEGT VERÐ 152 kr.

Hámark 4 stk pr. afgreiðsluGildir til 27. ágúst



**349 kr**

**HEIMILISBRAUÐ STÓRT**

700g

VENJULEGT VERÐ 439 kr.

Hámark 4 stk pr. afgreiðsluGildir til 27. ágúst

## 2 FYRIR 1 AF FLJÓTANDI REMA 1000 ÞVOTTAEFNI



**457 kr**

**BKI LÍFRÆNT KAFFI**

300g



**417 kr**

**BKI EXTRA KAFFI**

400g

**659 kr**

**NEUTRAL FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI**

700ml  
ALLAR TEGUNDIR



**497 kr**

**RANA FERSKT PASTA 250g**

- FERSKT TORTELLONI KJÚKL., MOZZARELLA OG PANCETTA
- FERSKT TORTELLINI RICOTTA OG SPÍNAT
- FERSKT RAVIOLI 4 OSTA
- FERSKT CAPPELLETTI PROSCIUTTO

Birt með fyrirvara um villur. Tilboð gilda til 27. ágúst eða á meðan birgðir endast nema annað sé tekið fram.



**SUPER 1**  
HALLVEIGARSTÍG 1



**SUPER 1**  
SMIÐJUVEGI 2



**OPIÐ**  
10:00 TIL 22:00  
ALLA DAGA

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur



15°C | 3°C ↓



9°C | 6°C ↓



11°C | 4°C ↕



13°C | 4°C ↕



10°C | 1°C ↑



11°C | 7°C ↕

Norðaustlæg eða breytileg átt 3-10 m/s í dag. Bjart að mestu á vesturhellingi landsins, en stöku skúrir þar síðdegis. Dálítil rigning um landið austanvert. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast á Vesturlandi.

## Föstudagur



13°C | 3°C ↕



12°C | 2°C ↓



11°C | 2°C ↕



10°C | 3°C ↕



13°C | 4°C ↕



9°C | 5°C ↑

## Laugardagur



12°C | 3°C ↓



10°C | 3°C ↕



9°C | 2°C ↕



12°C | 3°C ↓



9°C | 2°C ↕



8°C | 4°C ↕

### LÉTT

	6		2	9	7	1	
4			7	8	9	5	
	5		6	4			
		6		1	3		
	2						
8	4	7		6		5	
			9	6	3	1	7
		4		7	8		
9		8	2				

### MIDLUNGS

3	1								
2	8			9	4		3		
		9	3	8	6	7			
5	7		6			3		1	
6		1					8	5	
							4		
			9						
1	3	5		2	4			9	
	9			5					

### PUNG

			8		3	9	2		
5	7					8			
			1	2					
		5			9				
	4		7					2	
6						3			
		6					4		
3	5				8		6		
9									

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- 1 sneiða
- 5 tilvera
- 6 skóli
- 8 aðalsmanna
- 10 i röð
- 11 heill
- 12 þó
- 13 rangali
- 15 ávöxtur
- 17 fjúk

### LÓDRÉTT

- 1 skrápdyr
- 2 fuglahljóð
- 3 málmur
- 4 niðurfelling
- 7 glettast
- 9 klaufaskapur
- 12 fránn
- 14 fugl
- 16 undan


1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 skera, 5 ævi, 6 fag, 8 baróna, 10 jök, 11 lan, 12 samr, 13 göng, 15 ananas, 17 drifri.  
LÓDRÉTT: 1 sæbúga, 2 kvak, 3 eir, 4 áfram, 7 gantast, 9 ólegni, 12 snar, 14 ond, 16 af.

## Skák Gunnar Björnsson

Caruana (2.818) átti leik gegn Aronian (2.765) sem lék illa af sér með 46...Dd5-c5?? á Sinquefield-mótinu. 46...bxa4 hefði verið mun betra.

### Hvítur á leik



47. He8+! Kh7 48. Hxc8 Dxc8 49. axb5 og svartur gafst upp örfáum leikjum síðar. Af 24 skákum mótsins hafa 22 endað með jafntefli. Caruana og Anand eru efstir. Kringluskák-mót Víkingaklúbbsins fer fram í dag og hefst kl. 17 í Kringlunni.

www.skak.is: Kringluskák-mótið í dag.

8	3	4	1	2	6	9	5	7
6	9	5	4	3	7	1	2	8
7	1	2	5	8	9	6	4	3
1	4	6	2	5	8	3	7	9
9	8	3	7	6	4	2	1	5
2	5	7	9	1	3	4	8	6
3	7	1	8	9	2	5	6	4
4	2	9	6	7	5	8	3	1
5	6	8	3	4	1	7	9	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



**BJÖRNSBAKARI**  
Sími: 561 1433  
mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00  
Austurströnd 14 • Hringbraut 35  
Fálkagata 18  
www.bjornsbakari.is



Aston Martin DB5 billinn er sannarlega eitthvað fyrir augað.

## Aston Martin bíll James Bond fór á 785 milljónir

Fyrr í þessum mánuði seldist Aston Martin DB5 bíll James Bond á 785 milljónir króna á RM Sotheby's uppboðshúsinu. Búist hafði verið við því að bíllinn yrði keyptur á 4 til 6 milljónir dollara, en kaupverðið reyndist 6.385.000 dollarar og fór hann því á ríflegu áætluðu kaupverði.

Þessi tiltekni Aston Martin DB5 bíll James Bond er með alls konar aukabúnaði, svo sem skotheldri afturrúðu, byssum að framan, tanki til að sprauta olíu aftanúr bílnum og margs konar annars konar búnaði sem þeir sem séð hafa kvikmyndina Thunderball þekkja til.

Um svipað leyti var annar Aston Martin DB5s Shooting Brake bíll

seldur hjá Sotheby's uppboðshúsinu fyrir 1.765.000 dollara, eða á um 217 milljónir króna. Þessi bíll var einn af aðeins 12 bílum sem smíðaðir voru af þeirri gerð. James Bond bíllinn var hins vegar aðeins annar af tveimur bílum sem smíðaðir voru hjá Aston Martin og voru þeir báðir notaðir til að kynna Bond-myndina Thunderball, en voru ekki notaðir við gerð myndarinnar sjálfar. Þeir voru hins vegar líka með öllum þeim aukabúnaði sem settur var í bílana sem notaðir voru við tökurnar.

RM Sotheby's hafði árið 2012 selt James Bond bílinn fyrir ríflega 250 milljónir króna og því hefur bíllinn meira en þrefaldast í verði á þeim 7 árum sem liðin eru frá því.



Christian von Koenigsegg og Alexander Selipanov sem mun hefja störf hjá Koenigsegg í næsta mánuði.

## Koenigsegg réð hönnuð Bugatti Chiron

Sænski ofurbílaframleiðandinn Koenigsegg hefur hingað til ekki boðið upp á sérlega illa útlitandi bíla, en lengi getur gott batnað. Svo gæti nefnilega orðið þar sem Koenigsegg hefur ráðið einn af kunnari sportbílahönnuðum heims, Alexander Selipanov, en hann er einna þekktastur fyrir hönnun Bugatti Chiron bílsins. Selipanov var ráðinn sem yfirhönnuður Koenigsegg.

Frá því hann vann sem yfirhönn-

» ALEXANDER SELIPANOV HEFUR ÁÐUR UNNIÐ HJÁ BUGATTI, GENESIS, VOLKSWAGEN OG LAMBORGHINI, EN NÚ MUN SELIPANOV HANNA OFURBÍLA SÆNSKA BÍLAFRAMLEIÐANDANS KOENIGSEGG.

uður Bugatti vann hann hjá Genesis, lúxusbíladeild Hyundai, og þar var hann meðal annars ábyrgur fyrir útliti Genesis Essentia og Genesis Mint Compact tilraunabílunum sem báðir þóttu fallegir. Fyrsta alvörustarf Alexanders Selipanov var þó hjá Volkswagen, en þar hóf hann störf árið 2005. Árið 2010 flutti hann sig yfir til Lamborghini, sem einnig er í eigu Volkswagen Group. Hann mun hefja störf hjá Koenigsegg í næsta mánuði.

# ÚTSALA

## 30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM



### FATNAÐUR SKÓR OG FYLGIHLUTIR

Nike skór frá kr 4.995.-

Helly Hansen parka frá kr 17.495.-

Icewear Dúnjakkar frá kr 8.495.-

Nike úlpur frá kr 14.745.-

ASOLO gönguskór frá kr 9.995.-

Adidas hettupeysur frá kr 4.995.-

# ICEWEAR \* MAGASÍN

# Sýning um sögu Skólavörðuholtshótsins

**Fjórir listamenn sýna ný verk í Ásmundarsal. Sérstakt blað, átta síðna, kemur út á Menningarnótt með efni um sögu Skólavörðuholtshótsins og hússins.**

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Sýningin Varðað sem stendur nú yfir í Ásmundarsal er samsýning fjögurra listamanna af yngri kynslóðinni sem sýna ný verk sem þau hafa unnið innblásin af sögu og umhverfi Skólavörðuholtshótsins. Listamennirnir eru þau Auður Lóa Guðnadóttir, Helga Páley Friðbjófsdóttir, Loji Höskuldsson og Þorvaldur Jónsson. Sýningunni lýkur á sunnudag.

Adalheiður Magnúsdóttir og Sigurbjörn Þorkelsson keyptu Ásmundarsal fyrir nokkrum árum í því skyni að tryggja þar áframhaldandi lifandi menningarstarfsemi – og það hafa þau sannarlega gert. Olga Lilja Ólafsdóttir vinnur með þeim í rekstri hússins. „Við höfum lagt mikið upp úr því að kynna okkur sögu hússins og þá merkilegu listastarfsemi sem hefur farið þar fram í gegnum árin,“ segir Olga Lilja.

„Síðasta haust þegar við auglýstum eftir umsóknum fyrir sýningar ársins 2019 sóttu um fjórir ungir listamenn sem voru með þá hugmynd að búa til sýningu um sögu Skólavörðuholtshótsins. Þetta smellpassaði við áhuga okkar á að halda sögu þessa svæðis hátt á loft. Þeirra nálgun í listinni er að einhverju leyti naívisk og hér eru þau að túlka söguna á mismunandi hátt.“

## Búr með sigarettustubbum

Loji Höskuldsson sýnir útsaumsverk. Eitt þeirra sýnir fiskabúr. „Á þeim tíma sem Ásmundur Sveinsson rak sýningarsal í húsinu var haldin metnaðarfull skrautfiskasýning. Um 70 tegundir erlendra skraut- og nytjafiska voru fluttar til

landsins og sýningin var gríðarlega vel sótt en allt að 7.000 manns komu á hana. Þetta var á þeim tíma þegar fólk reykti inni í sýningarsölum og það átti til að drepa í sigarettum í búrunum,“ segir Olga. Í dagblaði birtist síðan eftirfarandi ábending til sýningargesta: „Blaðið hefir verið beðið um að koma því á framfæri að fiskarnir á sýningunni reyki hvorki nje kærri sig um peninga. Nokkur brögð hafa verið að því, að peningum og sigarettu og vindlastubbum hafi verið fleygt í fiskakerin, með þeim afleiðingum, að nokkrir fiskar hafa drepist.“


„Loji gerir þessu skemmtileg skil, í verki hans eru engir fiskar í búrinu en þar flýtur allt í sigarettustubbum,“ segir Olga Lilja. Í annarri útsaumsmynd endurgerir Loji postulínsstell sem Dieter Roth og Ragnar Kjartansson voru með á sýningu og enn önnur mynd hans sýnir verkið Veðurspámaður eftir Ásmund en verkið var einmitt sýnt fyrst í garðinum fyrir utan Ásmundarsal.

## Frjálslegt Skólavörðuholt

„Í myndum sínum túlkar Þorvaldur Jónsson Skólavörðuholtið með frjálslegum hætti. Í myndum hans leynast alls kyns skemmtilegar tilvitnanir í sögu holtshótsins. Þar má til dæmis sjá einu járnbrautarlestina sem hefur verið í Reykjavík og flutti grjót frá Öskjuhlíðinni. Lítil lóa leynist á einni mynd og furðuverur sjást á annarri,“ segir Olga. „Helga Páley Friðbjófsdóttir vinnur abstrakt, rannsakar Skólavörðuholtið og leikur sér með form og sameinar þau inn í sinn eigin myndheim. Auður Lóa Guðnadóttir sýnir meðal annars verk af þremur nöktum dansandi konum. Verkið sýnir vera úr postulíni en er gert úr pappamassa. Módelteikning hefur í tímans rás verið mikilvægur þáttur í myndlistarkennslu,



Hér eru þeir að túlka söguna á mismunandi hátt, segir Olga um listamennina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þorvaldur Jónsson túlkar Skólavörðuholtið með frjálslegum hætti.



Sérlega skemmtileg útsaumsverk eftir Loja Höskuldsson á sýningunni.

en Myndlistarskóli Reykjavíkur var lengi vel til húsa í Ásmundarsal. Auður Lóa er þarna að vísa í kvenlíkamann sem lengi hefur verið

áberandi móttív sem heillað hefur myndlistarmenn. Hún hefur líka gert pottaplöntur fyrir þessa sýningu en þær sást oft á myndlistar-

**Á MENNINGARNÓTT GETA GESTIR SKODAD AFAR SKEMMTILEGA OG FRUMLEGA SÝNINGU, KÍKT Í LJÓÐABÓK OG FLETT METN-ADARFULLU BLAÐI.**

sýningum hér áður fyrr innan um verk listamanna.“

## Blað á menningarnótt

Í tengslum við sýninguna kom út ljóðabókin Varðað eftir Skarphéðin Bergþóruson, en hann vann með listamönnum að sýningunni. Sérstakt blað kemur síðan út á Menningarnótt, Upp í hæstu hæðir. „Við höfum safnað saman ótrúlega miklu af skemmtilegu efni um sögu Skólavörðuholtshótsins og hússins og gefum út átta síðna blað á menningarnótt um þessa sögu. Gestir og gangandi geta komið hingað og fengið sér eintak,“ segir Olga Lilja.

Hljómsveitin Bjartar sveiflur skemmtir gestum á Menningarnótt en einn af meðlimum hljómsveitarinnar, Loji Höskuldsson, er einn af listamönnum sýningarinnar.

Ásmundarsalur verður opin frá 9-20 á Menningarnótt en dagskráin fer fram á milli klukkan 17-19.

**ÉG BORGA FYRIR ALLA!**

**AUR**

Borga

Rukka

Skipta

Þau Aura svo á mig

**Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur**

hvar@frettabladid.is

**22. ÁGÚST 2019**

## Tónleikar

**Hvað?** Denver Dýfa  
**Hvenær?** 18.00-20.00  
**Hvar?** Hönnunarsafn Íslands, Garðatorgi  
Tristan Elizabeth Gribbin, hugleiðslukennari og fyrrverandi leikkona, býður gestum í dýfu til Denver ásamt hugleiðsluferðalagi fyrir nútímalífsstíl. Um veitingar sér Áslaug Snorradóttir ljósmynd-

ari og veislustjóri er Hlín Helga Guðlaugsdóttir. Leiðsögn (á ensku) er í höndum Paolo Gianfrancesco, arkitekts. Aðgangseyrir er 3.900. Hámarksfjöldi gesta er 25.

**Hvað?** Írskir töfrar  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Stúkuhúsið við Byggðasafnið að Görðum á Akranesi  
Tónlistarkonan Valgerður Jónsdóttir syngur uppáhalds írsku þjóð- og popplögin sín með aðstoð frábærra hljóðfæraleikara. Miðapantaniir í síma: 8417688 eða á valgerdur76@gmail.com.

**Hvað?** Sumarjazz  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Salurinn. Kópavogi  
Dúettinn Marína Ósk Þórólfsdóttir söngkona og gítarleikarinn Mikael Máni Ásmundsson koma fram. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Þýðingar / Translations  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Tjarnarbarinn  
Ós Pressan býður til bókmennta-

viðburðar. Þátttakendur eru Mantas Balakauskas og Anton Helgi Jónsson, Ewa Marcinek og Helen Cova og Meg Matich og Friða Ísberg. Samræðum stjórna Kristín Svava Tómasdóttir og Maxine Savage. Kynnir er Anna Valdís Kro.

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju 2019  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti  
Mattias Wager, organisti Dómkirkjunnar í Stokkhólmi, flytur verk eftir Christinu Blomkvist, Wolfgang Amadeus Mozart og Louis Vierne. Miðaverð 2.500 kr.



Mikael Máni og Marína Ósk sjá um sveifluna í Salnum síðdegis.

## Rjóminn frá Norðurlöndum



Edda Karitas Baldursdóttir  
eddakaritas@frettabladid.is

Á þriðjudaginn var tilkynnt um hvaða fimm myndir hljóta tilnefningu til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs og að þessu sinni verður myndin Hvítur, hvítur dagur eftir Hlyn Pálmason fulltrúi Íslands. Myndin verður frumsýnd hér heima í september en hefur þegar verið ausin lofi og Ingvar E. Sigurðsson fengið verðlaun fyrir leik sinn í myndinni.



Kona fer í stríð, eftir Benedikt Erlingsson, var framlag Íslands í fyrra og hreppi verðlaunin eftirsóttu.

Í tilefni norrænu kvikmyndaverðlaunanna er tilvalið að líta af Hollywood-myndunum eina kvöldstund eða svo og tékka á einhverjum norrænum.

### Nokkrar verðlaunamyndir Norðurlandaráðs:

#### Jagten (Danmörk)

Mynd eftir Thomas Vinterberg sem hlaut Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2013 og var einnig valin sem framlag Dana til Óskarsverðlaunanna.



Mads Mikkelsen er hér í átakanlegu hlutverki manns sem ranglega er sakaður um kynferðisbrot gegn barni.

#### Antichrist (Danmörk)

Varla er hægt að fjalla um norræna kvikmyndagerð án þess að minnst á Lars von Trier. Leikstjórinn umdeildi vann til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2009 með myndinni Andkrístur. Myndin fjallar um líf foreldra eftir dauða sonar þeirra. Myndin er mjög óþægileg á að horfa og er yfirgengilega ógeðfelld en um leið mikil sjónræn veisla.

#### Louder Than Bombs (Noregur)

Myndin, sem er eftir Joachim Trier, fjallar um hvernig faðir og synir hans takast á við sorgina eftir ótímabæran dauða móðurinnar. Myndin fékk Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2016 en einnig var hún tilnefnd til Gullpálmans á Kvikmyndahátíðinni í Cannes. Isabelle Huppert og Jesse Eisenberg fara með hlutverk í myndinni.



Hugleikur Dagsson er gáttaður á því að árin sem Svartir sunnudagar hafa verið í gangi séu að verða átta en þessi staðreynd blasir við honum þegar hann rótast í tæplega 200 veggspjöldum í Bíó Paradís. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Svartur valkvíði Hulla

Áttunda starfsár Svartra sunnudaga hefst í Bíó Paradís í haust. Þessu úthaldi verður fagnað á Menningarnótt með sýningu og sölu á hátt í 200 bíoplakötum þar sem fjöldi íslenskra listamanna hefur tekið sigildar bíómyndir sínum eigin tókum.

Hugleikur Dagsson, Sigurjón Kjartansson og Sjón standa að baki Svörtum sunnudögum í Bíó Paradís. Hulli hefur frá upphafi fengið íslenska listamenn til að gera plaköt fyrir sýningar hópsins á sérvöldum og sigildum kvikmyndum og vart þarf að deila um að veggspjöldin eiga sinn þátt í því hversu lífseigir Svörtu sunnudagarnir eru orðnir.

Á Menningarnótt verður hægt að skoða veggspjöldin í gallerísal Bíó Paradísar, auk þess sem ný sölu síða verður opnuð fyrir veggspjöld Svartra sunnudaga á vefsíðunni postrent.is.

Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíó Paradísar, segir að til þess að byrja með hafi ekki gengið vel að sýna klassískar bíómyndir í kvikmyndahúsinu. „Það var kannski ákveðið að sýna Predator þannig að ég keypti þá eintak og svo mættu bara sjö. Þannig að ég tók fyrir þetta vegna þess að þetta rugl væri of dýrt.“

Hrönn segir þessu ekki hafa verið tekið með þögninni og meðal annars hafi ramakvein verið rekin upp á Facebook. „Sigurjón Kjartansson var á meðal þeirra sem vældu yfir því að það væri ekkert gamalt og gott í boði og við fórum eitthvað að tuda hvort í öðru um þetta,“ segir Hrönn og bætir við að í framhald-



They Live eftir Hugleik Dagsson.



Pulp Fiction eftir Auði Ómarsdóttur.



Carrie eftir Jón Sæmund.

Það er enginn peningur í þessu en ég held að flestum finnst þetta skemmtilegt verkfærni og spennandi áskorun.

inu hafi verið fundað með áhugasömum þar sem Sjón, Sigurjón, Hulli og Páll Óskar komu að málum.

Niðurstaðan var að sigildur hryllingur og ýmis furðuverk sem kennd eru við „cult“ ættu erindi í bíó. Svartir sunnudagar urðu niðurstaðan og Hulli var fenginn til þess að fá einhvern listamann til þess að gera plakát fyrir hverja mynd sem ákveðið yrði að sýna.

### „Költ“ í kringum „költ“

„Það kemur stanslaust á óvart hversu mikið þetta er orðið og þetta bara hættir ekki og maður er að átta sig á að við erum að detta í áttunda árið með Svarta sunnudaga,“ segir Hulli í samtali við Fréttablaðið. „Mér líður alltaf eins og þetta sé þrjú til fjögur ár en þegar maður kemur í plakatasalinn í Bíó Paradís skellur á manni hversu langt þetta er orðið,“ segir Hulli og bætir við að honum finnst skemmtilegt að Svörtu sunnudagarnir séu orðnir einhvers konar „költ“ í kringum þetta sem var hugsað sem költ-kvöld.

„Sigurjón og Sjón fengu mig í þessa þælingu sína og ég fékk þá hugmynd að fá listafólk til þess að gera plakötin,“ segir Hulli um aðkomu hans að sunnudögum svörtu. „Þessi plaköt hafa svo orðið hin mörgu andlit þessa fyrirbæris.“

### Svakalegur valkvíði

Hulli segist ekki hafa átt von á jafn jákvæðum viðbrögðum frá myndlistarfólki, grafískum hönnuðum og listafólki úr ýmsum áttum og raun og hátt í 200 veggspjöld bera vitni.

„Það er enginn peningur í þessu en ég held að flestum finnst þetta skemmtilegt verkefni og spennandi áskorun,“ segir Hulli og bætir við að hann sé ekki sist ánægður með sýninguna á Menningarnótt og sölu síðuna sem verður opnuð í tengslum við hana þar sem nú „munu listamennirnir loksins fá einhverja örilita prósentu“.

En hvaða veggspjald ætlar hann sjálfur að kaupa?

„Þetta er svakalegur valkvíði enda eru þetta næstum 200 plaköt. Ég er að fara að flytja og hef verið að þæla í Flash Gordon eftir Elínu Elísabetu Einarsdóttur í innflutningsgjöf til sjálfs mín. Það er annað hvort það eða Mad Max 2 eftir Halldór Baldursson. Aðallega vegna þess að Mad Max 2 er uppáhaldsmyndin mín en mig langar líka mikið í Pee Wee's Big Adventure sem Ísak Óli Sævarsson gerði. Valið stendur á milli þessara þriggja.“  
toti@frettabladid.is

# ÓÐALSOSTUR TIGNARLEGUR

Óðalsostur hefur verið á borðum landsmanna frá árinu 1972. Fyrirmynd hans er Jarlsberg, frægasti ostur Norðmanna. Óðalsostur er mildur með örllitinn möndlukeim og skarpa, sæta, grösuga tóna. Frábær á morgunverðarborðið, hádegislaðborð eða bara einn og sér.



www.odalsostar.is



## DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

Mikið  
úrval af  
allskonar

- ✓ Ekkert hveiti
- ✓ Ekkert soyja
- ✓ Enginn sykur
- ✓ Ekkert MSG

Íslenskt kjöt  
Íslensk  
framleiðsla



**Pylsumeistarinn**

– við Laugalæk

Varmadælar &  
loftkæling

Kælitækni



**Midea**  
It's your Idea



Wifi búnaður  
fylgir með  
öllum  
varmadælum  
meðan birgðir  
endast

- Kyndir húsið á veturna og kælar á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins  
kr. 145.000 m.vsk

Midea KMB-E09

Max 3,4 kW

2,65 kW við -7° úti og

20° inni hita (COP 2,85)

f. íbúð ca 40m<sup>2</sup>.

Umhverfisvænn  
kælimiðill



Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

## K371 sófi

Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir  
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Opíð virka daga  
11-18  
laugardaga  
11-15

Slakaðu á  
með SlökunEinkenni  
magnesium-  
skorts

- ↳ Lítil orka
- ↳ Þróttleysi
- ↳ Veik bein
- ↳ Hormóna ójafnvægi
- ↳ Svefntruflanir
- ↳ Vöðvakrampar, kippir og spennar
- ↳ Kólkun líffæra
- ↳ Óreglulegur hjartsláttur
- ↳ Kvíði
- ↳ Streita
- ↳ Pirringur



MammaVeit Best  
HREIN HEILSA

www.mammaveitbest.is

## RÚV SJÓNVARP

**12.35** Kastljós  
**12.50** Menningin  
**13.00** Útsvar 2016-2017 Garðabær - Kópavogur  
**14.50** Kínversk áramót - Mestu hátíðahöld heims  
**15.40** Popppunktur 2012 Heilsu- nuddarar - útfararstjórar  
**16.40** Í garðinum með Gurrý Gurrý sýnir handtökin við um- pottun á stóru pálmatré og heimsækir fagran og nýstárlegan garð garðyrkjufraeðinganna Auðar Jónsdóttur og Kristins H. Þor- steinssonar í Grafarvogi.  
**17.20** Hjómskálinn  
**17.50** Tákn málsfréttir  
**18.00** KrakkaRÚV  
**18.01** Netgullið Trio  
**18.25** Strandverðirnir  
**18.38** Handboltaáskorunin  
**18.44** Krakkastígur Reykhólar Við stoppum á Reykhólum sem er gríðarlega merkilegur staður og er nefndur í mörgum Íslendinga- sögum. Við hittum káta krakka þar og þau sýndu okkur svæðið og sögðu okkur skemmtilegar sögur.  
**18.50** Landakort Dúkkusafn á Flúðum  
**19.00** Fréttir  
**19.25** Íþróttir  
**19.30** Veður  
**19.35** Kastljós  
**19.50** Menningin  
**20.00** Óvæntur arfur Sænskir þættir þar sem þáttastjórnend- urnir Kattis Ahlström og Niklas Källner leita uppi fólk sem á rétt á arfi en veit ekki af því.  
**21.10** Vammlaus Önnur syrpa þessara bresku þátta um lögreglu- menn sem starfa í versta hluta Manchester-borgar þar sem virð- ist vera ógjörningur að halda uppi lögum og reglu. Meðal leikenda eru Joanna Scanlan, Elaine Cassidy og Will Mellor. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**22.00** Tíufréttir  
**22.15** Veður  
**22.20** Spilaborg  
**23.15** Poldark Fjórða syrpa þess- ara vinsælu bresku þátta. Nú þurfa Ross Poldark og eiginkona hans, Demelza, bæði að horfast í augu við gjörðir sínar og takast á við af- leiðingar þeirra fyrir hjónabandið. Ross ákveður að hætta öllu sem honum er kært til þess að hefja feril sem stjórnmálamaður. Aðal- hlutverk: Aidan Turner, Eleanor Tomlinson og íslenska leikkonan Heiða Rún Sigurðardóttir, eða Heiða Reed. e.  
**00.10** Dagskrárlök

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Golfing World Skemmti- legur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.  
**09.00** Champions Tour Highlights Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.  
**09.55** PGA Highlights Hápunkt- arnir á PGA mótunum.  
**10.50** Tour Championship Út- sending frá lokadegi Tour Champ- ionship á PGA mótaröðinni.  
**13.30** Canadian Pacific Women's Open Bein útsending frá Canadian Pacific Women's Open á LPGA mótaröðinni.  
**16.35** Inside the PGA Tour Skyggst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.  
**17.00** Tour Championship Bein útsending frá Tour Championship á PGA mótaröðinni.  
**22.00** Canadian Pacific Women's Open

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify  
**08.00** Dr. Phil  
**08.45** The Tonight Show  
**09.30** The Late Late Show  
**10.15** Síminn + Spotify  
**12.00** Everybody Loves Raymond  
**12.20** The King of Queens  
**12.40** How I Met Your Mother  
**13.05** Dr. Phil  
**13.50** Younger  
**14.15** Will and Grace  
**14.40** Our Cartoon President  
**14.50** 90210  
**16.00** Malcolm in the Middle  
**16.20** Everybody Loves Raymond  
**16.45** The King of Queens  
**17.05** How I Met Your Mother  
**17.30** Dr. Phil  
**18.15** The Tonight Show  
**19.00** The Late Late Show  
**19.45** Fam  
**20.10** The Orville  
**21.00** Proven Innocent  
**21.50** Get Shorty  
**23.35** The Tonight Show  
**00.20** The Late Late Show  
**01.05** NCIS  
**01.50** The First  
**02.40** Jamestown  
**03.25** Kidding  
**03.55** SMILF  
**04.30** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins  
**06.50** Morgunvaktin  
**07.00** Fréttir  
**07.30** Fréttayfirlit  
**08.00** Morgunfréttir  
**08.30** Fréttayfirlit  
**09.00** Fréttir  
**09.05** Segðu mér  
**09.45** Morgunleikfimi  
**10.00** Fréttir  
**10.03** Veðurfregnir  
**10.13** Á reki með KK  
**11.00** Fréttir  
**11.03** Mannlegi þátturinn  
**12.00** Fréttir  
**12.02** Hádegisútlit  
**12.20** Hádegisfréttir  
**12.40** Veðurfregnir  
**12.50** Dánarfregnir  
**12.55** Samfélagið  
**14.00** Fréttir  
**14.03** Ljóðabókin syngur Kvæði  
**15.00** Fréttir  
**15.03** Flakk  
**16.00** Siðdegisfréttir  
**16.05** Tengivagninn  
**17.00** Fréttir  
**18.00** Spegillinn  
**18.30** Útvarp KrakkaRÚV – Sögur Bókaormaspjall með Sölva Þór og Lúkasi Myrkva  
**18.50** Veðurfregnir  
**18.53** Dánarfregnir  
**19.00** Sumartónleikar evr- ópskra útvarpsstöðva  
**20.35** Mannlegi þátturinn  
**22.00** Fréttir  
**22.05** Veðurfregnir  
**22.10** Tengivagninn  
**00.00** Fréttir  
**00.05** Næturútlit Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40** Wolves  
**13.30** So B. It  
**15.10** Mr. Deeds  
**16.50** Wolves  
**18.40** So B. It  
**20.20** Mr. Deeds  
**22.00** Una  
**23.35** The Zookeeper's Wife  
**01.40** Flatliners  
**03.30** Una

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons  
**07.25** Friends  
**07.45** Gilmore Girls  
**08.30** Ellen  
**09.15** Bold and the Beautiful  
**09.35** Great News  
**10.00** The Secret Life of a 4 Year Olds  
**10.50** Dýraspítalinn  
**11.15** Óbyggðirnar kalla  
**11.40** Heimsókn  
**12.00** Ísskápastríð  
**12.35** Nágrannar  
**13.00** Draugabarnarnir II  
**14.50** Scooby-Doo & Batman. The Brave and the Bold  
**16.10** Seinfeld  
**16.35** Seinfeld  
**17.00** Bold and the Beautiful  
**17.20** Nágrannar  
**17.45** Ellen  
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Frétta- stofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.  
**18.55** Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.  
**19.10** Sportpakinn Íþróttafretta- menn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.  
**19.20** Veður  
**19.25** Næturvaktin  
**19.55** Fresh Off the Boat  
**20.20** Masterchef USA  
**21.05** L.A.'s Finest  
**21.50** Animal Kingdom  
**22.35** Warrior  
**23.20** Real Time With Bill Maher  
**00.20** I Love You, Now Die  
**01.40** The Victim  
**02.40** Absentia  
**03.20** Gone  
**04.05** Gone  
**04.45** Gone

## STÖÐ 3

**19.10** Mom  
**19.35** Schitt's Creek  
**20.00** Seinfeld  
**20.25** Friends  
**20.50** Stelpurnar  
**21.15** iZombie  
**22.00** Grimm  
**22.45** Barry  
**23.20** Famous in love  
**00.05** American Dad  
**00.30** Mom  
**00.55** Seinfeld  
**01.20** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.25** Espanyol - Sevilla Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.  
**09.05** Valencia - Real Sociedad Útsending frá leik í spænsku úr- valsdeildinni.  
**10.45** Spænsku mörkin Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.  
**11.15** Ensku deildabikarmörkin Leikirnir í enska deildabikarnum, League Cup, gerðir upp.  
**11.40** Olympiakos - Krasnodar Út- sending frá fyrri leik í umspilli um sæti í Meistaradeild Evrópu.  
**13.20** KR - Vikingur R. Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.  
**15.00** Breiðablik - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.  
**16.40** Pepsi Max mörk karla  
**18.10** NFL Hard Knocks. Oakland Raiders  
**19.00** Manstu  
**19.50** Arion bankamótið  
**20.30** Pepsi Max mörk kvenna  
**21.30** Olympiakos - Krasnodar  
**23.10** NFL Hard Knocks. Oakland Raiders  
**00.00** Miami Dolphins - Jackson- ville Jaguars Bein útsending

# CATCH-22



## Mögnuð þáttaröð frá George Clooney

Þáttaröðin er byggð á samnefndri skáldsögu Joseph Heller sem hefur verið nefnd ein merkilegasta bók 20. aldarinnar. Þættirnir veita innsýn í líf bandarískra flughermanna í seinna stríði með beittum og skoplegum hætti.

Öll þáttaröðin kemur í dag í Sjónvarp Símans Premium



[siminn.is](http://siminn.is)

## Best klædd í vikunni sem leið

Strákarnir úr myndinni Good Boys báru af í klæðaburði þegar þeir voru viðstaddir frumsýningu myndarinnar fyrir viku. Cate Blanchett var smart á röltinu í New York og This Is Us leikarinn Sterling K. Brown var glæsilegur í túrkíslitum jakkafötum.

Skerlit jakkaföt voru áberandi hjá karlpeningnum í vikunni, þar sem leikarinn Sterling K. Brown og söngvarinn John Legend klæddust báðir slíkum fötum. Hjórnakornin Adam Brody og Leighton Meester voru glæsileg á frumsýningu myndarinnar Ready or Not, og sama mátti segja um meðleikkonu Brodys í mynd-

inni, Andie MacDowell. Leikkonan Cate Blanchett var í New York þar sem hún var á fullu að kynna nýjustu mynd sína, Where'd You Go, Bernadette? Fagurblá taskan tónaði vel við karrígular buxur, þótt eflaust hefði mörgum ekki komið það til hugar til að byrja með að blanda þessum litum saman.

steingerdur@frettabladid.is



Aðalleikarar myndarinnar Good Boys hafa ekki aldur til að sjá myndina sjálfir, en voru einstaklega töffaralegir á frumsýningunni. Seth Rogen, einn framleiðenda myndarinnar, var ekki síður smart.



Hjórnakornin Adam Brody og Leighton Meester voru flott á frumsýningu myndarinnar Ready or Not. Sama má segja um leikkonuna Andie MacDowell.

Cate Blanchett var óhrædd við að blanda saman ólíkum litum í New York.

Leikarinn Sterling K. Brown hefur getið sér gott orð undanfarið, en hann mætti í þessum túrkíslituðu jakkafötum á viðburð tengdan Emmy-verðlaunahátíðinni. MYNDIR/NORDIC- PHOTOS/GETTY

Söngvarinn geðþekki John Legend mætti í fjólubláu þegar ný lina eiginkonu hans, Chrissy Teigen, í samstarfi við glæraugnafyrirtækið Quay var kynnt.



# VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNADI!

Lambagrillsneiðar  
Langar

**985** KR/KG  
ÁÐUR: 1.698 KR/KG

**-42%**



**-25%**

Nauta rib eye

**3.749** KR/KG

ÁÐUR: 4.998 KR/KG



**-40%**

Folaldagrillsteik

**1.559** KR/KG

ÁÐUR: 2.598 KR/KG



**-24%**

Sistema nestisbox  
975 ml eða 410 ml

FRÁ **599** KR/STK



**-18%**

Nautalund

**3.998** KR/KG

ÁÐUR: 4.875 KR/KG

LJÚFFENGT NAUT Á GRILLIÐ!



**-43%**

Nautamjaðmasteik

**1.994** KR/KG

ÁÐUR: 3.498 KR/KG



**-18%**

**-10%**

Great Taste

1,2 kg jarðarber eða 1 kg mangó

**499** KR/PK



**-20%**

Sistema vatnsbrúsi  
3 tegundir

FRÁ **599** KR/STK



**-25%**

Durum brauð  
612 gr

**299** KR/STK

ÁÐUR: 399 KR/STK

Rauð vínber

**499** KR/KG

ÁÐUR: 998 KR/KG

**-50%**



**nettó**

Lægra verð - léttari innkaup




VERSLAÐU Á NETINU  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda 22. - 25. ágúst

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.  
Birt með fyrirvara um prentvixl og myndavíxl.  
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÓDÝRAST Á NETINU  
Í VEFVERSLUN NETTÓ\*

\*Skv. könnun Fréttablaðsins



# SÖGUR AF PLÖTUM

– með Bubba Morthens



Sögur af plötum er nýtt vikulegt hlaðvarp með Bubba Morthens á [frettabladid.is](http://frettabladid.is) þar sem hann rekur tilurð valdra plata úr safni sínu.

Hægt er að hlusta á þættina á [frettabladid.is/hladvarp](http://frettabladid.is/hladvarp)

## HLAÐVARPIÐ

á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

– hlustaðu þegar þér hentar

Sögur af plötum er unnið í samstarfi við:

**HAGKAUP** Meira svona alla daga

FRETTABLAÐID.IS

# Spilaði undir bónorði á meðan sjö rollur fylgdust með

**Grímur Gunnarsson** gefur út lagið *Close Enough* í dag og heldur upp á það með tónleikum á Vínlyl Bistro í kvöld. Í síðustu viku spilaði hann undir bónorði, þar sem sjö rollur fylgdust spenntar með öllu.

Tónlistarmaðurinn og sálfræðinemin Grímur Gunnarsson er nýfluttur til landsins frá Danmörku. Hann er Hólmvíkingur í húð og hár. „Já, ég er landsbyggðarstrákur,“ segir Grímur. Í dag kemur út lagið *Close Enough* með Grími, en hann heldur upp á útgáfuna í kvöld með tónleikum á Vínlyl Bistro á Hverfisgötu.

„Ég er bara nýkominn heim og svona aðeins að reyna að koma mér inn í íslensku tónlistarsenuna. Þetta var allt öðruvísi úti því þar gat maður sent fimmtú tölupósta á tónleikastaði og fékk svo kannski svar frá fimm. Hérna heima snýst þetta aðeins meira um tengslanetið.“ Hann segir að það að hafa flutt út hafi aukið þorið til að spila tónlistina sína opinberlega, enda hafi enginn þekkt hann þar og því áhættan minni.

„Í næsta mánuði er ég svo á leiðinni út að spila á tónleikum og tónlistarhátíð,“ segir hann, svo ljóst er að tónlist Gríms hefur náð ágætlega til Dana.

„Ég spila inditónlist sem er létt til hlustunar. Því miður er ég ekki sextán ára rappari, þá væri kannski auðveldara fyrir mig að koma mér á framfæri,“ segir Grímur hlæjandi og heldur áfram: „Þá væri ég kannski kominn með helling af spilunum á Spotify.“

Grímur byrjaði að spila af alvöru fyrir þremur árum. „Ég var alltaf með tónleika í kringum jólin fyrir vini og vandamenn í mörg ár. Þá samdi ég alltaf nýtt lag fyrir hver jöl. Þegar ég var kominn með ágætis bunka hugsaði ég að það væri kominn tími til að láta reyna á þetta.“

Í síðustu viku lenti Grímur í nokkuð skemmtilegri lífsreynslu í kjölfar tónleika sem hann hélt í Frystiklefanum á Rífi.

„Eftir tónleikana nálgadist mig einn áhorfendanna. Hann var frá Sviss og hvísar að mér

í flýti: „Þetta voru geggjaðir tónleikar og kærustunni minni fannst það líka, ekki ertu laus á morgun?“ spurði hann. Svo segir hann mér að hann ætli að biðja hennar og vilji endilega að ég sé á staðnum til að spila undir bónorðinu.“

Grímur var til í það, en hann var á svæðinu vegna brúðkaups bróður síns. Hann hafi því mætt á æfingu fyrir brúðkaupið, enda svaramaður, og svo farið beinustu leið á fund svissneska parsins. „Þau voru búin að vera saman í þrettán ár og hann var alltaf að biðja eftir rétta tækifærinu til að biðja hennar. Þau voru bæði að vinna í list sinni þarna í húsi rétt hjá ásamt fleirum.“

Kærastan vissi að von væri á Grími, kærastinn dregur hana frá listaverkefni inn í stórt rými á jarðhæðinni þar sem Grímur byrjar að spila.

„Svo talar hann auðvitað bara frönsku, tungumál ástarinnar, og ég skil ekkert hvað hann er að segja. Hann valdi lagið Í draumaheimi til að spila undir bónorðinu. Svo fer hann niður á hnén og hún fer að gráta. Þau halda áfram að tala og svo er eins og hann biðji hana aftur um svar. Sem betur fer náði ég

**SVO FER HANN NIÐUR Á HNÉN OG HÚN FER AÐ GRÁTA. ÞAU HALDA ÁFRAM AÐ TALA OG SVO ER EINS OG HANN BIÐJI HANA AFTUR UM SVAR.**

að greina orðaskil, að hún sagði „Oui, oui, oui,“ eða já á frönsku.“

Vinir parsins voru með á svæðinu en þau voru ekki einu gestirnir á þessum sérstöku tónleikum.

„Þarna á jarðhæðinni var stærðarinnar gluggi. Fyrir framan hann stóðu sjö rollur og fylgdust spenntar með öllu.“

Aðspurður hvort þetta væru eftirminnlegustu tónleikar sem hann hefði spilað á stendur ekki á svári.

„Örugglega í topp tuttugu að minnsta kosti.“

Lagið *Close Enough* er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum og tónleikarnir á Vínlyl Bistro hefjast klukkan 20.00 í kvöld. [steingerdur@frettabladid.is](mailto:steingerdur@frettabladid.is)



Grímur segir það hafa hjálpað mikið að hafa flutt til Danmerkur, þá hafi hann haft meira þor til að spila opinberlega enda þekkt fáa þar. [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

# NOTALEGT Í HÖLLINNI

VALDIR HÆGINDASTÓLAR OG  
SJÓNVARPSSÓFAR Á TILBOÐI  
FRÁ FIMMTUDEGI TIL MÁNUDAGS



IDdesign



**20%**  
AFSLÁTTUR

## ALBA

Hægindastóll með eða án skemils. Svart, ljósgrátt eða brúnt leður. Blátt, ljós- eða dökkgrátt áklæði. Þægilegur og stílhreinn hægindastóll á góðu verði.

Stóll í áklæði

**55.992 kr.** ~~-69.990 kr.~~

Skemill í áklæði

**11.992 kr.** ~~-14.990 kr.~~

Stóll og skemill í áklæði

**67.984 kr.** ~~-84.980 kr.~~

Stóll í leðri

**79.992 kr.** ~~-99.990 kr.~~


Skemill í leðri

**19.992 kr.** ~~-24.990 kr.~~

Stóll og skemill í leðri

**99.984 kr.** ~~-124.980 kr.~~

Litir í áklæði



Litir í leðri



## ATLANTA

2ja og 3ja sæta rafknúnir sjónvarpssófar og hægindastóll. Svart, dökkbrúnt eða dökkgrátt leður.

**NÝTT**  
Í HÖLLINNI

3ja sæta sófi:  
198 x 96 x 98 cm

**199.992 kr.**

~~-249.990 kr.~~



2ja sæta sófi: 147 x 96 x 98 cm

**159.992 kr.** ~~-199.990 kr.~~

Hægindastóll

**103.992 kr.** ~~-129.990 kr.~~



**50%**  
AFSLÁTTUR

## CALAIS

Hægindastóll með skemli. Blátt eða dökkbrúnt áklæði. Og einnig svart eða brúnt PVC leður.

Calais í áklæði

**49.950 kr.** ~~-99.990 kr.~~

Calais í PVC leðri

**64.950 kr.** ~~-129.990 kr.~~

LA Z BOY | Live Life Comfortably



**20%**  
AFSLÁTTUR

## PINNACLE

La-Z-Boy hægindastóll. Vínrautt, svart, hvítt, ljósbrúnt eða dökkbrúnt leður.

Stærð: 84 x 97 x 107 cm

**143.992 kr.** ~~-179.990 kr.~~

LA Z BOY | Live Life Comfortably



**20%**  
AFSLÁTTUR

## JAY

La-z-boy hægindastóll. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.

Stærð: 97 x 94 x 107 cm

**87.992 kr.** ~~-109.990 kr.~~

**20%**  
KYNNINGARAFSL.

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir frá 22. til 26. ágúst 2019 eða á meðan birgðir endast.



**HÚSGAGNA  
HÖLLIN**

**AFFARI** er nýtt og spennandi vörumerki í ilmkerfum, kerta-  
stjökum, púðum, teppum og fleiri smávörum í **DORMA**.



**AFFARI**  
**20%**  
KYNNINGAR  
AFSLÁTTUR



**AFFARI**

Ro ilmkerfi.  
Nokkrir ilmir.

Fullt verð: 2.990 kr.

Kynningarverð  
aðeins **2.392 kr.**



**AFFARI**

Aroma ilmkerfi.  
Nokkrir ilmir.

Fullt verð: 3.990 kr.

Kynningarverð  
aðeins **3.192 kr.**

**AFFARI**

Lido stigi.  
40 x 150 cm.

Fullt verð:  
21.990 kr.

Kynningarverð  
aðeins **17.592 kr.**



**AFFARI**

Thomas sófaborð með  
spjgilplötu og  
svartri grind  
b: 63 cm  
H: 45 cm

Fullt verð: 23.990 kr.

Kynningarverð  
aðeins **19.192 kr.**



**AFFARI**

Aroma ilmkerfi.  
Nokkrir ilmir.

Fullt verð: 3.590 kr.

Kynningarverð  
aðeins **2.872 kr.**



**AFFARI**

Kertastjakar  
Verð frá: 1.790

Kynningarverð  
frá **1.432 kr.**

**AFFARI**

Fernando bómullargólfteppi 130 x 160 cm.



Fullt verð: 13.990 kr. Kynningarverð **11.192 kr.**

VIKUTILBOÐ  
**25%**  
AFSLÁTTUR



- Pokagormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Bómullaráklæði
- Steyptur svampur í köntum



**SPRING AIR BEVERLY**

heilsurúm 140, 160 og 180 x 200 cm

Stærð 140 x 200 cm

Fullt verð 149.900 kr.

Stærð 160 x 200 cm

Fullt verð 174.900 kr.

Stærð 180 x 200 cm

Fullt verð 189.900 kr.

**112.425 kr. 131.175 kr. 142.069 kr.**

VIKUTILBOÐ  
**25%**  
AFSLÁTTUR



- Fimm svæðaskipt pokagormakerfi
- Tvöfalt gormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Silkiblandað bómullaráklæði
- Steyptur svampur í köntum



**SPRING AIR REGENCY**

heilsurúm 160 og 180 x 200 cm

Stærð 160 x 200 cm

Fullt verð 224.900 kr.

Stærð 180 x 200 cm

Fullt verð 249.900 kr.

**Aðeins 168.675 kr. 187.425 kr.**

Afgreiðslutími Rvk  
Mán. til fös. kl. 11-18.30  
Laugardaga kl. 11-17  
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

Holtagörðum, Reykjavík  
512 6800  
Smáratorgi, Kópavogi  
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri  
558 1100  
Skeiði 1, Ísafirði  
456 4566

OPÍÐ Á  
SUNNUDÖGUM Í  
DORMA SMÁRATORGI

# DORMA

Láttu drauminn rætast

# Vikutilboð

## GILDA FRÁ 22. TIL 28. ÁGÚST



www.dorma.is

VEFVERSLUN

**ALLTAF  
OPIN**



## JAZZ RÚMSTÆÐI MEÐ GAFLI OG GEYMSLU

160 eða 180 x 200 cm rúmstæði ásamt gafli og með geymslu í botni. Dýnur seldar sér. Grátt, áferðarfallett áklæði á botni og gafli. Krómfætur.

Fullt verð 160 x 200 cm án dýnu 129.900 kr.

**Aðeins 97.425 kr.**

Fullt verð 180 x 200 cm án dýnu 144.900 kr.

**Aðeins 108.675 kr.**

VIKUTILBOÐ

**25%**

AFSLÁTTUR



Geymsla  
í botni



## Perfect T stillanlegur botn

VIKUTILBOÐ

**25%**

AFSLÁTTUR

Perfect-T fæst  
í eftirfarandi  
stærðum:


80 x 200 cm

90 x 200 cm

90 x 210 cm

100 x 200 cm

120 x 200 cm



HLIÐAR-  
STOPPARAR



ENDA-  
STOPPARAR



USB-  
TENGI



PRÁÐLAUS  
FJARSTÝRING

### Fyrir þínar bestu stundir!

- ❖ Sérlega vandaður, stillanlegur botn sem fullkomnar slökun þína á meðan þú sefur.
- ❖ Á þráðlausri fjarstýringu getur þú fest bestu stellingu þína í minni. Það tryggir hámarks þægindi og skilar dýpri og betri svefni.
- ❖ Botninn dregst að vegg þegar honum er lyft svo höfuðsvæði helst á sama stað. Þú ert því áfram við hlið náttborðsins, lampans og/eða rekkjunautarins þótt botnar ykkar séu í ólíkri stöðu. Hægt er að stilla botn á marga mismunandi vegu eftir því hvað hentar hverju sinni. Öflug lyfting er undir baki sem skilar stuðningi í sitjandi stöðu.
- ❖ Á fjarstýringu er hnappur sem nefnist Gravity Zero (þyngdarleysi), en hann kemur rúminu í stellingu sem tryggir líkamanum lágmarks áreynslu.
- ❖ Kæfisvefn og hrotur hafa reynst mörgum stórt vandamál. Sérlega vinsæl stelling á fjarstýringu kemur þér í þá stellingu sem reynst hefur hjálpa hvað mest í þeirri baráttu.
- ❖ Enda- og hliðastopparar sjá til þessa að dýnurnar hreyfast sem minnst. USB tengi er á hlið botnsins.



Verðdæmi á Perfect T 90 x 200 cm  
stillanlegum botni (dýna seld sér):

Fullt verð: 179.000

**Aðeins  
134.250 kr.**

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni  
eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Tilboðin gilda til 28. ágúst 2019  
eða á meðan birgðir endast.

# DORMA

Láttu drauminn rætast





## BAKÞANKAR

Kolbeins Marteinssonar



## Rjómagul strætóskýli

Vinnuskóli Kópavogs var fyrsta launaða vinnan mín. Þar var mér fljótt úthlutað krefjandi verkefni við málingarvinnu. Ákveðið hafði verið að mála dökkgræn strætóskýli bæjarins rjómagul. Mér var því ekið á verkstað ásamt Sævari félagamínunum með pensla og lakk. Þetta gekk frekar hægt hjá okkur og eftir 2-3 daga puð kom flokksstjóri okkar nöldrandi og sagði þetta ganga hægar en hjá öðrum. Að mála með lakkmalningu er erfiðisvinna og þolinmæðisverk. Lakkið er seigt og þykkt og dreifa þarf úr því með mörgum löngum strokum.

Eftir fyrstu vinnuvikuna náðum við þó að mála strætóskýlið að innan. En þá var ytra byrðið eftir. Þá fengum við góða hugmynd. Í stað hefðbundinna og seinlegra vinnubragða varð úr að annar okkar klifraði upp á skýlið og hellti lakkinu niður þannig að það rann niður eftir þaki og hliðum. Síðan reyndum við að dreifa úr seigu lakkinu með penslum og þekja sem mest. Verkið gekk mun hraðar með þessu móti og fljótlega var hálf skýlið þakið hnausþykku gulu lagi. Verra var þó að lakkið kláraðist mun fyrr með þessu móti. Þegar flokksstjóri kom svo við, hrósaði hann okkur fyrir aukin afköst en brýndi fyrir okkur að dreifa betur úr lakkinu og lét okkur fá meira lakk. Með sömu tækni var skýlið fullmálað á einum degi.

Við dagslok kom svo flokksstjórinn og hóf mikinn reiðilestur. Okkur var nokkuð brugðið enda búist við hrósi fyrir dugnað. Einhver smásálin hafði þá hringt í bæjar- skrifstofur með lýsingum á nýstárlegri vinnutækni okkar. Vinnuskólinn kenndi mér kannski ekki að vinna, en hann kenndi mér þó eitt. Þegar maður lakkar skal setja lítið efni á pensilinn og dreifa úr því með mörgum löngum strokum.

Mikið úrval af flísum og parketi á markaðsdögum komdu og gramsaðu!

-40%

Krono Original High Quality

### Markaðsdagatilboð

Flaxen eik

harðparket, 192x1285mm, 8mm þykkt.

**1.500kr/m<sup>2</sup>**

0113483

Almennt verð: 2.497kr/m<sup>2</sup>

# MARKAÐS-DAGAR

Komdu og gramsaðu!

Gerðu frábær kaup!

Birt með fyrirvara um prentviltur og/eba myndabrengl. Tilboð gjalda á meðan birgðir endast.

### Markaðsdagatilboð

Blómakassi

Lítill 28x43x50cm.

**4.000**

-33%

0291460

Almennt verð: 5.995



### Markaðsdagatilboð

Bensínsláttuorf

TRIMMAC, 0,6 kW, tvígengis mótur, sláttubreidd 42 cm.


**16.000**

-38%

53322848

Almennt verð: 25.995

ÞÚ SPARAR: **9.995**



### Markaðsdagatilboð

Eurosmart Cosmopolitan

Handlaugartæki, svart matt.

**13.000**

15323325KW

Almennt verð: 24.995

ÞÚ SPARAR: **11.995**



### Markaðsdagatilboð

Háprýstidæla

Aquatak 150 bör.

**63.000**

74810250

Almennt verð: 78.745

ÞÚ SPARAR: **15.745**

-20%



**BOSCH**



### Markaðsdagatilboð

Rafhlöðuborvélasett

2 rafhlöður, hleðslutæki og bitasett.

**35.000**

-22%

7133004297

Almennt verð: 44.995

ÞÚ SPARAR: **9.995**

**RYOBI**



### Markaðsdagatilboð

Sláttuvél

GC-PM 46/3. 46 cm sláttubreidd og 55 lítra safnpoki.

**48.000**

748300653

Almennt verð: 69.995

ÞÚ SPARAR: **21.995**



### Markaðsdagatilboð

Ferðagasgrill

TRAVELQ Pro 285X, heildargrillflötur er 54x37cm, grillgrindur úr pottjárn.

**48.000**

506600020

Almennt verð: 69.995

-31%

ÞÚ SPARAR: **21.995**



Mikið úrval af inni- og útiljósum á markaðsdögum komdu og gramsaðu!

**BYKO**

GERUM PETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is

Verð áður: 1.990

**990** KR/KG

**GOTTÍRÍ**

**Kvikk** ON THE GO

**FYRIR SVANGA FERÐALANGA**

PANINI OG GOS\* COMBO VERÐ: **499** KR

\*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

**Kvikk** ON THE GO